SIGRÍÐUR STEPHENSEN

Safnaði efni á hátíð heimstónlistar í Sevilla

• á ferðinni • jólin koma

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

ANDRI FREYR VIÐARSSON

Rekinn fjórðu jólin í röð

Brottreksturinn boðar komu jólanna.

FÓLK 30

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

26. nóvember 2008 — 324. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Sláandi líkur James Taylor

Stefán Hilmarsson fer ekki í felur með aðdáun sína á umslagi jólaplötu James Taylor.

FÓLK 30

Ólafía sýnir boli sína

Jónína Ben meðal sýningarstúlkna í Kassanum á fimmtudagskvöld.

FÓLK 30

Menningarstund í Salnum

Félag eldri borgara í Kópavogi heldur upp á 20 ára afmæli í dag.

TÍMAMÓT 18

Á sigurbraut

William Gallas sneri aftur í lið Arsenal og liðið komst áfram í Meistaradeildinni.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG

HÆGUR Í dag verður hæg norðlæg átt. Stöku él norðanlands og hætt við snjómuggu allra syðst. Frost víðast 0-8 stig, kaldast til landsins nyrðra. Hvessir með snjókomu norðanlands í kvöld og nótt.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Á SJÚKRABÖRUM FYRIR UTAN HLEMM Hinn slasaði lenti í átökum á Hlemmi sem lauk með því að hann var stunginn nokkrum sinnum með hnífi. Hann kom sér sjálfur af Hlemmi og inn á lögreglustöðina við Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maður fluttur á gjörgæslu:

Stunginn með hnífi á Hlemmi

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á miðjum aldri var fluttur í lífshættu á slysadeild eftir að hann var stunginn með hnífi á Hlemmi laust fyrir klukkan hálf sjö í gærkvöldi.

Maðurinn komst sjálfur af Hlemmi yfir á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem hann gerði vart við sig. Lögreglan kallaði til sjúkrabíl sem flutti manninn á slysadeild Landspítalans. Maðurinn var særður nokkrum sárum, meðal annars á brjóstholi. Hann var á gjörgæsludeild í nótt. Meintur gerandi, rúmlega tvítugur karlmaður, var handtekinn skömmu síðar.

Aðdragandi árásarinnar er óljós en lögreglan ræddi við fjölda vitna að árásinni í gær. Málið er í rannsókn.

- ovd

Samtök vinnumarkaðar ræða samstarf

Öll stærstu samtök vinnumarkaðarins funda á morgun um sameiginlega lausn í kjaramálum til næstu ára. Gæti orðið mikilvægt hreyfiafl í kreppunni.

EFNAHAGSMÁL Stærstu samtök vinnumarkaðarins funda á morgun um sameiginlega lausn í kjaramálum til næstu missera. Miklar vonir eru bundnar við að samráð á breiðum grunni verði mikilvægt innlegg til lausnar þess mikla vanda sem íslenskt samfélag á við að eiga.

Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að breiðfylking Alþýðusambandsins, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandsins og Bandalags háskólamanna geti orðið „mikilvægt hreyfiafl á næstu mánuðum“. Fundurinn á morgun sé fyrsta skrefið til að stilla saman strengi og síðan verður rætt við hið opinbera. Gerð er sú krafa að yfirstandandi kjarasamningar verði til lykta leiddir á sambærilegum nótum og var gert hjá öðrum fyrr á árinu. Á það aðallega við samninga á milli sveitarfélaga og viðsemjenda þeirra.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur afar mikilvægt að samtökin hafi ákveðið að freista þess að stilla saman strengi. „Verkefnið er að finna leið sem getur orðið launafólki og þjóðinni allri til heilla,“ segir Gylfi. Þór Sigfússon, formaður SA, segir mikilvægt að breiðari samstöðu verði náð á þessum vettvangi. „Það er partur af þeirri viðspyrnu sem við þurfum til að koma efnahagslífinu á fullan skrið á næstu tveim árum.“

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir mörg spurningarmerki um hvert stefni í samfélaginu. „Horft verður til áforma stjórnvalda hvað varðar samfélagsþjónustu, skatta- og millifærslukerfið, atvinnustigið og velferðarkerfið í heild. Allt hefur þetta áhrif á kjör fólks.“

- shá / sjá síðu 6

Tugþúsundir biðu til einskis:

Ekkert lengur til skiptanna

VIÐSKIPTI Fjárfestingafélagið Gift skuldar á annan tug milljarða króna umfram eignir. Skilanefnd Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, sem Gift er stofnað úr, hefur skilað umboði sínu og kallað fulltrúaráð félagsins á fund. Þetta gerði nefndin eftir að hún frétti um slæma stöðu, eftir því sem næst verður komst. Þetta hefur ekki fengist staðfest.

Um 55 þúsund manns hafa búist við hlut í Gift frá því í fyrrasumar. Samvinnusjóðurinn átti um 40 prósent. Aðrir minna.

Eigið fé Giftar var 30 milljarðar króna í fyrrasumar. Félagið mun hafa tapað á fimmta tug milljarða á Kaupþingi og Exista.

- ikh

Endurskoðendur í risavöxnu verkefni við skoðun á viðskiptum innan bankanna:

Þúsundir manna í rannsókn

BANKAHRUNIÐ Til hliðar við skilanefndir bankanna voru í fyrstu vikunni eftir hrunið skipuð sérstök teymi endurskoðenda til að rannsaka viðskipti inni í bönkunum.

„Teymin fengu umboð til að skoða allt sem tengist starfsmönnum, fyrrverandi eigendum, stjórnarmönnum og innherjum. Þetta varð mjög stórt mengi þegar búið var að skilgreina alla þá sem gætu hafa verið með einhverja óeðlilega aðkomu að hlutum. Það er verið að skoða alla fleti,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

„Upphaflega héldu menn að hægt væri að ljúka þessu á þremur vikum eða einum mánuði en svo sögðu þeir að ekki væri nóg að skoða aðeins þá sem lagt var upp með heldur þyrfti líka að athuga ættingja og aðra tengda aðila. Á endanum voru þúsundir einstaklinga komnar til skoðunar. Þetta er ekki síður gert starfsmannanna vegna svo þeir þurfi ekki að liggja undir óréttmætum grun,“ útskýrir Árni.

Að sögn Árna reyna endurskoðendateymin að rannsaka allar leiðir sem hugsanlegt sé að menn hafi notað við eitthvað misjafnt innan bankanna. Gríðarlegt magn af ýmsum skilgreiningum og upplýsingum aftur í tímann sé samkeyrt í tölvuforritum.

„Ég tek það fram að við höfum engar vísbendingar um eitthvað óeðlilegt,“ ítrekar Árni.

- gar

HÖFUNDAR KREPPUSPILSINS Fólki gefst kostur á að hjálpa til við semja spjöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kreppuspilið í ár:

Endurspeglar þjóðarsálina

FÓLK Valur Þór Gunnarsson missti vinnuna um síðustu mánaðamót. Í stað þess að leggjast í þunglyndi ákvað hann að finna sér eitthvað að gera. Niðurstaðan varð Kreppuspilið sem kemur út fyrir jólin.

Þetta borðspil verður allt hið kreppulegasta, selt ódýrt og framleitt á Íslandi. Almenningur getur nú hjálpað til við að semja spjöldin sem fylgja spilinu á Netinu.

- drg / sjá síðu 22

SPURNING DAGSINS

Rúnar, varstu að syngja til félagsmálaráðherra?

„Hún var mér nú ekki efst í huga, ég verð að viðurkenna það.“

Söngvarinn Rúnar F. Rúnarsson söng lagið Joanna eftir Kim Larsen í danska raunveruleikaþættinum All Stars og vann sér inn sæti í úrslitaþættinum á föstudagskvöldið. Jóhanna Sigurðardóttir er félagsmálaráðherra.

Tryggingafélag tekur ekki við vottorði um að kona beri ekki arfgengan sjúkdóm:

Synjað um líftryggingu vegna heilablæðingar móður

TRYGGINGAR Líftryggingamiðstöðin hf. neitar að taka við niðurstöðu erfðarannsóknar sem sýnir að kona sem vildi kaupa líftryggingu hjá félaginu er ekki haldin arfgengri heilablæðingu.

Konan sótti um líf- og sjúkdómatryggingu hjá Líftryggingamiðstöðinni en var synjað þar sem móðir hennar hafði látist úr arfgengri heilablæðingu. Konan vildi þá leggja fram vottorð frá Landspítalanum um niðurstöður erfðarannsóknar sem sýna að hún ber ekki genið sem veldur sjúkdóminum. Líftryggingamiðstöðin kveður sér hins vegar ekki heimilt að taka við upplýsingunum. Félagið vitnar til lagaákvæðis sem bannar tryggingafélögum að taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðarannsóknir á einstaklingi sem geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm.

Konan skaut málinu til Persónuverndar. Hún segir skjóta skökku við að tryggingafélög megi taka við erfðaupplýsingum ef þær bendi til tiltekinna sjúkdóma hjá viðkomandi einstaklingi en taka svo ekki við slíkum upplýsingum þegar þær bendi til hins gagnstæða; að viðkomandi sé ekki haldinn umræddum sjúkdómum.

Persónuvernd segist ekki geta kveðið upp endanlegan úrskurð heldur sé það á valdi Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Persónuvernd bendir þó á að í lögum sé ekki vikið sérstaklega að heimild tryggingafélags til viðtöku upplýsinga sem viðskiptavinur veitir að eigin frumkvæði og eru um að erfðarannsókn hafi staðfest að hann sé ekki haldinn tilteknum sjúkdómi. Þá sé bann í lögum við því að tryggingafélag notist við slíkar upplýsingar ekki algilt. - gar

LÍFTRYGGINGAMIÐSTÖÐIN Félagið segir lög banna því að taka við erfðaupplýsingum sem sanni að viðskiptavinir séu ekki með arfgenga sjúkdóma.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Brynar Níelsson lögmaður:

Löggjafinn fari ekki á taugum

MANNRÉTTINDI „Ástand það sem nú er hér á landi réttlætir ekki að grunnréttindum einstaklinga verði fórnað vegna almennrar reiði í samfélaginu,“ skrifar Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður í grein í Fréttablaðinu í dag.

BRYNJAR NÍELSSON

Brynjar segir að með setningu neyðarlaganna í upphafi fjármálakreppunnar hafi heföbundnar leikreglur réttarríkisins verið teknar úr sambandi. Það hafi ef til vill verið misráðið. Hann varar stjórnvöld við að fara á taugum og setja vanhugsaða löggjöf sem kippi úr sambandi grundvallarreglum réttarríkisins. Nú þegar séu komnar á kreik hugmyndir sem stangist á við réttarríkið. - bs / sjá síðu 16

Ársreikningaskrá og ný lög:

Fyrirtæki sektuð í fyrsta sinn

VIÐSKIPTI Sektir vegna vanskila fyrirtækja á ársreikningum gætu numið allt að hálfum milljarði króna. Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra beitir nú í fyrsta sinn sektarákvæðum eftir að ný reglugerð um skil árs- og samstæðureikninga tók gildi í sumar.

Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður Ársreikningaskrár, segir endanlegar tölur þó ekki liggja fyrir. Vanskilafyrirtækjum var í byrjun ársins bent á að í nýjum lögum væru sektarákvæði og bárust í kjölfarið um fjögur þúsund ársreikningar. Í sumar voru samt yfir tvö þúsund fyrirtæki enn í vanskilum vegna ársins 2006. - óká / sjá Markaðinn

Kröfu lögreglu um varðhald hafnað

Dómara þótti ekki nægjanlega sýnt fram á grun um refsiverð brot til að úrskurða forstöðumann verðbréfamiðlunar hjá Virðingu í gæsluvarðhald. Öðrum manni sem sat í varðhaldi vegna málsins var sleppt eftir yfirheyrslur í gær.

LÖGREGLUMÁL Tveimur mönnum sem grunaðir eru um stórfelld auðgunarbrot og peningaþvætti var sleppt úr haldi í gær. Dómari hafnaði gæsluvarðhaldskröfu yfir öðrum, og þótti lögreglu þá ekki ástæða til að halda hinum lengur í varðhaldi.

Farið var fram á gæsluvarðhald fram á föstudag yfir Friðjóni Þórðarsyni, sem gegnt hefur starfi forstöðumanns verðbréfamiðlunar hjá verðbréfafyrirtækinu Virðingu. Tekið skal fram að Virðing er ekki til rannsóknar í málinu.

Björn Þorvaldsson, aðstoðarsaksóknari hjá Ríkislögreglustjóra, segir að farið hafi verið fram á að Friðjón yrði í gæsluvarðhaldi fram á föstudag, til að koma í veg fyrir að hann torveldaði rannsókn málsins. Dómari hafi hins vegar ekki fallist á kröfuna, þar sem ekki hafi verið nægjanlega sýnt fram á grun um refsiverð brot.

„Við teljum að þetta geti torveldað rannsókn málsins, en við það verður að sitja,“ segir Björn.

Tveir menn voru handteknir vegna málsins síðastliðinn föstudag, eins og greint var frá í Fréttablaðinu. Öðrum mannanna var sleppt samdægurs, en hinn úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag. Friðjón var ekki á landinu á föstudag, en var handtekinn við komuna til landsins.

Björn segir að sá maður hafi verið yfirheyrður fram eftir degi í gær, en látinn laus að yfirheyrslum loknum. Ekki hafi verið talið að það þjónaði tilgangi að hafa manninn í varðhaldi eftir að héraðsdómur hafnaði varðhaldskröfu vegna Friðjóns. Engum tilgangi þjónar að kæra niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar, segir Björn. Slíkt taki að jafnaði tvo sólarhringa, og á meðan gangi hinn grunaði laus. Sá skaði sem verið sé að reyna að forðast sé þá þegar orðinn þegar Hæstiréttur komist að niðurstöðu.

Björn segir rannsóknina halda áfram, en hún muni fyrirsjáanlega taka nokkurn tíma. Ómögulegt væri að segja hvort það muni hafa áhrif á rannsóknina að dómari hafi hafnað kröfu lögreglu.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru mennirnir grunaðir um stórfelld auðgunarbrot og peningaþvætti. Friðjón er grunaður um að hafa nýtt sér upplýsingar sem hann bjó yfir vegna stöðu sinnar til að versla með gjaldeyri, og komið meintum hagnaði undan í vitorði við samverkamann. Hann er einnig grunaður um að hafa millifært háar fjárhæðir af reikningum Virðingar, á persónulega bankareikninga samverkamannsins.

brjann@frettabladid.is

GJALDEYRIR Grunur leikur á að forstöðumaður verðbréfamiðlunar hjá Virðingu hafi nýtt sér upplýsingar sem hann bjó yfir til að versla með gjaldeyri, og koma meintum hagnaði undan í vitorði við annan mann. Fyrirtækið Virðing er ekki til rannsóknar í málinu.
NORDICPHOTOS/GETTY

Leynd hjá Fjármálaeftirlitinu:

Óljós rannsókn loftbólufélaga

BANKAHRUNIÐ Ekki er unnt að fá upplýst hjá Fjármálaeftirlitinu hvort rannsókn standi yfir á því hvort viðskiptabankarnir hafi með óeðlilegum hætti haldið uppi gengi hlutabréfa í bönkunum.

„Fimmta nóvember birtum við á heimasíðu okkar upplýsingar um að við værum að vinna að rannsóknum sem tengdust viðskiptum í aðdraganda að falli bankanna. Það er ýmislegt sem við erum að kanna þar,“ segir Úrsúla Ingvarsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Fjármálaeftirlitinu. Að sögn Úrsúlu tjáir Fjármálaeftirlitið sig almennt ekki um mál sem séu til skoðunar. Niðurstöður séu hins vegar birtar í samræmi við gagnsæisstefnu eftirlitsins.

- gar

Íslandsför Eidesgaards:

Drykkjuskapur ræddur á þingi

FÆREYJAR Íslandsheimsókn færeysku ráðherranna, þeirra Jørgens Niclasen utanríkisráðherra og Jóhannesar Eidesgaard fjármálaráðherra, í síðustu viku hefur dregið dilk á eftir sér í Færeyjum.

Í færeyskum fjölmiðlum var fullyrt, og vísað þar í íslenska heimildarmenn, að Eidesgaard hefði verið áberandi drukkinn í matarboði með íslenskum ráðherrum. Það hafi verið „pínlegt“, eins og færeyska dagblaðið Dimmalætting segir.

Málið verður tekið upp á færeyska lögþinginu í dag, og hefur einn þingmanna spurt hvort það sé ásættanlegt að færeyskur ráðherra sé áberandi ölvaður þegar hann er í erindagjörðum erlendis í umboði Færeyja. - gb



Bankarnir vísa til bankaleyndar og óttast að þungar refsingar blasi við bankafólki:

Áfram óvissa um eigendalán

VIÐSKIPTI „[B]ankinn [mun] synja um afhendingu gagna nema samkvæmt dómi Hæstaréttar og eftir atvikum niðurstöðu Evrópudómstólsins,“ segir í svari Kaupþings við beiðni Markaðarins um gögn úr bankanum.

Bönkunum þremur, Fjármálaeftirliti, viðskiptaráðherra og seðlabankastjóra var skrifað og óskað eftir gögnum eða vitneskju um útlán bankanna.

Bankarnir segi að upplýsingar verði ekki látnar af hendi. Landsbankinn og Glitnir bíða tilmæla Alþingis. Kaupþing segir hæpið að lagasetning „geti með afturvirkum hætti tekið til lánveitinga sem áttu sér stað fyrir gildistöku slíkra laga“. Svo er rifjað upp að tveggja ára fangelsi geti varðað við brotum á bankaleynd.

Fjármálaeftirlitið segir sér ekki stætt á að veita aðgang að lánabókum banka og vísar til laga um fjármálafyrirtæki auk þess sem eftirlitið og starfsmenn þess séu háðir þagnarskyldu.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur sagt að bankaleynd eigi ekki við um aðdraganda bankahrunsins. Undir það taka dómsmálaráðherra og formaður viðskiptanefndar Alþingis.

- ikh / sjá Markaðinn

RÍKISBANKARNIR Neita að veita upplýsingar til fjölmiðla.
SAMSETT MYND

Gengi evru er 119 kr. hjá okkur *
Gerðu verðsamanburð !!

Chevrolet Captiva
7 manna sjálfskiptur sportjeppi

VERÐ 4.782.000,-

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ
www.benni.is

Hluti af staðalbúnað:

- **DCS -** Eykur öryggi niður brekkur
- **Tölvustýrð miðstöð og loftkæling**
- **ESP -** Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- **Hraðastillir** (Cruise control) Stjórnað í stýri
- **Kæling í hanskahólfi**
- **Tenging fyrir MP3 spilara**
- **Bakkskynjari**
- **ARP -** Veltivörn
- **Tölvustýrð spólvörn**
- **Aksturstölva**
- **Sjálfvirkur birtustillir**
- **Fjöldiskaspilari**
- **18" Álfelgur**
- **LRS -** Heldur hæð við hleðslu
- **TOD -** Sjálfvirk drifstýring
- **Áttaviti og útihitamælir**
- **ISOFIX -** festing fyir barnastól
- **Og margt fleira....**

Til samanburðar við samkeppnisaðila

Samkvæmt verði frá sölumönnum umboða 19.11.2008

OPIÐ Í DAG
Líttu við í kaffi og piparkökur

Huyndai Santa Fe dísel 5 manna
Verð kr. 6.720.000,-

Nissan X-Trail dísel 5 manna
Verð kr. 5.750.000,-

Volkswagen Tiguan dísel 5 manna
Verð kr. 5.730.000,-

* Eigum nokkra Chevrolet bíla tollafgreidda á gengi EUR 119

Bílahúð Benna
www.benni.is
Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

Egilsstaðir	Akureyri	Reykjanesbær
Bílasala Austurlands	Bílasalan ÓS	Bílahornið hjá Sissa
Fagradalsbraut 21-23	Njarðarnesi 1	Brekkustíg 38
Sími 471 3005	Sími 462 1430	Sími 420 3300

CAPTIVA er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

Chevrolet gæði
frábært verð.

CHEVROLET

GENGIÐ 25.11.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	139,8	140,46
Sterlingspund	210,86	211,88
Evra	179,5	180,5
Dönsk króna	24,082	24,222
Norsk króna	19,879	19,997
Sænsk króna	17,355	17,457
Japanskt jen	1,4578	1,4664
SDR	207,73	208,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
239,6188

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármögnunarfyrirtæki segjast bíða í lengstu lög með að ganga að veðum:

Fleiri missa bíla vegna erfiðleika

EFNAHAGSMÁL Nokkur aukning hefur verið í fjölda bíla sem fjármögnunarfyrirtæki leysa til sín vegna greiðsluerfiðleika kaupenda. Forsvarsmenn fyrtækjanna segjast frekar vilja lækka greiðslubyrði eða gengisfrysta lánin en ganga að veðum.

„Aukningin hefur ekki verið eins mikil og fólk virðist halda," segir Halldór Jörgenson, forstjóri Lýsingar. Hann segir að útflutningur bíla sé engin töfralausn, þó hann geti hugsanlega aukið sölumöguleika þeirra sem geti staðið í skilum en vilji losna við bílana. Þeir sem skuldi meira en andvirði bílsins sitji eftir með mismuninn, alveg eins og þeir sem eigi meira í bílnum en þeir skulda fái mismuninn greiddan.

BÍLALÁN Þeir sem helst lenda í erfiðleikum eru þeir sem bæði eru með bílalán og húsnæðislán í erlendri mynt, segja forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækja.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við reynum allt annað en að taka bílana," segir Kjartan Georg Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP fjármögnunar. Hann segir þúsundir viðskiptavina, sem leitað hafi til fyrirtæksins, hafa fengið gengisfrystingu á lánum sínum í allt að fjóra mánuði, án viðbótarkostnaðar.

Kjartan segir ástandið ekki enn orðið slæmt, búast megi við því að það versni til muna þegar uppsagnarfrestur fólks sem sagt hefur verið upp renni út. Erfiðleikarnir séu meiri hjá fólki sem sé einnig með erlend lán á húsnæði. Auðveldara sé að þola það að bílalán fari úr 30 þúsundum í 50 þúsund á mánuði, en að húsnæðislán hækki í svipuðu hlutfalli. - bj

Rannsókn á vegum Alþingis:

Frumvarp fyrir þingflokka í dag

STJÓRNMÁL Reiknað er með að frumvarp allra flokka á Alþingi um rannsókn á vegum þingsins á orsökum og afleiðingum bankahrunsins verði kynnt í þingflokkum í dag.

Smíði frumvarpsins hófst fyrir þremur vikum undir forystu þingforseta. Nokkrir fundir hafa verið haldnir um málið, síðast í fyrradag.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður frumvarpið í tarlegt að vöxtum enda talið mikilvægt að mæla skýrt fyrir um víðtækar heimildir rannsakenda. Meðal annars á að víkja til hliðar lögum um bankaleynd. - bþs

Grænlendingar kusu:

Sjálfstjórn líklega samþykkt

GRÆNLAND, AP Fullvíst þótti að Grænlendingar myndu með yfirgnæfandi meirihluta samþykkja ný sjálfstjórnarlög í gær, sem veita þeim aukna sjálfstjórn gagnvart Danmörku.

Sjálfstjórnarlögin eru byggð á samkomulagi við Dani, og eiga að taka gildi um mitt næsta ár. Gert er ráð fyrir að Grænland geti orðið sjálfstætt ríki ef tekjur af olíuauðlindum verða á komandi árum helmingi meiri en sem nemur fjárframlagi danska ríkisins.

Úrslit kosninganna voru ekki komin í ljós þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. - gb

Verðbólgan hæst næsta ár:

Líkur á miklum verðhækkunum

EFNAHAGSMÁL Greiningardeild Glitnis spáir 17,5 prósenta verðbólgu í mánuðinum. Hagstofan birtir verðbólgutölur mánaðarins fyrir hádegi í dag. Greiningardeildin segir í Morgunkorni sínu líkur á að vísitala neysluverðs hækki um 2,1 prósent frá síðasta mánuði. Deildin bendir á að verðbólgan sé knúin áfram af verulegri verðhækkun á mat, drykk, fatnaði og húsbúnaði, liðum sem séu mjög háðir gengisþróun og verði hæst í byrjun næsta árs þegar áhrif gengishrapsins verði að fullu komin fram. Fyrri spá hljóðaði upp á 2,3 prósenta hækkun. Á móti lækkaði eldsneytisverð umfram spá og skýrir mismun frá fyrri spá Glitnis. - jab

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með kaupmáttarýrnun Íslendinga undanfarið ár í Fréttablaðinu í gær. Rétt er að kaupmáttur hefur rýrnað um sex prósent.

Samningar banka eru óriftanlegir

Hætta er á að ekki verði hægt að rifta samningum sem gerðir voru hjá bönkunum í vor þar sem frestdagur var ekki skilgreindur þegar „neyðarlögin" voru sett. Prófessor sér ástæðu til að minna á að stjórnarskráin er enn í fullu gildi.

STJÓRNSÝSLA Hætta er á að allir riftanlegir gjörningar, sem gerðir voru í bönkunum á sex vikna tímabili frá 6. apríl til 15. maí í vor, verði óriftanlegir vegna þess að frestdagur var ekki skilgreindur þegar „neyðarlögin" voru sett. Þetta kemur fram hjá Sigurði Tómasi Magnússyni, sérfræðingi hjá Háskólanum í Reykjavík.

Þegar óskað er eftir gjaldþrotaskiptum markar sá dagur frestdag. Það þýðir að hægt er að rifta gerningum hálft ár aftur í tímann frá þeim degi. Eftir setningu „neyðarlaganna" og skipun skilanefnda fórst fyrir að setja frestdag og þurfti því að bæta við ákvæði um frestdag í lögin eftir á ef síðar kæmi til gjaldþrotaskipta. Þetta var gert 13. nóvember með gildistöku 15. nóvember. „Þetta var ekki gert afturvirkt þannig að sex vikur töpuðust," segir Sigurður Tómas.

Frestdagurinn tók ekki gildi fyrr en við gildistöku lagaákvæðisins. Allir gjörningar sem gerðir voru innan bankanna á þessu sex vikna tímabili geta því verið óriftanlegir en annars hefði verið hægt að rifta þeim. Þarna getur verið um ýmsa undanskotsgerninga að ræða eða mismunun kröfuhafa.

Sigurður Tómas segir að tíminn leiði í ljós hvort slíkt sé fyrir hendi. „Ég er ekki að halda því fram að svo sé, það er bara almenn hætta á því að mönnum detti slíkt í hug þegar fer að ganga illa í rekstri félaga," segir hann.

Andri Árnason hæstaréttarlögmaður hefur unnið að þessum málum fyrir Fjármálaeftirlitið. Hann segir að miðað hafi verið við að bankarnir myndu allir leita greiðslustöðvunar. Landsbankinn hafi ekki enn gert það en hann sé samt kominn með frestdag á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins þar sem skilanefnd hafi verið skipuð.

Ragnhildur Helgadóttir prófessor flutti nýlega erindi um stjórnskipulegan neyðarrétt í Háskólanum í Reykjavík. Þar sá hún ástæðu til þess að taka fram að stjórnarskráin gildi jafnt fyrir og eftir „neyðarlög". Hún benti á að stjórnskipulegur neyðarréttur eigi fyrst og fremst við í stríði og því sé ósennilegt ef ekki útilokað að hann geti átt við núna. Stjórnarskráin sé því í fullu gildi.

„Mér finnst skipta máli að allir sem eru að vinna með þetta réttarástand núna geri sér grein fyrir því að það er enginn heildsöluafsláttur gefinn, það gilda sömu reglur og venjulega. Hvað stjórnarskrána snertir má ekkert núna sem ekki mátti í mars eða september," segir hún.

ghs@frettabladid.is

SEX VIKUR TÖPUÐUST „Þetta var ekki gert afturvirkt þannig að sex vikur töpuðust," segir Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík.



FRESTDAGURINN GLEYMDIST Þegar „neyðarlögin" voru sett í haust fórst fyrir að skilgreina frestdag. Með sérstöku lagaákvæði, sem sett var eftir á, var bætt úr þessum skorti. Þar sem lagaákvæðið var ekki látið gilda aftur í tímann geta allir riftanlegir gjörningar bankanna á tímabilinu 6. apríl til 15. maí orðið óriftanlegir.

Frelsun Bobbys Fischer:

Reyndu að telja Davíð hughvarf

BÓKMENNTIR Bandarískt sendiherrann, James Irving Gadsden, gekk á fund Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, og reyndi að fá hann ofan af þeim áformum að greiða fyrir því að Bobby Fischer kæmi til Íslands árið 2004.

BOBBY FISCHER

Þetta staðhæfa Einar S. Einarsson og Guðmundur G. Þórarinsson í bók Ingólfs Margeirssonar um Sæmund Pálsson. Þeir voru báðir í nefnd sem skipuð var um frelsun Fischers. Í bókinni segir að Sæmundur hafi leitað til Davíðs vegna málefna Fischers og hafi hann tekið því vel en síðar gerði hann sér ljóst að frelsunarmál þetta kynni að verða þyrnir í augum Bandaríkjamanna. - jse

Tíu prósenta niðurskurður:

Ráðuneyti hunsar kröfu

EFNAHAGSMÁL Félagsmálaráðuneytið ætlar ekki að verða við kröfu fjármálaráðuneytisins um tíu prósenta niðurskurð.

Í bréfi frá fjármálaráðuneytinu til annarra ráðuneyta, dagsettu 14. nóvember, er þess óskað að ráðuneytin lækki útgjöld um að minnsta kosti tíu prósent af veltu miðað við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp. Ráðuneytunum voru gefnir sex dagar til að skila tillögum sínum. Aðeins utanríkisráðuneytið sendi tillögur innan þess tíma. Í flestum ráðuneytunum er unnið að tillögum sem skilað verður á næstu dögum. Félagsmálaráðuneytið ætlar sér þó ekki að verða við kröfunni. Ríkisútvarpið greindi frá. - ovd

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HARÐA VETUR Á MORGUN
Í kvöld fer að hvessa með norðanverðu landinu og snjóa. Á morgun verður svo komið norðan hvassviðri á Vestfjörðum, Norðurlandi og jafnvel austan til með ákafri snjókomu og skafrenningi. Syðra verður vindasamt og kalt en úrkomulítið. Ekki er að sjá hlýindi í þessu fram yfir helgi.



HEIMURINN

Alicante	14°
Amsterdam	11°
Basel	3°
Berlín	3°
Billund	10°
Eindhoven	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	-2°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	20°
London	10°
New York	7°
Orlando	20°
Ósló	4°
París	8°
Róm	14°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍ.IS • SÍA

Vorsprung durch Technik **www.audi.is**

Audi.
25% verðlækkun.
Bara einn á mann.

Vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi höfum við gert hagstæða samninga við Audi og bjóðum nú glæsibíla á mjög góðu verði. Nokkrir glampandi og glænýir Audi A3, A4, A6, Allroad og Q7 hafa lækkað um fjórðung í verði og bíða nýrra eigenda. Þetta boð stendur ekki lengi og einungis fáir bílar verða seldir á þessum kjörum. Komdu í HEKLU á Laugavegi og tryggðu þér nýjan lúxusbíl á gamla verðinu.

Audi

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

KJÖRKASSINN

Fórst þú á eða fylgdist með borgarafundi í Háskólabíói?

62,6%

37,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að kaupa jólagjafir fyrir lægri upphæð en undanfarin ár?

Segðu skoðun þína á visir.is

Forsætisráðherra segir núverandi stjórnarsamstarf forsendu efnahagsaðstoðar:

Áætlun AGS í óvissu við stjórnarskipti

ALÞINGI Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að núverandi stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar verði að halda áfram ef fylgja á eftir samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) um fjárhagslega fyrirgreiðslu.

Geir greindi frá þessu mati sínu á Alþingi í gær.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, spurði Geir hvað hann eiginlega meinti þegar hann í þingumræðum í fyrradag sagði að ekki væri hægt að ganga til kosninga í landinu þar sem gert hefði verið samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. „Er hæstvirtur forsætisráðherra í raun og veru að segja þjóðinni að ríkisstjórn hans sitji nú í skjóli af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?“ spurði Steingrímur.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

GEIR H. HAARDE

Geir sagði sjóðinn ekki blanda sér í stjórnmál á Íslandi og að fráleitt væri að halda því fram að hann, með störfum sínum, legði stein í götu lýðræðis í landinu. Sagði hann Vinstri græn vera á móti samstarfinu við sjóðinn og því ótrúverðugt ef flokkurinn hefði forystu um að mynda nýja ríkistjórn. „Annaðhvort fylgja menn henni [áætlun AGS] og þá verður þetta stjórnarsamstarf að halda áfram eða ef menn eru á móti því tekur háttvirtur þingmaður Steingrímur J. Sigfússon til sinna ráða,“ sagði Geir. - bþs

Ólympíumótið í skák:

Armenar urðu aftur efstir

SKÁK Armenar urðu ólympíumeistarar í skák þegar þeir unnu Kínverja í lokaumferð Ólympíuskákmótsins í Dresden í gær. Ísrael lenti í 2. sæti og Bandaríkin og Úkraína í 3. til 4. sæti.

Armenar voru ríkjandi ólympíumeistarar en þeir unnu einnig fyrir tveim árum í Tórínó. Aðeins þrjár milljónir manna búa í Armeníu og var lið þeirra í níunda sæti á styrkleikalista Alþjóðaskáksambandsins.

Íslenska landsliðið lenti í 64. sæti og er það versti árangur þess frá upphafi. Í kvennaflokki varð Georgía ólympíumeistari en Ísland lenti í 60. sæti. - pal

Ræða sameiginlega lausn í kjaramálum

Helstu samtök vinnumarkaðarins funda á morgun um möguleika á sameiginlegri kjarastefnu og aðrar áherslur gagnvart stjórnvöldum til næstu tveggja ára. Bundnar eru vonir við að samtökin myndi mikilvægt hreyfiafl gegn kreppunni.

EFNAHAGSMÁL Helstu samtök vinnumarkaðarins funda á morgun þar sem sameiginleg lausn í kjaramálum til næstu missera verður rædd. Ríkur samstarfsvilji er innan hópsins og vonir bundnar við að heildarlausn finnist sem verði mikilvægt innlegg á þeim óvissutímum sem fara í hönd á næstu mánuðum.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur afar mikilvægt að samtökin hafi ákveðið að freista þess að stilla saman strengi. „Við höfum verið að funda með Samtökum atvinnulífsins undanfarna mánuði og áttum fundi með opinberum starfsmönnum áður en hrunið varð. Þar kom fram skilningur um að koma sameiginlega að málum og reyna að þroska sameiginlega lausn sem gæti dregið úr óvissu og skapað væntingar í atvinnulífinu. Við sameinuðumst fyrir helgi um að setjast að borðinu og skoða hvort hægt sé að finna sameiginlega lausn í kjaramálum til næstu missera.“

Álitsgjafar Fréttablaðsins eru sammála um að breiðfylking Alþýðusambandsins, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandsins og Bandalags háskólamanna geti orðið „mikilvægt hreyfiafl á næstu mánuðum“. Gylfi fellst á að svo geti orðið. „Það hefur sýnt sig að íslensk verkalýðshreyfing er óhrædd við að setjast að þessu verkefni og sjá hvert það leiðir okkur. Það er afar jákvætt að þessi samtök setjist niður til að finna leið sem getur orðið launafólki og þjóðinni allri til heilla.“

Þór Sigfússon, formaður SA, segir fundinn snúast fyrst og fremst um framhald kjarasamninga og sátt á vinnumarkaði. „Eins verða ræddar aðrar áherslur sem uppi kunna að verða gagnvart stjórnvöldum. Það er mjög mikilvægt að við náum breiðri samstöðu á þessum vettvangi. Það er partur af þeirri viðspyrnu sem við þurfum til að koma efnahagslífinu á fullan skrið á næstu tveim árum.“

INGÓLFSTORG Þúsundir Íslendinga sækja borgarafundi þessa dagana og krafan um breytingar og leiðsögn er hávær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞÓR SIGFÚSSON

ÖGMUNDUR JÓNASSON

GYLFI ARNBJÖRNSSON



GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR

EIRÍKUR JÓNSSON

> Það er afar jákvætt að þessi samtök setjist niður til að finna leið sem getur orðið launafólki og þjóðinni allri til heilla.
>
> **GYLFI ARNBJÖRNSSON**
> FORSETI ASÍ

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, telur mikilvægt skref vera stigið með fundinum og vilja til að finna heildstæðar lausnir sem gætu gagnast þjóðfélaginu í heild sinni. „Það eru svo mörg spurningarmerki um hvert stefnir. Horft er til áforma stjórnvalda hvað varðar samfélagsþjónustu, skatta- og millifærslukerfisins, atvinnustigsins og velferðarkerfisins í heild. Allt hefur þetta áhrif á kjör fólks.“

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir að verið sé að stefna saman fólki til að ræða aðgerðir til næstu mánaða. „Það er svo eitt að launþegaarmurinn stilli sig saman því spyrja verður gagnvart hverju það er gert. Við vitum til hvers ætlast er til af okkur en við verðum að vita hver stefna stjórnvalda er.“

Eiríkur Jónsson, formaður KÍ, bindur vonir við samstarfið. „Það er full ástæða til að setjast að þessu borði. Ástandið í samfélaginu er einfaldlega þannig.“

svavar@frettabladid.is

Þórarinn V. Þórarinsson telur samstarf samtaka geta orðið gæfuspor:

Geta skapað sýn til framtíðar

„Óróinn í samfélaginu sýnir að það er þörf á leiðarstefi í samfélaginu sem hefur breiðari skírskotun en ríkisstjórnin, í óbreyttri mynd, er líkleg til að geta veitt. Það er krafa uppi um sýnilega breytingu í forystusveit samfélagsins. Að það komi fleiri og nýir aðilar að mótun samfélagssáttmála um áherslur í okkar efnahagslífi og þjóðmálum fyrir næstu ár,“ segir Þórarinn V. Þórarinsson, lögmaður og fyrrverandi formaður Vinnuveitendasambands Íslands. „Aðilar vinnumarkaðarins eru býsna vel til þess fallnir ef þeim lánast að vinna saman.“

ÞÓRARINN V. ÞÓRARINSSON

Þórarinn, sem þekkir vel til samstarfs aðila vinnumarkaðarins sem einn lykilmanna í þjóðarsáttarsamningunum árið 1990, tekur undir að breiðfylking samtaka vinnumarkarins geti haft mikið um það að segja hvernig til tekst með lausn aðsteðjandi efnahagsvanda. „Ég var spurður að því í sumar hvort ég teldi að þessir aðilar væru líklegir til að leiða, en ég taldi svo ekki vera. Síðan hafa aðstæður gjörbreyst. Kannski ekki síst fyrir það að hinn breiði fjöldi manna vill fá farveg til að láta rödd sína heyrast. Það er mikið leitað að leiðsögn inn í framtíðina; sátt um það hvernig við getum byggt upp samfélagið á nýjan leik. Það yrði afar mikilvægt ef hægt væri að móta samstarf þessara félagasamtaka um sameiginlega sýn inn í framtíðina.“ - shá

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

BELLINI
collezione

LLOYD

SARAR

PAL ZILERI

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull verslun af merkjavöru!

50% til 70%

afsláttur af öllum vörum

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN

verða afhent í 15. skipti í janúar 2009
Óskað er eftir tillögum að tilnefningum

Skilafrestur til 28. nóvember 2008
Nánari upplýsingar á **www.iston.is**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Hvað gerir bankinn **fyrir þig?**

BSRB

Opinn fundur á vegum BSRB í dag
kl. 16:30 – 18:00 í BSRB – húsinu Grettisgötu 89

Á fundinum munu fulltrúar viðskiptabankanna kynna úrræði sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum upp á til að mæta áföllum heimilanna vegna efnahagsástandsins

Framsögu hafa
Helgi Bragason Kaupþingi
Una Steinsdóttir Glitni
Anna Bjarney Sigurðardóttir Landsbanka
Atli Örn Jónsson Byr

Fundarstjóri
Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB

Að loknum framsöguerindum verður opnað fyrir spurningar úr sal

Sameinuðu þjóðirnar og Human Rights Watch um mannréttindabrot í Kongó:

Báðar fylkingar sagðar sekar

KONGÓ Sameinuðu þjóðirnar segja jafnt stjórnarherinn í Kongó sem uppreisnarmenn hafa brotið mannréttindi með grófum hætti í átökum síðustu vikur og mánuði.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir í nýrri skýrslu að báðar fylkingarnar hafi stundað fjöldamorð, nauðganir og pyntingar. Þetta gildir bæði um tútsasveitir og hútúasveitir, sem hafa auk stjórnarhersins átt í alvarlegum átökum síðan í ágúst í austanverðu landinu.

Alþjóðlegu mannréttindasamtökin Human Rights Watch, sem hafa höfuðstöðvar í New York, hafa einnig gefið út skýrslu þar sem stjórn Josephs Kabila er sökuð um að hafa myrt hundruð andstæðinga sinna í kjölfar kosninga árið 2006.

Olusegun Obasanjo, fyrrverandi forseti Nígeríu, hefur reynt að miðla málum undanfarna daga. Hann segir að Laurent Nkunda, leiðtogi uppreisnarsveita tútsa, geri þær kröfur helstar að bæði hann sjálfur og liðsmenn hans verði teknir í stjórnarher landsins. Þetta yrði hluti af friðarsamningi, sem einnig kvæði á um vernd minnihlutahópa. Einnig segir Obasanjo að Joseph Kabila, forseti Kongó, geti hugsað sér að fallast á slíkan samning. **- gb**

FÓRNARLÖMB NAUÐGUNAR Tíu ára stúlka, vinstra megin á myndinni, ásamt fleiri fórnarlömbum nauðgana í búðum, sem óháð samtök hafa sett upp í Kongó til að aðstoða þær. NORDICPHOTOS/AFP

Enn óvissa um pókermót:

Niðurstöðu að vænta bráðlega

LÖGREGLUMÁL Engin ákæra hefur verið gefin út vegna pókermóts sem lögreglan stöðvaði 16. júní 2007. Karl Ingi Vilbergsson, lögfræðingur hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, segir niðurstöðu að vænta bráðlega um hvort ákært verði í málinu, eða það látið niður falla.

Tæpir átján mánuðir eru liðnir síðan lögreglan stöðvaði mótið og gerði verðlaunafé og spilabúnað upptækt. Lögreglan hafði ekki afskipti af pókermóti sem haldið var um síðustu helgi. - bj

Endurskoða hagvaxtartölur:

Kreppan meiri en talið var

EFNAHAGSMÁL Samdrátturinn í hagkerfi Bandaríkjanna á öðrum ársfjórðungi var meiri en áður var talið. Samkvæmt fyrstu áætlun Hagstofu Bandaríkjanna nam samdrátturinn 0,3 prósentum, en endurskoðaðar tölur sýna að samdrátturinn var 0,5 prósent.

Mestu munar um samdrátt í einkaneyslu, en hann var 3,7 prósent. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1991 sem samdráttur verður í einkaneyslu, og stærsti samdráttur hennar síðan 1980. Talið er að einkaneysla dragist enn saman á fjórða ársfjórðungi vegna aukins atvinnuleysis. **- msh**

ALÞJÓÐAHÚSIÐ VIÐ LAUGAVEG Þjónustusamningur borgaryfirvalda og Alþjóðahússins verður ræddur eftir að fjárhagsáætlun borgarinnar liggur fyrir upp úr miðjum desember.

Óvissa um starfsemi Alþjóðahúss

Þjónustusamningar Alþjóðahússins og hins opinbera renna út um áramótin. Enginn þeirra hefur verið endurnýjaður. Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, hefur áhyggjur af stöðu mála.

SAMFÉLAGSMÁL Allir þjónustusamningar milli Alþjóðahússins og ríkis og sveitarfélaga renna út um áramótin. Enginn þeirra hefur verið endurnýjaður. „Við höfum ekkert fast í hendi frá 1. janúar," segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins. Tekjur Alþjóðahússins í gegnum þjónustusamninga námu á þessu ári 48 milljónum. Þar af komu þrjátíu milljónir frá Reykjavíkurborg.

Áætlaðar tekjur Alþjóðahússins af annarri þjónustu, svo sem túlka- og þýðingaþjónustu, nema 150 milljónum króna á þessu ári. Öruggt er að þær munu dragast verulega saman á því næsta. „Framlögin hafa ekki dugað til að halda þjónustunni gangandi. Við höfum því fjármagnað stóran hluta þjónustunnar með ýmiss konar sölu á þjónustu, meðal annars til bankanna."

Aukin framlög séu því nauðsynleg til að halda uppi sömu þjónustu. „Nú er verið að boða samdrátt og niðurskurð alls staðar. Við verðum að fá svör til að vita hvaða ráðstafanir við þurfum að gera, meðal annars gagnvart starfsmönnum okkar."

Á fundi borgarráðs síðastliðinn fimmtudag var bréf Einars lagt fram. Í því óskaði hann eftir framlengingu á þjónustusamningnum. Afgreiðslu þess var frestað.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarráði, segir ekki annað standa til en að endurnýja þjónustusamninginn fyrir áramótin. „Hvernig það verður útfært og hvar málið verður vistað í kerfinu liggur hins vegar ekki enn fyrir," segir hann. Ekki sé unnt að endurnýja samninginn fyrr en fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár liggi fyrir. Hún verði rædd á borgarstjórnarfundum í byrjun og um miðjan desember.

„Ég á ekki von á að við missum öll okkar framlög," segir Einar. „En ef við þurfum að skera niður í starfsemi okkar mun það strax hafa áhrif í samfélaginu. Það eru viðkvæmir tímar fram undan og það hefur sjaldan verið mikilvægara að koma upplýsingum á framfæri og veita ráðgjöf." Ástand eins og nú er sé mjög líklegt til að ýta undir neikvæðni í garð útlendinga. „Slík merki eru þegar komin fram. Tilvera Alþjóðahússins er mjög mikilvæg þegar slík umræða fer af stað." holmfridur@frettabladid.is

EINAR SKÚLASON Engin svör hafa fengist um hvort þjónustusamningar við Alþjóðahúsið verða endurnýjaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

JÓLATILBOÐ

RÚMSTÆÐI
með heilsudýnu (160x200).
Innifalið botn, rammi og gafl.
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Verðdæmi:
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr.
AFSLÁTTUR!

30% AFSLÁTTUR!

REKKJUNÁR

GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR

Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT

20% AFSLÁTTUR af öllum sængurfatnaði til jóla

JÓLATILBOÐ
Sængurver frá
4.240 kr.

EINSTÖK JÓLATILBOÐ
á Kauffmann sængum
Verð frá 25.920 kr.

KAUFFMANN
Hitajöfnunar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.

AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
JÓLATILBOÐ 99.500 kr.
= 55.500 kr. AFSLÁTTUR!

20% AFSLÁTTUR!

JÓLATILBOÐ
Heilsukoddar frá
5.900 kr.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

STÆRSTA VÉLHJÓL HEIMS Gregory Dunham frá Kaliforníu er harla stoltur þar sem hann sýnir risastóra mótorhjólið sitt á bifreiða- og vélhjólasýningu í Þýskalandi. Vélhjólið er hið stærsta í heimi, samkvæmt staðfestingu frá heimsmetabók Guinness, og mælist 6,2 metrar á lengd og heil 500 hestöfl. NORDICPHOTOS/AFP

Bjarni Harðarson kveðst hafa komið í veg fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarf:

Sagðist víkja ef ríkisstjórnin héldi

STJÓRNMÁL Bjarni Harðarson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, segist hafa staðið fyrir því að upp úr stjórnarsamstarfi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hafi slitnað eftir alþingiskosningar í fyrra.

Bjarni lýsir atburðarásinni í nýju greinasafni. Hann segist hafa verið sá eini af sjö þingmönnum Framsóknar sem setti sig á móti samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Hefðu áhrifamenn utan flokksins haft í hótunum við hann vegna þessa. Bjarni vill ekki upplýsa hvaða menn það voru eða hverju þeir hótuðu.

Um afstöðu sína skrifar Bjarni að mestu hafi skipt að tryggja átti mönnum sem ekki náðu kjöri á þing áframhaldandi ráðherrastóla og kalla hafi átt inn varamenn fyrir þingmenn sem tækju að sér ráðuneyti. „Þar með hefði flokknum tekist að halda liðlega tíu manna þingflokki þrátt fyrir fylgistap," skrifar Bjarni. „Ég gat ekki tekið þátt í þeim leik." Bjarni kveðst að lokum hafa sett félögum sínum afarkosti: Annaðhvort tæki Helga Sigrún Harðardóttir við þingsæti hans eða þá að hætt yrði við áframhaldandi stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokki. Hafi þá Jón Sigurðsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, slitið viðræðum við Sjálfstæðisflokkinn. Í greininni segist Bjarni enn sannfærður um að hann hafi breytt rétt.

Í viðtali við Fréttablaðið eftir alþingiskosningar 2007 hafði Bjarni aðra sögu að segja. Um stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokk sagði hann: „Þó svo að ég telji að mörgu leyti hag Framsóknarflokksins betur borgið utan þeirrar stjórnar, þá gerði ég mönnum ljóst að ef til þessa stjórnarsamstarfs kæmi stæði ég með því."

- bs

BJARNI HARÐARSSON Fannst Framsóknarflokkurinn reyna að hundsa fylgistap í kosningum.

Verslun á Íslandi:

Útlendingar kaupa dýrt

VERSLUN Útlendingar hafa nýtt sér gengi krónunnar til að koma í verslunarferðir til Íslands. Hjá Sony Center í Kringlunni fást þær upplýsingar að sérstaklega hafi borið á Dönum og Færeyingum að kaupa dýra en fyrirferðarlitla hluti. Icelandair hefur að undanförnu auglýst 25 prósenta afslátt á flugi til Íslands frá hinum Norðurlöndunum og segir að það sé í þakklætisskyni fyrir lán sem þessar þjóðir hafi veitt Íslendingum. Norrænir fjölmiðlar, sérstaklega norskir, hafa fjallað um hve hagstætt sé að versla á Íslandi til jólanna. **- ghs**

Skilmálabreytingar lána Frjálsa fjárfestingarbankans:

Miða við sölugengi

EFNAHAGSMÁL „Við munum senda Frjálsa fjárfestingarbankanum erindi og spyrjast fyrir um þetta," segir Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, um skilmálabreytingar bankans á frystum lánum.

Bankinn býður viðskiptavinum sínum með erlend lán upp á lánabreytingar, að greiddar séu fastar greiðslur í allt að tíu mánuði. Á heimasíðu bankans segir að þetta sé gert vegna sögulegrar lægðar íslensku krónunnar og aukinnar greiðslubyrði erlendra lána. Í skilmálabreytingum segir hins vegar að erlend upphæð á gjalddaga, afborgun og vextir, umreiknist yfir í íslenskar krónur miðað við sölugengi kröfuhafa á útreikningardegi.

Þórunn Anna segir Neytendastofu hafa borist ábendingar vegna skilmálabreytinganna. „Við erum að kanna þetta. Það er spurning hvort þetta sé eðlileg breyting," segir Þórunn Anna sem býst við að fyrirspurn verði send Frjálsa fjárfestingarbankanum í dag. „Fólk hefur ekki verið að fá frystingu með þessum hætti fyrr og við höfum ekki fengið þessar fyrirspurnir varðandi skilmálabreytingar hjá hinum bönkunum." **- ovd**

MURAD MUSAJEV Lögmaður eins hinna ákærðu ræðir við fjölmiðla fyrir utan dómshús í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Morðið sagt hefndarverk

Rússneskur stjórnmálamaður er sagður hafa lagt á ráðin um morðið á Önnu Politkovsköju haustið 2006. Saksóknarar vilja að dómarinn víki.

RÚSSLAND, AP Verjandi eins þeirra þriggja sakborninga, sem grunaðir eru um morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaja, segir að í ákæruskjalinu á hendur þeim sé því haldið fram að morðið hafi verið framið að undirlagi rússnesks stjórnmálamanns.

Lögmaðurinn, sem heitir Murad Musajev, segir að nafn stjórnmálamannsins sé ekki nefnt í ákæruskjalinu, en þar komi fram ásakanir um að morðið hafi verið hefndaraðgerð fyrir gagnrýnin skrif blaðakonunnar.

Á síðasta ári hélt Júrí Tsjaíka, aðalsaksóknari Rússlands, því fram að fyrirskipanir um morðið hefðu borist að utan, og virtist gefa í skyn að rússneski auðkýfingurinn Boris Beresovskí, sem býr á Englandi í óþökk rússneskra stjórnvalda, hafi staðið á bak við verknaðinn. Beresovskí hefur harðneitað þeim ásökunum.

Saksóknarar í málinu krefjast þess nú að Jevgení Zubov, dómari málsins, víki og segja hann óvilhallan. Ef skipta þarf um dómara myndi það enn draga málið á langinn, en það hefur tafist mjög af ýmsum ástæðum. Zubov hefur nú frestað réttarhöldunum þangað til næsta miðvikudag meðan þessi beiðni saksóknaranna er skoðuð.

Anna Politkovskaja hafði í skrifum sínum gagnrýnt rússnesk stjórnvöld harðlega, ekki síst fyrir mannréttindabrot í hinni stríðshrjáðu Tsjetsjeníu. Hún var skotin til bana fyrir utan blokkaríbúð sína í Moskvu haustið 2006.

Stuttu eftir morðið gaf Vladimír Pútín, núverandi forsætisráðherra en þáverandi forseti Rússlands, í skyn að rússneskir andstæðingar sínir erlendis hefðu látið myrða hana til þess að „skapa bylgju Rússlandsandúðar í heiminum".

Sakborningarnir þrír, sem nú sitja fyrir dómi í Moskvu, eru Sergei Kadsjikúrbanov, fyrrverandi lögreglumaður í Moskvu, og bræðurnir Ibragim og Dsjabraíl Makmudov. Þriðji bróðir þeirra, Rustam, er sagður flúinn úr landi, en hann er talinn hafa hleypt af skotinu sem varð Politkovsköju að bana.

Bæði fjölskylda hennar og verjendur sakborninganna vilja að réttarhöldin verði opin almenningi en saksóknarar málsins vilja að þau verði haldin fyrir luktum dyrum.

Zubov dómari leyfði almennan aðgang að réttarhöldunum, þegar þau hófust í síðustu viku en ákvað fljótlega að hafa þau lokuð. Nú hefur hann endurskoðað þá ákvörðun sína og ætlar að halda þau fyrir opnum tjöldum.

gudsteinn@frettabladid.is

MENNTUN ER BESTA SÓKNIN!

SKRÁNING FYRIR VORÖNN 2009 Í FULLUM GANGI!

TVÆR ANNIR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám *396 stundir*

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám *462 stundir*

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á þremur námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

Skrifstofunám og hönnun *414 stundir*

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsinga-stofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

Sölunám og hönnun *420 stundir*

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja söluferlið.

Kerfisstjórinn *330 / 396 stundir*

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilana-greiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

4 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator“
Eingöngu er stuðst við viðurkennt námsefni frá Microsoft (MOC).

EIN ÖNN

Skrifstofu- og tölvunám *258 stundir*

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögunum.

Sölu- og markaðsnám *264 stundir*

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðs-fræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Fjármála- og rekstrarnám *132 stundir*

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Lögð er áhersla á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

Kerfisumsjón *180 stundir*

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

NÝTIST SEM UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM

INNRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

FÉLAGARNIR KVADDIR Kínverskir hermenn stilltu sér upp hátíðlegir á svip á járnbrautarstöð í Hefei í Anhui-héraði til þess að kveðja félaga sína, sem hafa lokið herskyldu. NORDICPHOTOS/AFP

Fjallað um Jón Ásgeir Jóhannesson í þætti á norsku sjónvarpsstöðinni NRK:

Jón Ásgeir ósáttur við þáttinn

NOREGUR Fjallað var um Jón Ásgeir Jóhannesson, viðskiptaveldi hans og málaferli Jóns Geralds Sullenberger á Íslandi í þættinum Brennpunkt í norska ríkissjónvarpinu NRK í gærkvöldi. Í þættinum var sagt að Jón Ásgeir hefði byggt upp viðskiptaveldi sitt með lánum og að hann væri stórskuldugur.

Í bréfi frá Jóni Ásgeiri sem birt var á fréttavef NRK í gær kom fram að hann væri afar ósáttur við þáttinn og þær upplýsingar sem þar komu fram. Á vefnum kom fram að Jón Ásgeir hefði hafnað viðtali en í bréfinu sagðist hann hafa reynt að vinna með fréttamanninum. Blaðamaðurinn hafi hins vegar aðeins viljað fá staðfestingu á ásökunum Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra og Jóns Geralds Sullenberger í sinn garð.

„Það eru vonbrigði að NRK hafi ákveðið að styðja þessa einstaklinga í svona þætti í þeirra örvæntingarfullu tilraunum til að finna sökudólg fyrir sín eigin feilspor," segir í bréfinu. Í því kom einnig fram að skuldir þriggja stærstu félaganna, Stoða, Baugs og Landic Property, næmu samtals um 900 milljörðum íslenskra króna, þar af væru skuldir á Íslandi samtals um 430 milljarðar króna. Þessar upplýsingar segir Jón Ásgeir að fréttamaðurinn hafi hunsað. - ghs

SENDI NRK BRÉF „Hef mikilvægari verkefnum að sinna en að reyna að leiðrétta þær rangfærslur sem koma fram," segir Jón Ásgeir í bréfi sem hann sendi NRK.

Sjúkrahúsið á Akureyri:

Starfsfólk mótmælir lokun

HEILBRIGÐISMÁL Starfsmenn Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar (FSA) mótmæla harðlega lokun öldrunardeildarinnar Sels á sjúkrahúsinu og skora á stjórnendur draga ákvörðunina til baka.

Í ályktun segja þeir lokunina hafa fjöldauppsagnir og verulega þjónustuskerðingu í för með sér. Slíkt gangi þvert á það sem nú sé brýnast að gera, sem er að stórefla velferðarþjónustuna. Starfsmenn í Seli skora á stjórnendur að leita annarra leiða til hagræðingar í samstarfi og samráði við aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi gæði og skilvirkni heilbrigðiskerfisins. - ovd

Bankaráð ríkisbankanna:

Kjörin óákveðin

STJÓRNMÁL Enn hefur ekki verið ákveðið hvaða laun fólk fær fyrir setu í bankaráðum ríkisbankanna þriggja. Skipað var í ráðin fyrir tæpum þremur vikum og hafa þau þegar tekið til starfa.

Að sögn Böðvars Jónssonar, aðstoðarmanns fjármálaráðherra, verða kjörin að líkindum ákveðin fljótlega og mið tekið af stjórnarlaunum í öðrum félögum og fyrirtækjum ríkisins auk þeirrar vinnu sem liggur að baki setu í bankaráði.

Fyrir hrun bankanna höfðu bankaráðsmenn í Glitni 250 þúsund krónur á mánuði og formaður bankaráðs 550 þúsund. Í Kaupþingi höfðu bankaráðsmenn 400 þúsund og formaður 800 þúsund og í Landsbankanum fengu ráðsmenn greiddar 350 þúsund krónur, varaformaður 700 þúsund og formaður rúma eina milljón króna. - bþs

Ríkissaksóknari fjallar um kvörtun verjanda í líkamsárásarmáli vegna framferðis saksóknara lögreglu:

Kvörtun tefur ekki málið, segir sækjandi

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari er með til umfjöllunar kvörtun verjanda í líkamsárásarmáli yfir framgöngu Jóns H. B. Snorrasonar aðstoðarlögreglustjóra. Saksóknari í málinu segir það ekki tefjast vegna kvörtunar verjandans.

Málið snýst um ákæru á hendur Benjamín Þór Þorgrímssyni vegna tveggja líkamsárása. Önnur árásin var sýnd í fréttaskýringaþættinum Kompási í september þegar fjallað var um handrukkara.

Í kvörtun Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, verjanda Benjamíns, kemur fram að Jón hafi gefið út tvær ákærur í málinu og svo virðist sem hann hafi dagsett aðra þeirra aftur í tímann, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu nýverið. Blaðið hefur báðar ákærur og kvörtunina undir höndum.

ÁRÁS Fréttaskýringaþátturinn Kompás sýndi upptöku af annarri árás Benjamíns Þórs Þorgrímssonar í september. MYND/KOMPÁS

„Ég skil ekki alveg hvað Vilhjálmur er að fara í þessu, segir Karl Ingi Vilbergsson, lögfræðingur hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, sem sækir málið gegn Benjamín.

Hann staðfestir að tvær ákærur hafi verið gefnar út í málinu. Hann hafnar því þó að það sé óheimilt, enda hægt að afturkalla fyrri ákæruna, eins og gert hafi verið í þessu tilviki.

Hann segir það ekki skipta öllu sé það rétt að önnur ákæran hafi verið dagsett aftur í tímann. Spurður hvort það hafi verið gert vísaði hann á Jón H. B. Snorrason.

Sigríður J. Friðjónsdóttir vararíkissaksóknari segir að gagna hafi verið aflað frá héraðsdómi vegna kvörtunar verjandans og málið sé í skoðun. Þyki ekki ástæða til að rannsaka það frekar muni lögmaðurinn fá þá niðurstöðu fljótlega.

Ákveði ríkissaksóknari að rannsaka málið frekar geti það tekið lengri tíma.

Ekki náðist í Jón H. B. Snorrason vegna málsins í gær. - bj

Hafrannsóknastofnun:

Hörpudiskur í lágmarki áfram

HAFRANNSÓKNIR Meginniðurstaða árlegrar stofnmælingar Hafrannsóknastofnunar á hörpudiski er sú að heildarvísitala hörpudisks er í lágmarki eins og undanfarin ár eða aðeins um 13 prósent af meðaltali áranna 1993-2000. Á þeim árum námu veiðar átta til níu þúsund tonnum á ári.

Þó að vísitala stofnstærðar sé áfram í lágmarki mældust nýleg dauðsföll minni en á undanförnum árum. Enn fremur hefur hrygningarstofninn vaxið frá árinu 2007-2008 en við minnkun stofnsins hefur skeljum í öllum stærðarflokkum veiðistofnsins fækkað allt frá árinu 2000-2007. **- shá**

Neytendur: Þrjú jákvæð neytendamál

Tannkrem, barnamótorhjól og ókeypis gisting

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Flest mál sem mér berast eru neikvæð, um alls kyns okur og svindl. Sem betur fer koma stundum jákvæð mál og hér eru þrjú.

Tannlæknir, sem vill ekki láta nafns síns getið, vill benda á fínt flúortannkrem: „Það hefur sama flúorinnihald (1450 ppm) og rándýr tannkrem frá þekktari merkjum. Það fæst í Bónus, kostar undir hundraðkallinum og heitir **Fluortandkram-Fluortannpasta** og er frá Euroshopper. Það hefur milt og fínt bragð og gerir sama gagn og t.d. Colgate sem er um það bil fjórum sinnum dýrara," skrifar tannsi.

Sjöfn leitaði að litlu rafmagnsmótorhjóli í jólagjöf handa tveggja ára ömmustrák. „Ég fór í leikfangabúðir og þar kostuðu hjólin frá 11.500 og upp í

sirka 20.000 kr. Satt að segja voru þau ódýrustu óttalegt drasl. Þá rakst ég á auglýsingu frá **www.netlagerinn.is**. Þar fann ég þessi flottu og vönduðu hjól á 8.500 og 10.000 kr.," skrifar hún.

Tinna vil benda þeim sem ætla til útlanda þrátt fyrir gengið á síðuna **www.couchsurfing.com** – „Það er eins konar „gistiskiptasíða" þar sem fólk getur fundið sér fría gistingu. Ég hef notað þessa síðu undanfarin tvö ár með góðum árangri. Auk þess að spara peninga kynnist maður heimamönnum mun betur en annars. Ekki er nauðsynlegt að bjóða gistingu á móti, þótt auðvitað sé hvatt til þess."

FYLGDARLIÐIÐ Fylgdarlið þyrlunnar af varðskipinu Triton. MYND/LHG

Landhelgisgæslan:

Danir yfirfara þyrlu á Íslandi

ÖRYGGISMÁL **Lynx-þyrla af danska varðskipinu Triton kom nýverið til viðhalds í skýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli. Fá flugvirkjar þeirra að nota aðstöðu Gæslunnar en um tíu manns; flugmenn, flugvirkjar og aðrir tæknimenn, fylgja þyrlunni. Mikil samvinna hefur ætíð verið á milli Landhelgisgæslunnar og varðskipa danska flotans sem eru við gæslustörf á hafinu umhverfis Grænland.**

Þyrlan fer að viðhaldi loknu um borð í varðskipið Hvidbjörnen sem kom til Reykjavíkur á föstudag. Skipið hélt áleiðis til Grænlands í gær. **- shá**

Mismunun í stimpilgjaldi:

Afnumin til ársloka 2009

NEYTENDUR Alþingi hefur samþykkt að tímabundið verði fallið frá því að mismuna þeim sem endurfjármagna skuldir, eftir því hvort fjármögnunin eigi sér stað hjá sama lánveitanda eða nýjum. Hingað til hefur hálft gjald verið tekið af endurfjármögnun hjá sama aðila en fullt stimpilgjald ef skipt er um lánveitanda. Gildir afnámið til ársloka 2009.

GÍSLI TRYGGVASON

Tillaga talsmanns neytenda, Gísla Tryggvasonar, þess efnis að fallið yrði frá þessari mismunun var lögð fyrir fjármálaráðherra í febrúar. **- hhs**

Til leigu
iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

ÁFRAM ÍSLAND
– fyrir hag heimilanna

Fundarherferð ASÍ um landið í samstarfi við aðildarfélögin

Í dag: **Selfoss, Hótel Selfoss - kl. 18.00**

Staðir: Reykjavík - Útifundur á Ingólfstorgi - 27. nóvember kl. 17.00

Dagskrá: **Áfram Ísland** - fyrir hag heimilanna. Hvert skal halda?
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Pallborð: Formenn landssambanda og stærstu félaga ASÍ sitja fyrir svörum
Tónlistaratriði, skipulagt í samvinnu við FÍH
Forystumaður stéttarfélags í heimabyggð kynnir drög að ályktun fundarins
Í lokin verður boðið upp á kaffispjall

Alþýðusamband Íslands

FRÉTTASKÝRING: Hagur heimilanna

Högg á heimilin milduð

Kallað hefur verið eftir því að ríkisstjórnin komi til móts við heimilin í landinu sem verða fyrir búsifjum vegna fjármálakreppunnar. Tilkynnt var um aðgerðir í 10 liðum 14. nóvember til að aðstoða heimilin. Ljóst er að þær koma fólki misvel til góða og ekki eru allir á eitt sáttir með þær, nú sjö vikum eftir að Alþingi samþykkti neyðarlög.

EFTIRSTÖÐVAR TÍU MILLJÓNA VERÐTRYGGÐS JAFNGREIÐSLULÁNS TIL 30 ÁRA MEÐ 5% FÖSTUM VÖXTUM, TEKIÐ Í DESEMBER 2007



HEIMILD: VERÐLAGSEFTIRLIT ASÍ

EFTIRSTÖÐVAR TÍU MILLJÓNA VERÐTRYGGÐS JAFNGREIÐSLULÁNS TIL 30 ÁRA MEÐ 4,5% FÖSTUM VÖXTUM, TEKIÐ Í JANÚAR 2005



HEIMILD: VERÐLAGSEFTIRLIT ASÍ

Myntkörfulán

Stór hluti húsnæðislána er nú í erlendri mynt, eftir að bankarnir hófu að bjóða upp á myntkörfulán. Fjöldi fólks skuldbreytti lánunum sínum og tók ný með veð í húsum sínum.

Samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar bjóða bankarnir nú upp á frystingu myntkörfulána. Raunar er réttara að tala um frestun en frystingu, ef menn leggja þann skilning í orðið frystingu að eitthvað haldist óbreytt þar til það er þítt á ný. Tvær leiðir eru færar í því: afborgunum er frestað en greitt af vöxtum og bæði afborgunum og vöxtum er frestað.

Vextirnir leggjast við höfuðstólinn og heildarupphæðin hækkar því þegar á heildina er litið. Erfitt er að reikna út hver raunveruleg afborgun verður af myntkörfulánum þar sem þau eru bundin gengi gjaldmiðla. Spáð er miklu gengisfalli krónunnar á næstu mánuðum þannig að afborganir af myntkörfuláni munu aukast að sama skapi. Einnig hefur verið boðið upp á frystingu myntkörfulána vegna bílakaupa. Um þau gilda mismunandi reglur en yfirleitt fylgir þeim kostnaður.

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, segir að ýmislegt verði að hafa í huga þegar kemur að frystingu myntkörfulána. „Fólk verður að setja það niður fyrir sig hvenær það hefur fulla greiðslu að nýju og hvað það þýðir. Þá verður að hafa í huga hvaða áhættu er verið að taka og hvert gengið verður þegar frystingu lýkur; menn eru að veðja á að staða krónunnar verði þá betri. Þetta gefur fólki tíma til að losa um eignir og hagræða hjá sér.“

Verðtryggð lán

Hægt er að sækja um greiðslujöfnun sem felst í því að reiknuð er út ný vísitala, greiðslujöfnunarvísitala, sem gefin verður út mánaðarlega. Þar verða vegin saman launaþróun og þróun atvinnustigs. Sé afborgun lánsins samkvæmt nýju vísitölunni lægri en samkvæmt vísitölu neysluverðs, er þeirri upphæð afborgunar sem út af stendur frestað þar til greiðsluvísitalan hækkar umfram neysluvísitöluna. Þetta þýðir að greiðslubyrðin á erfiðum tímum verður lægri en ella.

Greiðslujöfnun hækkar heildargreiðslu lántakenda. Í raun fær fólk lán fyrir hluta afborgunarinnar og sú upphæð leggst síðan við höfuðstólinn sem ber vexti og verðbætur. Þá er einungis þeim sem standa í skilum með lán sín gert kleift að sækja um hana og hið sama á við um myntkörfulánin.

Skuldajöfnun niðurfelld

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar verða barnabætur greiddar út mánaðarlega, í stað ársfjórðungslega áður. Barnabætur voru greiddar út 1. nóvember, fyrirfram í þrjá mánuði og næsta greiðsla er í febrúar. Þá fá foreldrar ekki greidda þrjá mánuði, heldur einn.

Heimild til að skuldajafna barnabótum á móti opinberum gjöldum er afnumin tímabundið í lögunum, sem og vaxtabótum. Hingað til hefur verið hægt að taka þessar bætur upp í skuldir við hið opinbera. Þá eiga opinberir innheimtuaðilar að sýna sveigjanleika með mið af aðstæðum skuldara.

Hjá hinu opinbera verða, í afmörkuðum tilfellum, dráttarvextir og ýmiss kostnaður felldur niður og mildari innheimtuaðgerðum beitt. Það hlutfall launa sem ríkið getur nýtt til skuldajöfnunar verður takmarkað. Þá er ætlunin að endurskoða lög um dráttarvexti og lækka þá og setja hámark á innheimtukostnað.

Þá hefur verið samþykkt að endurgreiða vörugjöld og virðisaukaskatt af notuðum ökutækjum sem varanlega eru flutt úr landi. Með því opnast fyrir sölu bílanna úr landi. Það nýtist þó fyrst og fremst þeim sem flytja bíla út í stórum stíl. Almenningur mun trauðla stunda þá iðju.

Frestun lána og lenging

Þeir sem hafa keypt sér fasteign en lent í erfiðleikum með að selja þá sem þeir eiga fyrir, geta fengið frestun á greiðslu lána hjá Íbúðalánasjóði. Skilyrði eru að fasteignin hafi verið keypt eftir 1. júlí 2007, reynt hafi verið að selja hana og fjárhæð láns að lokinni frystingu fari ekki yfir 90 prósent af kaup- eða söluverði.

Þá er hægt að sækja um að lengja lánstímann um allt að 15 ár. Sótt er um það hjá fjármálastofnunum sem vísa málinu til Ráðgjafarstofu heimilanna sem gerir tillögu til Íbúðalánasjóðs. Ýmis skilyrði eru fyrir þessu úrræði og má lánstíminn ekki verða lengri en 55 ár. Þá verður lánið að vera í skilum þegar sótt er um lengingu.

Verðbólga

Allar þessar aðgerðir eiga að milda höggið sem almenningur verður fyrir vegna kreppunnar. Það sem hefur mest áhrif á almenning er verðbólgan. Hún er nú tæp sextán prósent og því er spáð að hún nái vel yfir 20 prósent á næsta ári. Seðlabankinn gefur upp tæplega 30 prósent verðbólgu í fráviksdæmi með óhagstæðri þróun. Það mun hafa gríðarleg áhrif á stöðu heimilanna. Þá valda háir stýrivextir, sem eru 18 prósent í dag, heimilunum þungum búsifjum.

VAXTABÆTUR

„Það verður að grípa til mun umfangsmeiri ráðstafana til að fólk geti haldið húsnæðinu sínu.

Nærtækast er að hækka verulega vaxta- og húsnæðisbæturnar og nota þannig þau tæki sem við höfum nú þegar. Þá er eðlilegt að gefa út fyrirmæli um að nauðungaruppboð verði stöðvuð í bili, enda á hið opinbera ekki að ganga að fólki einmitt við þessar aðstæður. Það vantar raunverulegar aðgerðir sem koma strax til framkvæmda,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

GREIÐSLUAÐLÖGUN

„Við höfum kallað eftir frumvarpi um greiðsluaðlögun sem miðar að því að gefa skuldurum ákveðna réttarstöðu. Það er fyrirséð að

einstaklingar geta ekki staðið við allar skuldbindingar sínar og þarf að fara í uppstokkun skulda og jafnvel niðurfellingu. Einstaklingar og heimili er ekki það sama og fyrirtæki. Það er ekki hægt nota gjaldþrotalögin til að gera upp þeirra skuldastöðu. Við verðum að fá mildari og meiri skilning á stöðu heimilanna,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, formaður Alþýðusambands Íslands.

VERÐBÓTINA BURT

„Verðbótaþáttur húsnæðis- og námslána frá 1. júlí 2008 til 31. desember 2009 komi hvorki til innheimtu hjá lántakendum né

bætist við höfuðstól útistandandi lána heldur greiðist af sérstökum aðlögunarsjóði stofnsettum af Alþingi með neyðarlöggjöf líkt og beitt var við yfirtöku bankanna.“

Svo segir Gunnar Tómasson hagfræðingur í grein í Fréttablaðinu 12. nóvember. Kæmi þetta til framkvæmda væri verðtrygging af útlánum í raun afnumin fyrir lántakendur og ríkisvaldið tæki á sig þann hluta kostnaðar.

FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

til afgreiðslu af lager

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR

Handklæðaofnar

HVÍTIR OFNAR Í BOGA

700x450 mm	10.900.- stgr.
700x500mm	11.900.- stgr.
800x500mm	15.900.- stgr.
800x550mm	16.900.- stgr.
970x450mm	17.900.- stgr.
1000x500mm	18.900.- stgr.
1120x550mm	19.900.- stgr.
1200x550mm	21.900.- stgr.
1320x550mm	22.900.- stgr.
1450x500mm	23.900.- stgr.
1500x550mm	28.900.- stgr.
1600x500mm	31.900.- stgr.
1760x450mm	32.900.- stgr.
1760x500mm	33.900.- stgr.

KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA

700x450 mm	17.900.- stgr.
700x500mm	18.900.- stgr.
800x500mm	23.900.- stgr.
800x550mm	24.900.- stgr.
970x450mm	25.900.- stgr.
1000x500mm	26.900.- stgr.
1120x550mm	30.900.- stgr.
1200x550mm	34.900.- stgr.
1320x500mm	37.900.- stgr.
1450x500mm	38.900.- stgr.
1500x550mm	42.900.- stgr.
1600x500mm	44.900.- stgr.
1760x500mm	46.900.- stgr.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjölmiðlar og traust:

Rökrétt tortryggni

JÓN KALDAL SKRIFAR

Tortryggni og efi eru áberandi í tilfinningalífi landsmanna þessa dagana. Þetta eru eðlileg og rökrétt viðbrögð við því að uppgötva að svo margt sem haldið var fram sem staðreyndum reyndist, þegar til tók, tóm steypa. Til dæmis heilbrigðisvottorðið sem Seðlabankinn gaf bönkunum síðastliðið vor, hálfu ári áður en þeir fóru í þrot og skildu þjóðina eftir í skuldafeni með stórskaddað mannorð. Svo aðeins eitt en þó risavaxið dæmi sé tekið.

Margar stofnanir samfélagsins þurfa þannig að byggja upp traust á nýjan leik. Þar á meðal eru fjölmiðlarnir. Þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að hafa ekki staðið sig við að benda á brestina í undirstöðum bankakerfis landsins.

Þetta er réttmæt gagnrýni, Fjölmiðlarnir eru sekir um að hafa sofið á verðinum. En stærsta sök þeirra er þó að vera hluti af íslensku samfélagi sem svaf almennt værum blundi, þar með taldar allar lykilstofnanir þess: til dæmis háskólasamfélagið og Alþingi.

Vissulega komu fram stöku gagnrýnisraddir og fjölmiðlar fluttu þann boðskap. Þær raddir drukknuðu hins vegar í kór hinna sem töldu allt vera í besta lagi. En nú eru breyttir tímar. Tími gagnrýninnar hugsunar er runninn upp. Meðvirknin er að baki.

Þessi þróttur streymir fram í fjölmiðlum landsins. Birtingarmyndin er gríðarlegt magn af innlendum fréttum, frásagnir af mótmælum, borgarafundum en líka kraftmikil umræða í miðlunum.

Í öllum þessum atgangi hefur hlaupið nokkur kraftur í umræður um að fjölmiðlafólk láti eigendur útgáfufélaga sinna stýra sér í starfi. Beinist gagnrýnin bæði að miðlum í einkaeigu og Ríkisútvarpinu, sem hefur verið sakað um að sýna stjórnvöldum linkind.

Frá síðustu árum eru þrjú minnisstæð dæmi um að eigendur hafi freistað að beita valdi sínu. Það fyrsta er þegar einn úr fyrrverandi eigendahópi Stöðvar 2 reyndi að stöðva frétt um laxveiðiferð KB banka þar sem viðræður stöðvarinnar við bankann um lán voru á viðkvæmu stigi. Þáverandi fréttastjóri, Karl Garðarsson, varð við óskinni. Við það braust samstundis út uppreisn meðal starfsmanna á fréttastofunni og var þess krafist að fréttin yrði birt. Fór hún í loftið kvöldið eftir og fékk mun meiri athygli en ella. Varð málið þáverandi eigendum álitshnekkir en almennum starfsmönnum á fréttastofu Stöðvar 2 til álitsauka.

Númer tvö er þegar Björgólfur Guðmundsson, þáverandi eigandi bókaútgáfunnar Eddu, lét eyða upplagi bókar Guðmundar Magnússonar, núverandi ritstjóra Eyjunnar, um Thorsfjölskylduna, vegna kafla sem honum mislíkaði. Í því tilfelli lét höfundurinn að vísu ritskoðunina yfir sig ganga en fréttastofa Stöðvar 2 komst á snoðir um málið. Afleiðingarnar urðu þær sömu og í fyrra dæminu. Álitshnekkir þeirra sem komu við sögu og margfalt meiri athygli á því sem átti að leyna.

Þriðja tilvikið er uppreisnin á fréttastofu Útvarps þegar stjórnvöld ætluðu að setja yfir hana yfirmann, sem lá undir grun um að vera þeim handgenginn.

Af þessum dæmum má draga þann lærdóm að blaða- og fréttamönnum þykir almennt miklu vænna um eigin starfsheiður en hagsmuni eigenda þeirra félaga sem þeir vinna hjá. Á því eru því miður undantekningar en sem betur fer mjög fáar. Íslenskt fjölmiðlafólk er upp til hópa mjög vel meðvitað um að húsbóndahollusta þess er við lesendur, hlustendur eða áhorfendur. Og enga aðra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Góð samskipti

Eins og frægt er orðið átti Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra fund með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, í byrjun september. Í svari við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur á Alþingi í gær kom hins vegar fram að tilgangur fundarins hefði verið að fara fram á að innlánsreikningar IceSave yrðu fluttir í breskt dótturfélag strax en Landsbankanum yrði gefinn frestur til flutnings á eignum á móti innistæðum þannig að fjármögnunarsamningar bankans röskuðust sem minnst. Því fór sem sagt fjarri að umræðuefni fundarins hefðu verið „góð samskipti þjóðanna á sviði fjármálamarkaðar" eins og sagði í opinberri tilkynningu á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins á sínum tíma.

Er það svo?

Þessu tengt: Utanríkisráðuneytið sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þess efnis að Björgvin G. Sigurðsson hafi sama dag stýrt ráðherrafundi EFTA í Genf, í fjarveru Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Í tilkynningunni kemur meðal annars fram að ráðherrarnir hafi lýst yfir ánægju með lok fríverslunarviðræðna við Perú. Höfum við einhverja ástæðu til að trúa því?

Hinn virti

Ásmundur Stefánsson er um það bil að verða fyrsti maðurinn sem fær staðfestingu Alþingis á að hann sé virtur. Í þingsályktunartillögu forsætisráðherra um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum segir að „virtur bankasérfræðingur" hafi verið skipaður til að stýra endurskipulagningu bankanna og er Ásmundur sá er um ræðir. Enn fremur segir að hann beri ábyrgð á að þróa, innleiða og skýra frá heildstæðri aðgerðaáætlun um endurskipulagningu bankanna. Samhliða þessu viðamikla og ábyrgðarfulla verkefni er Ásmundur formaður bankaráðs Landsbankans. Fer það saman?

bergsteinn@frettabladid.is

Sakamannasamfélagið

BRYNJAR NÍELSSON

Í DAG | Bankahrunið og réttarríkið

Prófsteinn réttarríkisins er ekki hvernig það virkar á meðan allt leikur í lyndi heldur hvernig það stenst þrýsting og verndar borgarana þegar veruleg vandamál og ágreiningur koma upp í samfélaginu. Hrun nær alls bankakerfisins, sem er í senn orsök og afleiðing af erfiðleikum fyrirtækja og heimila í landinu, er dæmi um slíkt.

Þótt þrot bankakerfisins sé stærra en við höfum áður séð og líkast til mun stærra en menn gerðu sér áður í hugarlund að gæti orðið, er rétt að hafa hugfast að hér var lagaumhverfi og réttarreglur, sem reynst hafa vel hér sem annars staðar, til að fást við þá stöðu sem upp var komin. Hrun stærstu bankanna gaf tæplega ástæðu til í upphafi til að breyta lögunum með þeim hætti sem gert var ólíkt því sem ætla mætti af opinberri umræðu.

Setning neyðarlaga

Með setningu neyðarlaganna í upphafi fjármálakrísunnar voru teknar úr sambandi hefðbundnar leikreglur réttarríkisins, m.a. að leita úrlausnar dómstóla um réttarágreining. Það hefur ekki verið upplýst hvernig var staðið að samningu þessara laga en svo virðist að milliríkjadeila vegna Icesave-reikninganna sé að miklu leyti tilkomin vegna setningar þessara laga. Hefðu menn talið nauðsyn á breyttum lögum vegna ástandsins var nær að vanda til verksins og sú lagasetning verið gerð með hefðbundnum hætti.

Síðan er það spurning hvort Ísland hefði ekki verið miklu trúverðugra gagnvart erlendum kröfuhöfum bankanna ef venjulegum úrræðum eins og greiðslustöðvun og gjaldþrotaskiptum hefði verið beitt í stað þeirrar leiðar sem farin er í neyðarlögunum. Líklegra er að erlendir kröfuhafar hefðu síður talið um mismunun að ræða við þær aðstæður og þeir jafnvel viljað koma að endurreisn bankanna til að gæta hagsmuna sinna. Öllum möguleikum í þessa átt var sennilega eytt með vanhugsuðum neyðarlögum.

Að fiska í gruggugu vatni

Okkur var öllum verulega brugðið við fall bankanna og fólk leitar eðlilega skýringa á því. Fólk er reitt og við þær aðstæður segir mannkynssagan okkur að réttarríkinu er hætta búin, sérstaklega ef stjórnmálamenn, fjölmiðlar og fjölmennir hagsmunahópar kynda undir ásakanir um refsiverða háttsemi einstaklinga sem stjórnuðu bönkunum og jafnvel annarra sem höfðu einhvers konar eftirlitshlutverk með fjármálastarfsemi í landinu.

Það er væntanlega enginn ágreiningur um það að fram fari rannsókn á orsökum á hruni bankanna og öðru í kjölfar þess. Hins vegar er afar sérkennileg krafan um að fram fari sakamálarannsókn á þessu stigi málsins þar sem enginn rökstuddur grunur er um að refsiverð brot hafi verið framin. Leiði hins vegar almenn rannsókn á orsökum hrunsins til þess að rökstuddur grunur sé um refsiverð brot einstakra manna eða einhver gögn komi fram um slíkt með öðrum hætti á að vísa málinu til viðeigandi yfirvalda til sakamálarannsóknar eins og lög gera ráð fyrir.

Það er í andrúmslofti sem þessu að upp spretta hugmyndir um breytingar á grundvallarreglum réttarfars og mannréttinda. Setja skal á fót sérstakt embætti saksóknara til að rannsaka hugsanleg afbrot manna án þess að rökstuddur grunur um brot liggi fyrir. Þetta hefur oft verið kallað að fiska í gruggugu vatni. Einnig eru hugmyndir uppi um að kyrrsetja eignir eigenda, stjórnenda og tengdra aðila þeirra fjármálastofnana sem ríkið tók yfir meðan verið er að athuga hvort refsiverð brot hafi verið framin. Löggjöf af þessu tagi er andstæð grunnreglum réttarríkisins. Það virðist vera að stjórnvöld í hinum vestræna heimi fari stundum á taugum og setji vanhugsaða löggjöf sem kippi úr sambandi grundvallarreglum réttarríkisins, sem tók svo langan tíma að koma á. Hryðjuverkalög margra landa í hinum vestræna heimi eru dæmi um það og hætta er á að slíkri löggjöf verði síðan beitt í víðtækari mæli en upphaflega var hugsað samanber beitingu breska ríkisins á þeim lögum gegn Íslendingum.

Fórnum ekki grunnréttindum

Þjóðfélagsgerð okkar réttarríkis er góð og hefur að mestu leyti virkað vel. Ástand það sem nú er hér á landi réttlætir ekki að grunnréttindum einstaklinga verði fórnað vegna almennrar reiði í samfélaginu. Ég er ekki að gera lítið úr því tjóni sem almenningur hefur orðið fyrir og ég hef skilning á reiði fólks en við megum ekki fara á taugum og fórna því réttaröryggi sem er nauðsynlegt svo hægt sé að lifa í frjálsu samfélagi. Innviðir samfélagsins og réttarríkið eru miklu meira virði en þau verðbréf sem hafa tapast að undanförnu.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

Misskilningur um makrílveiðar

SIGURÐUR SVERRISSON

UMRÆÐAN

Sigurður Sverrisson skrifar um makrílveiðar

Þeim ásökunum var haldið fram í frétt á vefsíðu BBC hinn 10. nóvember sl. að íslensk skip hefðu veitt fimmfalt meira magn af makríl en kvóti þeirra segir til um. Þetta er mikill misskilningur.

Ríkissjónvarpið tók fréttina upp í síðari kvöldfréttum þann sama dag. Þessum sömu ásökunum um ofveiði á makríl var aftur ranglega haldið fram í bakþönkum Kolbeins Óttarssonar Proppé í Fréttablaðinu þriðjudaginn 18. nóvember sl.

Sá 20 þúsund tonna kvóti sem vísað er til í upphaflegri frétt BBC tekur til veiða á alþjóðlegu hafsvæði. Íslendingar hafa hins vegar veitt 110 þúsund tonn af makríl innan eigin lögsögu. Samkvæmt Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa Íslendingar óskoraðan rétt til þessara veiða. Ásakanir um ofveiði eru því bæði rangar og villandi.

Hið rétta í málinu er að í heilan áratug hefur ósk Íslendinga um að fá að taka þátt í viðræðum annarra strandríkja um ákvörðun og skiptingu heildarkvóta makríls í NA-Atlantshafi ítrekað verið hafnað. Meginforsenda þeirrar höfnunar hefur verið að makríl sé ekki að finna innan íslensku lögsögunnar og því sé tilkall okkar til veiða úr stofninum ekki á rökum reist.

Af þessu leiðir að Íslendingar eru ekki aðilar að samkomulagi strandríkja um skiptingu makrílkvóta eins og öðrum deilistofnum á borð við síld, loðnu og kolmunna. Það er því beinlínis órökrétt að ætlast til þess að þriðji aðili hlíti skilmálum samkomulags sem gert er í óþökk hans og að honum fjarstöddum.

Á þessu ári hafa íslensk skip veitt um 110 þúsund tonn af makríl innan íslenskrar lögsögu. Hvort þessi afli nægir til þess að opna augu annarra strandríkja fyrir þeirri staðreynd að makríll veiðist í íslenskri lögsögu er önnur saga. Hitt er augljóst, að íslensk stjórnvöld eru óbundin af ákvörðunum annarra strandríkja um makrílkvóta þar til fulltrúum Íslands verður boðin aðild að gerð samninga um veiðarnar.

Höfundur er upplýsinga- og kynningarfulltrúi LÍÚ.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 26. nóvember 2008 – 49. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 VÍSIR

Orðskýringin
Hvað er skilanefnd?

6

Ársreikningaskrá
Sektað í fyrsta sinn fyrir vanskil reikninga

2

Jafet S. Ólafsson
Með hnullung í skónum

6

HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS Í REYKJAVÍK.

Glitnir kærir til FME

„Nýi Glitnir hefur tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um meint brot á þagnarskylduákvæðum laga um fjármálafyrirtæki," segir Tómas Sigurðsson, yfirlögfræðingur bankans.

Tómas vísar til þess að almenningur fékk aðgang að gögnum úr lánabók gamla Glitnis, þegar Morgunblaðið birti hluta þeirra á sunnudag. Þar kom meðal annars fram að helstu stjórnendur Glitnis hefðu, ásamt FL Group, sem var stærsti hluthafinn, brotið verklagsreglur við lánveitingar. Tugmilljarðalán hefðu verið ákveðin af fáum, án þess að lánveitinganefnd fjallaði um, eða áhætta væri metin.

Tómas segir meint brot tvíþætt: „Í fyrsta lagi er tilkynnt um þá háttsemi að trúnaðarupplýsingar um viðskiptamenn bankans hafi verið afhentar blaðamanni og í öðru lagi þá háttsemi Morgunblaðsins að birta upplýsingarnar. Lög um fjármálafyrirtæki kveða skýrt á um það að sá sem veitir trúnaðarupplýsingum viðtöku sé bundinn þagnarskyldu á sama hátt og starfsmenn bankans. Bankinn stendur vörð um þær upplýsingar sem honum er trúað fyrir af viðskiptamönnum sínum og getur ekki látið það átölulaust að skýlaus ákvæði um þagnarskyldu séu brotin."

Karl Blöndal, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, bendir á að dómar hafi fallið þar sem almannahagsmunir væru metnir ríkari en þagnarskyldan. „Við mátum það svo í þessu tilviki." - ikh, bih

FRÉTTIR VIKUNNAR

Bílalán seðlabanka | Bandaríska viðskiptaráðuneytið ætlar að verja á bilinu 25 til 100 milljörðum dollara til að auka framboð ýmissa neytendalána. Kaupa á skuldvafninga sem innihalda bílalán, kreditkortaskuldir og námslán.

Minni fasteignasala | Sala á eldra húsnæði í Bandaríkjunum dróst saman um 3,1 prósent milli mánaða í október. Sölutölur í mánuðinum voru undir væntingum hagfræðinga. Óseldum eignum á söluskrá fækkaði þó lítillega milli mánaða.

Svart útlit í Bretlandi | Hrun hefur orðið í umsóknum um fasteignalán í Bretlandi, en tölur frá samtökum fasteignalánveitenda sýna að bankar veittu helmingi færri fasteignalán í október en fyrir ári.

Minni DVD-sala | Sala á DVD-diskum, sem eru helsta tekjulind kvikmyndavera í Hollywood, hefur dregist saman um fjögur prósent það sem af er ári. Mestur er samdrátturinn í dýrum nýjum myndum, 22 prósent. Þá er sala á Blue-ray diskum langt undir væntingum.

Hætt við kaup | BHP, stærsta námufélag heimsins, er hætt við yfirtöku sína á Rio Tinto, móðurfélagi álversins í Straumsvík. Forstjóri BHP segir yfirtökuna mjög kostnaðarsama og væri erfitt að selja eignir upp í skuldir nú um stundir.

Bankaleynd ekki aflétt

Bankarnir óttast viðurlög, ef þeir segja frá viðskiptum sínum. Kaupþing hyggst ekkert birta nema dómstólar krefjist þess.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Ef svo ólíklega vill til að leynd um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga verða afnumin sem bersýnlega er andstæð ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og væntanlega einnig brot á tilskipun Evrópusambandsins um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja mun bankinn synja um afhendingu gagna nema samkvæmt dómi Hæstaréttar og eftir atvikum niðurstöðu Evrópudómstólsins." Svo segir í svari Kaupþings við beiðni Markaðarins og Fréttablaðsins um gögn úr bankanum.

Blaðið skrifaði forsvarsmönnum Glitnis, Landsbankans og Kaupþings, auk Fjármálaeftirlits (FME), viðskiptaráðherra og seðlabankastjóra. Óskað var gagna eða vitneskju um útlán bankanna.

Bankarnir hafa þegar svarað, og eru svörin skýr. Upplýsingar verði ekki látnar af hendi, vegna bankaleyndar. Landsbankinn og Glitnir segjast ekki munu láta af hendi nein gögn, nema til komi tilmæli frá Alþingi, í formi laga. Kaupþing bætir við að hæpið sé að lagasetning „geti með afturvirkum hætti tekið til lánveitinga sem áttu sér stað fyrir gildistöku slíkra laga".

Þá fullyrða Kaupþingsmenn að verði upplýsingar veittar, gerist starfsmenn sekir um að brjóta gegn lögum um bankaleynd og upplýsingalög. Tveggja ára fangelsi liggi við slíkum brotum. „Engin heimild er til refsilækkunar á grundvelli þess að seðlabankastjóri telji að bankaleynd eigi ekki við um þessi mál."

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á fundi Viðskiptaráðs fyrir viku, að bankaleynd ætti ekki við, þegar fjallað væri um aðdraganda bankahrunsins. Hann fullyrti að einn aðili, sem hann nefndi ekki, hefði fengið þúsund milljarða að láni hjá bönkunum. Eftirlitsaðilar hefðu „teygt sig með ólíkindum langt til að finna út að sami aðili væri óskuldur sjálfum sér".

Samkvæmt hálfsársuppgjöri bankanna námu lán til venslaðra aðila um 275 milljörðum króna. Samkvæmt nýjustu tölum Seðlabankans, sem birtar voru í upphafi vikunnar, námu lán þeirra til innlendra aðila hátt í 5.000 milljörðum króna. Um þriðjungur þess fór til eignarhaldsfélaga.

Kaupþing segir í svari við fyrirspurn blaðsins, að lán til tengdra aðila hafi verið komið á framfæri við FME. Þá segir að reglur um friðhelgi um einkamálefni hafi verið kallaðar grundvallarreglur réttarríkisins. „Það ástand sem nú ríkir felur ekki í sér réttlætingu á því að slíkum reglum sé vikið til hliðar. Þvert á móti hefur sjaldan verið mikilvægara að standa vörð um slík grundvallarréttindi."

Taka yfir Glitni í New York

„Þegar skilanefnd Glitnis tók bankann yfir var tilkynnt að allri erlendri starfsemi yrði hætt. Starfsemin í Bandaríkjunum fór fram í hlutafélagi sem bar nafnið Glitnir Capital Corporation og var með tvenns konar starfsemi; fjárfestingar sem voru bókaðar hjá móðurfélaginu á Íslandi og eru í eigu þess félags og í öðru lagi ráðgjöf til viðskiptavina sem var veitt af starfsmönnum skrifstofunnar," segir Magnús Bjarnason, einn fjögurra fyrrverandi starfsmanna Glitnis, sem hafa tekið yfir rekstrurinn í New York.

Jónína Benediktsdóttir athafnakona spurði iðnaðarráðherra út í sölu skrifstofunnar á borgarafundi í Háskólabíói á mánudagskvöld. Hann kannaðist þá ekkert við málið.

Magnús segir að eðli málsins samkvæmt sé ráðgjöf bundin við starfsmennina sem á sviðinu starfi, Jonathan Logan, Ignacio Kleiman, Magnús Bjarnason og Timothy Spanos. Hafa þeir stofnað fyrirtækið Glacier Partners til þess að halda þeirri starfsemi áfram. Hann segir útlán og fjárfestingar Glitnis hafa gengið vel í Bandaríkjunum og slíkar eigur séu áfram í eigu gamla Glitnis.

Skilanefnd Glitnis sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær, þar sem fram kemur að skrifstofa gamla Glitnis í New York hafi verið söluskrifstofa í leiguhúsnæði með óverulegum eignum. „Ljóst er að ekki var um hátt söluverð að ræða enda eignir óverulegar. Lánasafn var ekki selt með starfseminni og bankinn losnaði við allar skuldbindingar sem skrifstofunni fylgdu. Aðrar eignir, s.s. málverk, voru undanskilin í sölunni í samræmi við tilmæli menntamálaráðuneytis og hafa verið send til Íslands." - bih

OPTICAL STUDIO LEIFSSTÖÐ – EINSTÖK SÉRVERSLUN Á FRÍHAFNARSVÆÐI

Alltaf 25% ódýrari, gleraugu, linsur, sólgleraugu

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ
10 ára

ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUAÐILAR: OPTICAL STUDIO SMÁRALIND, OPTICAL STUDIO KEFLAVÍK

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	7,0%	-45,2%
Atorka	-20,6%	-94,9%
Bakkavör	-13,2%	-96,0%
Eimskipafélagið	-3,0%	-96,3%
Exista	0,0%	-76,6%
Icelandair	-0,8%	-52,8%
Kaupþing	0,0%	-100,0%
Marel	-7,7%	-23,2%
SPRON	0,0%	-79,2%
Straumur	0,0%	-53,1%
Össur	-8,8%	-3,2%

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvalsvísitalan OMXI15 637.*

Ekki stefnt að sölu D'Angleterre

„Ég veit ekki hvaðan þessar upplýsingar eru komnar, svo sannarlega ekki frá mér," segir Gísli Reynisson, meirihlutaeigandi í eignarhaldsfélaginu Nordic Partners, sem á dönsku hótelin Kong Frederik, Front og D'Angleterre, eitt þekktasta hótel Norðurlanda.

Nordic Partners keypti rekstrarfélag hótelanna í fyrrahaust Kaupverð var ekki gefið upp.

Danska dagblaðið Berlingske Tidende sagði í gær verðið hafa verið nálægt einum milljarði danskra króna. Í kjölfar bankahrunsins hafi orðrómur farið á kreik um að Nordic Partners þreifi fyrir sér með sölu. Danskir fjárfestar hafi ekki áhuga á hótelunum og séu fjárfestar frá Þýskalandi, Hollandi og Austurríki helst taldir koma til greina. Þeir horfi til mikillar uppstokkunar. Eins og aðstæður séu í dag hafi fáir áhuga nema á niðursettu verði.

GÍSLI VIÐ D'ANGLETERRE Flottasta hótel Norðurlandanna stendur í hjarta Kaupmannahafnar við Nytorv. MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

Gísli undrast umfjöllun blaðsins, segir hana á svipuðum nótum og í byrjun mánaðar þegar Berlingske sagði hótelin komin í eigu Landsbankans. Hið rétta sé að bankinn hafi komið að fjármögnun kaupanna.

„Sem fjárfestingarfélag höfum við ekkert á móti því að selja hlut í hótelunum. En sala á þeim er ekki í myndinni," segir Gísli. **- jab**

Það versta enn sagt vera eftir

„Þetta er bara byrjunin," segir Oliver Blanchard, aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF). Á sunnudag sagði hann að fjármálakreppan ætti enn eftir að versna og að ástand á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum myndi ekki batna fyrr en 2011.

Blanchard varar við því að IMF ráði illa við að aðstoða öll lönd sem þyrfti ef ástandið versnaði.

Þá segir hann að spár sjóðsins geri ráð fyrir að hagkerfi iðnríkjanna dragist saman á næsta ári og hagvaxtar sé ekki að vænta fyrr en árið 2010. **- msh**

Teva tekur Barr

Hluthafar í bandaríska samheitalyfjafyrirtækinu Barr Pharmaceuticals samþykktu um helgina yfirtökutilboð ísraelska lyfjafyrirtækisins Teva.

Bæði fyrirtækin öttu kappi við Actavis um fyrirtækjakaup á síðastliðnum tveimur árum. Barr hafði betur í baráttunni um króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva árið 2006 en Teva blandaði sér í baráttuna um samheitalyfjahluta þýska lyfjarisans Merck í fyrra. Bæði Actavis og Teva drógu sig í hlé í seinna skiptið þar sem verðmiðinn var of hár.

Tilboð Teva í Barr, sem lagt var fram í júlí í sumar, hljóðar upp á 7,46 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rétt rúmra eitt þúsund milljarða íslenskra króna. Reiknað er með að kaupin gangi í gegn fyrir árslok, segir MarketWatch. **- jab**

HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA Fyrir árslok er stefnt að því að sameina tvö lyfjafyrirtæki sem kepptu við Actavis í fyrirtækjakaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki mátti sekta Atorku

Kauphöllin mátti ekki veita Atorku Group opinbera áminningu og beita févíti haustið 2006, samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Kauphöllin taldi hálfsársuppgjörstilkynningu Atorku 30. ágúst 2006 ekki í samræmi við reglur. Í septemberlok birti Atorka aðra tilkynningu, en fékk svo áminningu Kauphallarinnar og sekt upp á 2,5 milljónir króna.

Atorka vann mál gegn Kauphöllinni í héraðsdómi í desember í fyrra, en Kauphöllin áfrýjaði til Hæstaréttar. Kristín Edwald, lögmaður Atorku í málinu, segir félagið fagna niðurstöðunni. Skaðinn sé hins vegar skeður því rúm tvö ár séu síðan áminning félagsins var birt á vef Kauphallarinnar þar sem fjárfestar nálgist upplýsingar um skráð félög.

„Við teljum að dómurinn sýni að reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur séu óskýrar og málsmeðferðin óásættanleg. Atorka fékk til að mynda ekki tækifæri til að andmæla áminningunni eða bregðast við að öðru leyti áður en hún var birt," segir Kristín.

Samkvæmt dómnum á Kauphöllin að birta niðurstöðuna á vef sínum og endurgreiða með vöxtum sekt Atorku. **- óká**

Þrír í þrot í viðbót

Á föstudag tók tryggingarsjóður bandarískra innstæðueigenda, FDIC, yfir þrjá banka. Tveir bankanna, staðsettir í Kaliforníu, voru tiltölulega stórir, en þriðji bankinn var smábanki með fjögur útibú í Georgíuríki. Kaliforníubankarnir Downey Savings and Loan og PFF Bank and Trust, sem eiga samtals 213 útibú í Kaliforníu og Arizona og 16,5 milljarða í eignum, voru lagðir í heilu lagi undir US Bank. Allir urðu bankarnir gjaldþrota sökum stórtaps af fasteignalánum. Það sem af er árinu hafa nú 22 bankar orðið gjaldþrota í Bandaríkjunum, en FDIC hefur nánar gætur á 117 bönkum til viðbótar. **- msh**

Fyrstu sektir gætu numið 500 milljónum

Reglugerð um skil og birtingu ársreikninga hefur tekið gildi. Ársreikningaskrá beitir sektum fyrir vanskil í fyrsta sinn. Í sumar áttu yfir tvö þúsund fyrirtæki eftir að skila reikningi.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Vanræki fyrirtæki að skila inn ársreikningi til Ársreikningaskrár ríkisskattstjóra ber að beita sektum, samkvæmt nýjum lögum og reglugerð um skil ársreikninga og samstæðureikninga. Um verulegar upphæðir getur verið að ræða þar sem fjöldi fyrirtækja hefur verið í vanskilum með ársreikninga sína, jafnvel árum saman.

Samkvæmt nýrri reglugerð um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, sem gildi tók í sumar, skal sekt fyrir vanskil vera 250 þúsund krónur. „Ef félag vanrækir að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá í tvö eða fleiri reikningsár í röð skal fjárhæðin samkvæmt fyrstu meðgrein vera 500.000 krónur fyrir hvert ár," segir í reglugerðinni.

Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður Ársreikningaskrár, segir að fyrirtækjum í vanskilum með reikninga sem skila hafi átt í fyrra vegna ársins 2006 hafi þegar verið gerð grein fyrir stöðu sinni. Stofnunin sendi í byrjun árs út áminningu til vanskilafyrirtækja þar sem bent var á að í ár tækju gildi ný lög með sektarheimild vegna vanskila. Í kjölfarið var skilað inn um 4.000 ársreikningum, en um mitt ár áttu engu að síður yfir 2.000 fyrirtæki eftir að skila reikningi vegna ársins 2006. Fyrstu sektir gætu því numið hálfum milljarði króna.

Guðmundur segir endanlegar tölur hins vegar ekki liggja fyrir. Þá er enda óvíst hversu mikið innheimtist af sektum, enda kann hluti fyrirtækjanna að hafa hætt starfsemi og því bara til á pappír sem „dauð" félög og önnur jafnvel á leiðinni í gjaldþrot.

Þá reynir ekki strax á hærri sektarákvæðin vegna vanskila í tvö ár eða fleiri þar sem reglugerðin og gildandi lög um skil árs- og samstæðureikninga ná bara til reikningsársins sem hófst 1. janúar 2006 eða síðar. Áður hefur komið fram að nokkur fjöldi fyrirtækja hefur mun lengri hala og ekki skilað ársreikningum árum saman.

Ný lög um ársreikninga tóku gildi um síðustu áramót og átti reglugerðin að liggja fyrir í maílok. Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sagði í viðtali við Markaðinn í vor fá dæmi til frá dómstólum um að fyrirtæki hafi verið sektuð fyrir að skila ekki ársreikningum. „Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem Ársreikningaskrá fær þessa heimild beint," sagði hann.

GUÐMUNDUR GUÐBJARNASON Guðmundur, sem er forstöðumaður Ársreikningaskrár, segir ekki liggja fyrir endanlegar upplýsingar um sektir sem ársreikningaskrá beitir nú í fyrsta sinn eftir að hafa fengið til þess heimild í nýjum lögum og reglugerð. MARKAÐURINN/ANTON

Viðskiptaráð Íslands hefur eftir fall bankanna hér og í erfiðleikum fyrirtækja beint sjónum að mikilvægi þess að betur sé hugað að allri upplýsingagjöf, með það fyrir augum að auðvelda uppbyggingu og efla traust á íslensku viðskiptalífi á ný. Bent hefur verið á að erlend greiðslufreststryggingarfélög hafi fellt niður tryggingar sínar vegna örðugleika í gjaldeyrismiðlun og þar með hafi fyrirtæki misst greiðslufresti sína, mislanga eftir atvikum. „Þetta setur gríðarlegt álag á lausafjárstöðuna hjá þessum fyrirtækjum," sagði Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, nýverið í viðtali við Fréttablaðið. Komist greiðslumiðlun í lag, áréttar hann að fyrirtækin þurfi um leið að standa betur að upplýsingagjöf. „Greiðslutryggingafyrirtækin koma ekki inn aftur án þess að fyrir liggi upplýsingar um efnahagsreikning fyrirtækja og greiðslugetu."

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

,,Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf. Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera vel upplagður þannig að ég legg áherslu á hollt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone. Ég vil geta valið hvernig ég ver frítíma mínum og Slendertone er ótrúlega einfalt og þægilegt í notkun og nákvæmlega engin fyrirhöfn. Ég nota Slendertone þegar ég vinn í tölvunni, horfi á sjónvarpið, þegar ég fer út að ganga eða hvenær sem ég hef lausan tíma".

Heimir Karlsson
dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni í bítið.

Eitt stjórntæki með hleðslurafhlöðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra
kr. 29.900,-

DÖMUPAKKI 1*
Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

DÖMUPAKKI 2*
Belti + buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 39.900.-

DÖMUPAKKI 3*
Belti + buxur + armar
þjálfar kviðvöðva, rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 46.900.-

HERRAPAKKI 1
Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

* væntanlegir í byrjun desember

SLENDERTONE System

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

KORTER.IS

Hundruð milljarða lán í þagnargildi

Seðlabankastjóri, dómsmálaráðherra og formaður viðskiptanefndar Alþingis telja að bankaleynd eigi ekki við vegna gömlu bankanna. Útlán gömlu bankanna til eigenda sinna námu hundruðum milljarða króna. Ingimar Karl Helgason spurðist fyrir um málið og komst að því að bankamenn óttast fangelsisdóma verði almenningur upplýstur um málið.

Takmarkaðar upplýsingar eru um lánveitingar til eigenda í uppgjörum bankanna. Gömlu bankarnir þrír lánuðu eigendum sínum og félögum þeirra hundruð milljarða króna, samkvæmt uppgjörum, en lengra verður ekki komist eftir þeirri leið. Lánabækur bankanna búa væntanlega yfir fyllri mynd af stöðu mála.

Birtar hafa verið upplýsingar um ýmsar lánveitingar Glitnis. Umfjöllun Morgunblaðsins á dögunum vekur spurningar um hvort þar og víðar í bankakerfinu hafi allt verið með felldu. Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, og Jón Ásgeir Jóhannesson, athafnamaður og helsti eigandi Fréttablaðsins, fordæma meint brot á lögum um bankaleynd.

VIÐ GJALDKERABORÐIÐ Trúnaður banka við viðskiptavini kann að hafa skírskotanir við annan trúnað, svo sem læknis við sjúkling sinn, eða prests við sóknarbarn. Eftir hrun bankanna hefur ágerst umræða um hvort aflétta beri bankaleynd. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

HVAÐ ER BANKALEYND?

Bankaleynd merkir í raun þagnarskyldu stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja, „um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskiptaeða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum“, segir í þingskjali. Sama gildir um þagnarskyldu um persónuleg málefni fólks, þar á meðal fjárhag, einnig er getið um þagnarskyldu í lögum um lögmenn og endurskoðendur. Í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki er í skýringum rætt um að þar séu „almennar reglur um bankaleynd“.

Í hinum sömu lögum er raunar undanþága frá bankaleynd. Hún er bundin samþykki þess sem upplýsingarnar eiga við.

Rætt var um bankaleynd á fjölmennum borgarafundi í Háskólabíói í fyrrakvöld. Einn fyrirspyrjandi undraðist að hún væri nú fyrir hendi. Fyrirspyrjandinn tók þar undir með Davíð Oddssyni seðlabankastjóra, og raunar dómsmálaráðherra einnig. Davíð sagði á fundi Viðskiptaráðs fyrir viku, að bankaleynd ætti ekki við vegna gömlu bankanna. Upplýsa þyrfti hvers vegna þeir hefðu hrunið. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir ekki ásættanlegt að mál sem koma upp vegna bankakreppunnar séu sveipuð leyndarhjúp. Hugtök eins og þagnarskylda og bankaleynd eigi að heyra sögunni til þegar jafn mikilvægir hagsmunir séu í húfi og nú. Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar og formaður viðskiptanefndar Alþingis, hefur enn fremur rætt um bankaleynd við þessar aðstæður. „Í mínum huga er tómt mál að tala um að gera málið upp og varpa ljósi á álitamál ef menn geta falið stór og smá mál í bankaleynd.“

LITLI BANKAMAÐURINN

Í frumvarpi um sérstakan saksóknara vegna bankahrunsins, sem Björn Bjarnason hefur mælt fyrir á Alþingi, kemur fram að starfsmaður banka sem veitir upplýsingar, verði ekki sóttur til saka. Með öðrum orðum, sé grunur um alvarlegt brot, eigi bankaleyndin ekki við. Þá taki heimildir saksóknarans til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, jafnframt þeirra brota sem Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið rannsaka. Þannig geti starfsmenn bankanna öðlast stöðu „whistle blower“ eins og það heitir á ensku og hefur stundum verið kennt við starfsmann Landsímans, sem upplýsti um sitthvað misjafnt þar á bæ og var í framhaldinu nefndur „Litli Landsímamaðurinn“.

BRÝTUR MARKAÐURINN LÖG?

Markaðurinn og Fréttablaðið hafa lagt sig fram um að afla gagna úr gömlu bönkunum, meðal annars um lánveitingar til fyrrverandi eigenda þeirra. Spyrja má hvort þannig brjóti blaðið lög, eða í það minnsta, með augljósa hagsmuni lesenda í huga, leggi sig fram um lögbrot. Skrifað hefur verið til viðskiptaráðherra, Seðlabanka, auk Fjármálaeftirlitsins og allra bankanna þriggja og skilanefnda þeirra.

Efnisleg svör bankanna við beiðni um upplýsingar úr lánabókum eru skýr: Nei!

Engin svör hafa borist úr Seðlabanka. Viðskiptaráðherra þegir þunnu hljóði og Fjármálaeftirlitið var enn að hugsa þegar þessi grein rann undir valsana í prentsmiðjunni.

AF HVERJU?

Morgunblaðið hefur þegar komist yfir upplýsingar úr lánabókum Glitnis gamla og birt. Í fréttaskýringu blaðsins sagði frá ýmsum lánum til ýmissa aðila, þar á meðal félaga sem fáar skýringar virðast vera á. Blaðamaður Morgunblaðsins fullyrðir raunar að mörg lán og há, hafi verið veitt í trássi við útlánareglur bankans og að helstu eigendur bankans hafi verið þar að baki. Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri, og Jón Ásgeir Jóhannesson hafa sagt að þar hafi bankaleynd verið brotin. Birna Einarsdóttir brýnir bankaleyndina fyrir starfsfólki í bréfi sem hún sendi í vikunni.

Markaðurinn greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að lán bankanna til eigenda sinna hefðu samkvæmt bókum bank-

MORGUNFUNDUR SA UM
ÞJÓNUSTUTILSKIPUN ESB

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK
FÖSTUDAGINN 28. NÓVEMBER - KL. 8:30-10:00

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að hafa innleitt þjónustutilskipun ESB í íslensk lög fyrir árslok 2009. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja betur frjáls þjónustuviðskipti í Evrópu.

Þjónustutilskipun ESB er ætlað að einfalda regluverk og samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Samtök atvinnulífsins hvetja félagsmenn til að mæta og kynna sér tilskipunina og möguleg áhrif hennar á íslenskt atvinnulíf.

Erindi:
Carlos Almaraz, sérfræðingur frá BUSINESSEUROPE
Gunnar Þór Pétursson, hdl. sérfræðingur við lagadeild HR
Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur hjá viðskiptaráðuneytinu

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA
Skráning og morgunkaffi frá 8:00-8:30

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Af hverju bankaleynd?

DAVÍÐ ODDSSON

Davíð Oddsson seðlabankastjóri var skýr um bankaleynd gagnvart gömlu bönkunum í ræðu sinni hjá Viðskiptaráði á dögunum:

„En við þau tímamót sem nú hafa orðið, þegar talað er um rannsóknir og að velta eigi við hverjum steini, af hverju er þá ekkert upplýst um hvers vegna bankarnir hrundu? Af hverju fær almenningur, sem á að borga brúsann, og sá brúsi er engin smásmíði, engar gagnlegar upplýsingar þótt allt ætti nú að vera á borðinu hjá þeim sem hafa mál hinna föllnu banka í höndunum og allt að blasa við eins og opin bók. Niðurfelling forráðamanna Kaupþings á ábyrgðum sínum og annarra hafði legið fyrir vikum saman án þess að nokkuð væri um það upplýst. Það var ekki fyrr en hneykslaðir starfsmenn láku þessum upplýsingum út sem þær urðu almannaeign. Og síðan hefur ekkert verið upplýst, hvernig því máli verður fylgt eftir.

Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi. Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi? Bankaleynd á ekki lengur við hvað þessi atriði varðar.“

JÓLAGJAFIR til barna og unglinga eru meðal þess sem mæðrastyrksnefnd í Hafnarfirði tekur á móti fyrir jólin til þess að létta byrðar þeirra sem minnst mega sín um jólahátíðina. Tekið er á móti gjöfunum í Jólaþorpinu.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

NÝR STAÐUR Í HJARTA BÆJARINS

ÚTSÝNISFERÐ FYRIR BRAGÐLAUKANA

BORDAPANTANIR Í SÍMA +354 595 8545

Ingólfsstræti 1 . 101 Reykjavík . www.panoramarestaurant.is

panorama restaurant

jol.is

Sigríður heldur upp á heimstónlist og fékk útrás fyrir áhugann á Womex-hátíðinni og ráðstefnunni á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allir heimsins hljómar

Sigríður Stephensen, dagskrárgerðarmaður á Rás 1, brá sér nýverið á heimstónlistarhátíðina og -ráðstefnuna Womex á Spáni. Þar koma saman áhugaverðir tónlistarmenn héðan og þaðan úr heiminum.

Sigríður Stephensen, dagskrárgerðarmaður á Rás 1, hefur á síðustu árum vakið athygli á heimstónlist í útvarpsþættinum Til allra átta. Nýlega skellti Sigríður sér á heimstónlistarhátíðina og -ráðstefnuna Womex á Spáni, þar sem kennir ýmissa grasa í tónlist.

„Womex er aðalhátíðin þar sem allur tónlistarbransinn kemur saman. Ekki aðeins tónlistarmenn heldur líka útgefendur, umboðsmenn, fjölmiðlafólk og fleiri," segir Sigríður um þennan árlega tónlistarviðburð, sem var að þessu sinni haldinn í ráðstefnuhöllinni í Sevilla. Alls voru 49 tónlistaratriði flutt í ár og segist Sigríður hafa átt fullt í fangi með að fylgjast með þeim.

„Maður nær aldrei að sjá allt og verður eiginlega að vera á hlaupaskónum. Það er svo margt í gangi í einu þannig að maður fær rétt svo smjörþefinn af hverju og einu atriði. Dagskráin er fjölbreytt eftir því, allt frá kyrrlátum og lágstemmdum atriðum upp í rokk, salsa og stuð. Íslendingur tróð meira að segja upp, Ólöf Arnalds, og vakti mikla athygli," útskýrir hún og bætir við að nokkrir tónlistarmenn hafi staðið upp úr á hátíðinni.

„Meðal annars kínversk kona, Liu Fang, sem lék af einstakri snilld á kínverskt strengjahljóðfæri, sem kallast pípa. Líka sjö manna sönghópur frá Korsíku, sem er með rosalega þéttan og fallegan tón, og svo hress og taktfastur slagverkskvartett frá Kóreu. Síðast en ekki síst allsérstök lúðrasveit, sem kallast Amazonurnar frá Gíneu, skipuð konum sem troða upp í hermannaklæðum."

Sigríður segist hafa nýtt tímann til að safna efni fyrir plötusafn Ríkisútvarpsins, mynda tengsl við þátttakendur og gesti og hlýða á fyrirlestra sem fluttir voru af sérfræðingum í heimstónlist. „Fyrirlestrarnir, sem fara flestir fram á daginn, eiga sinn þátt í að aðgreina hátíðina frá öðrum viðburðum af þessum toga, þar á meðal Womad-hátíðinni þar sem eingöngu tónlist er leikin. Til dæmis fluttu þarna fyrirlestra fræðimenn, sem hafa rannsakað tónlist minnihlutahópa, eins og Hollendingur sem fjallaði um tónlist Mólúkkaeyja. Í kringum 4.000 manns sveimuðu um til að afla sér fróðleiks," segir hún.

Sigríður kemur því heim reynslunni ríkari eftir veru sína í Sevilla og hlakkar til að deila henni með landsmönnum á öldum ljósvakans.

roald@frettabladid.is

SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Fallegir minjagripir, íslensk hönnun, handverk og fróðlegar bækur

Safnbúð Þjóðminjasafnsins framleiðir vandaða minjagripi, leikföng og gjafavöru. Ný og fersk hönnun sem færir muni, ljósmyndir, myndlist og handverk safnsins í nútímalegan og fallegan búning.

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is

Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11-17

Á FERÐINNI

SUNDLAUGAR eru á annað hundrað á Íslandi. Á vefnum ferdalag.is má finna ýmsar upplýsingar um sundlaugarnar eins og afgreiðslutíma.

ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

Við Lake Birrabeen á eyjunni Fraser Island við austurströnd Ástralíu.

Hið fullkomna land

Ævintýraþráin rak Snorra Pál Þórðarson, starfsmann félagsmiðstöðvarinnar Mekka í Kópavogi, út í heim strax eftir stúdentspróf. Í byrjun sameinaði hann enskunám og útilíf við strönd Ástralíu.

„Það var sumar í Ástralíu og vetur hér. Því ákváðum við tveir félagar að demba okkur út. Fórum 17. janúar og ferðalagið tók 36 tíma frá því lagt var upp frá Keflavík þar til komið var á áfangastað. Við fórum fyrst í skóla og bjuggum á heimavist þar sem við kynntumst fólki frá öllum heimshornum.“ Þannig byrjar Snorri Páll frásögn af ferðalagi sínu um Ástralíu og Asíu. Spurður hvernig honum hafi komið Ástralía fyrir sjónir svarar hann dreyminn: „Sem hið fullkomna land. Alltaf gott veður, rólegt andrúmsloft og íbúarnir afskaplega hjálpsamir. Þar virtist algerlega eðlilegt að hafa gaman af lífinu, vera á brimbrettum, grilla með félögunum og skemmta sér á heilbrigðan hátt. Allt var hannað kringum ungt fólk þar sem við vorum enda hét staðurinn Surfers Paradise.“ Ekki vill Snorri Páll þó viðurkenna að vera leikinn á brimbretti. „Ekki leikinn en kannski farinn að geta staðið,“ segir hann brosandi.

Eftir níu vikna dvöl í skólanum héldu þeir félagar á flakk, fóru fyrst til Sydney sem var 12 tíma ferðalag í rútu og voru þar á mikilli hátíð. Svo til Fraser Island sem Snorri Páll segir ferðamannaparadís. Síðan var Ástralía kvödd og haldið til Taílands. „Það var dálítið menningarsjokk að koma til Bangkok frá Ástralíu. Sölumennskan var allsráðandi, mikið kraðak á götunum, 40 stiga hiti og matarlyktin megn,“ lýsir hann. „En við höfðum pantað okkur ferð með fólki hvaðanæva að og fórum fyrst til Krabi og þaðan í siglingu, meðal annars til eyjarinnar sem myndin Beach með Leonardo de Caprio er tekin á. Svo til Shaing Mai sem er með stærstu borgum Taílands og síðan upp um fjöll í Norður-Taílandi og hittum þjóðflokka sem hafa lifað þar frá örófi alda. Reyndar var forsetinn nýlega búinn að gera rassíu þar vegna ópíumræktunar og hafði hreinsað til með drápum og fangelsunum. Við gistum í trjákofum og klósettin voru kannski ekki alveg upp á það besta. En við fórum í munaðarleysingjaþorp, prófuðum bambusrafting niður á og ferðuðumst á fílsbaki. Þetta var mikið ævintýri í það heila.“

Planið hjá Snorra Páli var að fara aftur út í janúar 2009, til Ástralíu og víðar, en eins og efnahagsástandið er núna telur hann það ekki gerlegt. „Það er betra að vita hvar maður hefur gjaldmiðilinn næsta dag,“ bendir hann á að lokum.

gun@frettabladid.is

Rögnvaldur, Snorri Páll og Alan við óperuhúsið í Sydney.

Villtur api með afkvæmi sitt að fá sér vatnssopa. Myndin tekin á Monkey Island sem er í eyjaklasa við Taíland.

Í Taílandi. Þarna var gist í þrjár nætur í fljótaþorpi.

Í grennd við fljótaþorp í Taílandi var siglt, synt og skoðaðir athyglisverðir hellar.

JÓLAMARKAÐUR verður í gamla Byko-húsinu við Hringbraut frá 29. nóvember til 23. desember. Fyrst verður opið á virkum dögum frá 12 til 19 en um helgar frá 11 til 17.

JÓLIN KOMA

Kjóll 1.990 kr., bolur 1.990 kr., sokkabuxur með demants-steinum 1.490 kr., fæst í Name it.

Glerfínt á guttann. Buxur 4.500 kr., jakki 4.990 kr., skyrta 2.990 kr., fæst í Name it.

Grænt og gæjalegt. Peysa 3.900 kr., flauelsbuxur 3.900 kr., bolur 2.300 kr. Frá Polarn O. Pyret.

Golla 3.900 kr., skokkur 4.900 kr., gammos-íur 2.800 kr., frá Polarn O. Pyret.

Prúðbúin jólabörn

Á jólum skarta börnin sínu fegursta. Aðallega eru það uppljómuð and-litin sem vekja aðdáun og eftirtekt en einnig litrík og falleg klæði.

Varla er hægt að hugsa sér nokkuð fallegra en prúðbúin börn með blik í augum á aðfangadag.

Litlar prinsessur og jakkafataklæddir herrar, sem bíða spennt eftir því að hátíðin gangi í garð, eru þá á hverju strái.

Í lok dags má svo lesa matseðil dagsins á fötunum og hafa bindi og hárspennur ósjaldan fengið að fjúka.

Í kjölfarið rekur hvert jólaboðið annað og þá sjást krílin valhoppa um í léttari og litríkari klæðum.

vera@frettabladid.is

Myndavélar, mikið úrval kynntu þér verðin á fotoval.is

FOTO VAL

Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

ALLT MATUR

Alla föstudaga

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Crysler Stratus,árg 2000, ek 264. þ.km, Tilboð aðeins 299.þ.kr. Uppl hjá Netbilar.is s: 588-5300

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

Pit bike Xmotos 125cc, 2 litir. Verð aðeins 159 þús.

Dirt bike Xmotos 250cc, 2 litir, stillanlegir demparar. Upside down, bæði aftan og framan. Aðeins 248 þús.

Hippar. Litir: Rauður, svartur og blár, aðeins 155 kg. Töskur, rollbar, hjálmur, vindhlíf, skrásetning. 250cc. Verð 298 þús. Verð sem aldrei kemur aftur !

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

AUDI A4 SEDAN 130 HÖ, árg 9/2001, ek 108 þ. km, Sjálfskiptur 2.0L, Skoðaður 09, Góður bíll, Verð 1.190.þ Áhv 747 þ. Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

PORSCHE CAYENNE TURBO, árg. 3/2003, ek.71þús.km, 451 hö, Sjálfsk, leður, lúga, Glæsilegur bíll og einn með öllu! Tilboð 6390 þús.kr stgr!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Volvo FL6 árg. '88 ek. 400 þús. með lyftu og kassa, nýjum dekkjum í góðu standi. Ssk. Uppl. 662 1537 Rúnar.

Til sölu Toyota Corolla árg. 1998, 1600, 5g. Sk. 09. Dráttarb. Mjög gott útlit og ástand. Ásett verð 380þ. Uppl. í s. 664 8363.

Land Cruiser 120 VX '03 einn með öllu, lúga, krókur. Verð 395.0000. Uppl. í s. 695 1154.

Nissan Almera 11/'99 1.6L 5g. Ek. 115þ. Nýsk., vetrard. S. 616 2597.

Til sölu Toyota Yaris Terra 2008 1,0 beinsk. hv. 5 dyra ek. 31 þ. Listav 1670 þ. Ásett verð 1570 þ. S. 868 2352.

Golf Grand 2 '97 Vetrard., nýtt púst, nýsk. V. aðeins 150 þús. S. 864 6587.

Dodge Intrepid 2000 árg. ekinn 112þ. m, 2,7 vél, þéttur bíll en sér aðeins á honum. Fæst á aðeins 299 þ. stgr. Uppl í s. 895 9558 eftir kl. 19.

Seldu bílinn úr landi
Útflutningur Sími: 552-2000
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Seldu bílinn úr landi með aðstoð islandus.com. Skrifstofa okkar í Evrópu selur og afgreiðir bíla inná 700 milljóna manna markaði í Evrópusambandinu, Noregi og Austur Evrópu. Láttu islandus.com sjá um að markaðssetja og selja þinn bíl úr landi á hagstæðum kjörum. Kaupum bíla til útflutnings. Sjáum um útflutningsferlið og breytingar á bílum til skráningar erlendis. Upplýsingar í síma 5522000 og á www.islandus.com

Subaru Legacy árg.'95 station. Krókur, sk.'09. Ssk. Verð 110 þ. Uppl. í s. 897 8779.

0-250 þús.

TILBOÐ 160 ÞÚS!!!
Hyandai accent ágerð '98 ek.115 þús skoðaður '09, á nýlegum nagladekkjum, 3ja dyra,spoiler, nýleg tímareim, eyðir undir 6ltr á 100 lítur vel út, ásett verð 220 þús TILBOÐ 160 þús s.841 8955

2 ódýrir Subaru Legacy árg. '96 sk. '09 gott ástand v.110 þús. Suzuki Vitara árg. '95 v. 75 þús. S. 699 3548.

Bílar óskast

Krókheysisbíll óskast til kaups. upplýsingar í síma 892 7512

Jeppar

Musso árg.'98 ek.197þ.km. Bsk., sk.'09. Tilboð selst ód. S. 863 6687.

Mótorhjól

Til sölu Honda CRF 250 árg. 07. Græjan er sem ný ekin ca. 20. Tíma. Kraftpúst og fleiri aukahlutir. Þarfnast nýs stimpils. Tilboð óskast, verðhugmynd 550 þús. Uppl. í síma 659 2961.

Fjórhjól

2007 Can Am ný drifreim, grindur pólýhúðaðar gular 27" bighorn, spil ekið 8000 km, loftdæla í hjólinu fer allt ! lán hjá sp tæp 1,2 með tæp 50 á mán. Fæst á 150 þús. út, ásett er 1,6-1,7. Uppl. í s. 660 8916.

Bílaþjónusta

ÓDÝRAR bílaviðgerðir. Uppl. í s. 690 8613 & 869 3282.

Hjólbarðar

Varahlutir

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02
Vélar, gírkassar, sjálfskipting, boddyhlutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Viðgerðir

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Förum að koma til byggða, viltu að við komum við hjá þér? 20% rennur til Hjálparst. kirkjunnar. Þjónustum fyrirt., hópa, félög og einstakl. Skyrgamur.is - þessi með stóra hjartað! Uppl. í s. 587 1097 & skyrgamur@skyrgamur.is

joli.is
Syngjandi kátir jólasveinar. Endilega kíkið á heimasíðu okkar joli.is og pantið þjónustu eða hringið í síma: 824 3677 eða sendið fyrirspurn á joli@joli.is

Hreingerningar

ERUM Með Besta Verðið
Sérhæfum okkur í : Öll almenn þrif, Fjarlægjum múrbrot og rusl eftir iðnaðarmenn, Þrífum báta og skip einnig vélarúm. Pökkun búslóða og fyrirtækja ásamt akstri. Uppl. í s. 690 5675.

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Tek að mér þrif í heimahúsum. S. 894 0947, Ewelina.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Ræstingar

Ræsta
Regluleg ræsting sameigna og fyrirtækja. Hreingerningar, teppahreinsun, gólfbónun. Föst verðtilboð. Sími 533 1515. www.raesta.is

Garðyrkja

Skólplagnir Drenlagnir kringum hús Öll jarðvegsvinna Skjót og fagleg vinnubrögð www.kletthamar.is sími 661 2005 .

Trjáfellingar
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

Fjármál

Stofnun fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar, bókhaldsþjónusta, samningar við lánardrottna, viðskiptaáætlanir, samningagerð atoz@atoz.is s: 771 45 45

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Þarftu að láta mála hjá þér? Endurmálun, nýmálun. Föst verð eða tímakaup. Frí verðtilboð. S. 858 7531

Meindýravarnir

- Guðmundur Óli Scheving -

- NÝTT símanúmer!
Gegn nagdýrum - skordýrum - áttfættlum og fuglum. Eyði geitungabúum og úða fyrir köngulóm. Útvega allan búnað - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi.
Upplýsingar og pantanir í síma 857 7200. Geymdu auglýsinguna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar !
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla. Uppl. í síma 555 6363 & 899 7188.

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaviðhald



Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Múrverk og málun
Getum bætt við okkur verkefnum í Húsaviðgerðum, Öllu almennu múrverki, Flísalögnum, Múrklæðningum, Sandspörslun og málun. Erum einnig farin að bóka verkefni fyrir næsta ár. Upplýsingar gefa Kolbeinn múrarameistari í s: 8966614 og Helena framkvæmdastjóri í s: 843 3230 / 562 1300

m1@m1.is

m1.is

HÓLMUR ehf
Reyndir smiðir taka að sér öll smíðaverkefni. Sanngj. verð. S. 772 8295.

Verkfag ehf
Getum bætt við okkur verkefnum í múr, málun, flot, flísalögnum, glerjun, rennum, niðurföllum ofl. Inni sem úti. Uppl. í s. 690 9855, Þórður.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Flísalagnir
Flísalagnir, múrviðgerðir ogf. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 8509.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Stífluþjónusta

Tölvur

WWW.VORTEX.IS

Tölvuviðgerðir á sanngjörnu verði, kem á staðinn. s. 699 6735 Baldvin

Vandaðar tölvuviðgerðir
Geri við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun. Yfir 15 ára reynsla, ódýr og örugg þjónusta. S. 821 6839, Stefán.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Spádómar

Bella.is
Símaspá, Tarot, ráðgjöf, fyrirbænir. Er við símann mánudaga til fimmtudaga frá 17:30 - 22:30. S. 567 0757. visa/euro.

Símaspá-draumráðningar: 908 6414 & 553 5395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Viðgerðir

KEYPT & SELT

Til sölu

Kreppuútsala!!!
Sendum um allt land! Frábært verð á gamla genginu. Takmarkað magn. Rafhjól á 10.000 kr. Rafbíll á 15.000 kr. Lampi 3500.-kr Pantanir á póstverslun netlagerinn.is og í s. 865 4015. Er m/ lager í Hafnafirði og Vestmannaeyjum.

Evrur til sölu

Nokkuð magn gjaldeyris til sölu, t.d. Evrur, USD,DKK, GBP. Afhendist í seðlum hérlendis. 6978827 - evrurtilsolu@hush-mail.com

Stubbastandar
Burt með sóðaskapinn!Utanhúss öskubakkar,bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandur@gmail.com

LAGERÚTSALA Svefn & heilsu
Kletthálsi 13 S:660 0035. Stillanlegt rúm frá 81.218 kr. Cal. King dýna frá 58650. Rúmstæði Queen með botni og dýnu og náttborðum á 169.000. Rúm, hillur, hægindastólar, höfuðgaflar, barnagólfteppi o fl. 30-80% afsláttur. Opið virka daga 14-18, laugardaga 12-15.

Evrur og dollarar til sölu!
Evrur og dollarar til sölu, takmarkað magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í s. 618 7001
Uppl. í s. 618 7001

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

Þvottavélar
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. OPIÐ um helgina.

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v. Áratuga reynsla. Uppl. í síma 898 3206.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa vinnuvélar og vörubíla 7,5 tonn og stærri til útfluttnings. S. 691 6639 & filifoz@yahoo.de

Óska eftir að kaupa DVD diska og vínil hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Óska eftir fiskabúri ca. 60-80 lítra með ljósi, verður að vera ódýrt. S. 772 5290.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Óskum eftir að kaupa lítinn flygil, helst notaðan. Upplýsingar í s. 568 4612 eða á sigurdur@gydjan.is

Tölvur

Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Kaupum Notaðar Fartölvur,Tölvur og Tölvuíhluti.Gegn Staðgreiðslu Sími:555-6250 Milli kl:9-18

Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

Verslun

Flottar músamottur með dagatali. Sendum um land allt. Skoðið úrvalið. www.ljosmyndari.is

Heildsala

Ýmislegt

Flottar músamottur með dagatali. Sendum um land allt. Skoðið úrvalið. www.ljosmyndari.is

HEILSA

Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ferðanuddbekkir 50.000, ferðasnyrtibekkir 40.000 st.gr. uppl. í S: 891 6447 Óli

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Glæsilegt Natuzzi sófasett til sölu. Kostar nýtt 489.900 selst á 190 þús. 2 ára gamalt. S. 690 8601.

Óska eftir hvítum stólum af gerðinni maurinn eftir Arne Jacobsen. Staðgreiði. berglind.libungan@gmail.com

Dýrahald

Til sölu 6 vikna Bordercollie hvolpar undan frábærum smalarhundum. Topp ættaðir. S. 468 1242 & 846 6448.

30 fallegir Gúbbí fiskar + 20 seyði. Verð 5 þús. Búr fylgir ekki. S. 864 5290.

Þjónusta

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Glæsilegt orlofshús til leigu. Uppl. sumarbustadur.synthasite.com og s. 869 9964.

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

Hestamennska

Til leigu 5 básar að Heimsenda. S. 863 6687.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.
Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4530.

Til leigu / For rent
Til leigu íbúðir og herbergi á besta stað í Reykjavík. For rent rooms and apartments. Good location.
Uppl. gefur Sverrir í s. 661 7000.

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Hús til leigu
Til leigu 350 m2 einbýlishús í Kóp. leiga 250 þ. mán., eitthvað af húsg. getur fylgt, laust 1 des. Uppl. í s 860 8810.

105 - laust strax
Til leigu rúmg. herb. á góðum stað í hlíðunum. Glæsileg sam.l. eldunaraðst., bað, afnot af þvottav., internet. Uppl. í s. 863 3328 & 846 0408.

105fm. 3herb. íbúð í 112 til leigu. V. 110þ. 1mán. fyrirfr.+trygg. Laus strax. Uppl. imenn@imenn.is. s. 661 5050.

Stór 2 herb. íbúð á svæði 108. Laus 1. des. Uppl. í s. 899 6724 e. kl. 16.

Herbergi í 104 Rvk. til leigu. 40 þús./mán. öll aðstaða, engin gjöld. S. 896 2847.

Room for rent. Herb. m/húsg. og aðg. að wc + sturtu + þv.hús. Laust strax. S. 820 3515.

3ja herbergja 100fm íbúð í Bústaðahverfi. Sérinngangur og þvottaaðstaða í íbúð. S. 845 3000.

Til leigu íbúðarh. 20 mín. akstur frá Selfossi, mögul. á aðs. f/hross. S. 865 2225.

Til leigu 120 fm. 5 herb. raðhús í Grafarvogi nálægt Egilshöll. Uppl. í s. 820 7701.

180 fm einbýli til leigu í 203 Kóp. Glæsileg staðsetning, stór lóð, 3 svefnherb. Leiga 190 þ. á mán. + rafm. og hiti. Uppl. í s. 896 5430.

Penthouse til leigu. 3ja herb. 81 fm. penthouse íbúð með 23 fm. svölum til leigu í norðlingaholti með stæði í bílageymslu. Langtímaleiga, eingöngu reyklaust reglufólk kemur til greina. Tilboð óskast sent á smaar@frettabladid.is merkt Íbúð-505.

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

2ja herb. mjög góð, íbúð á Háaleitsbraut. Ísskápur, þvottavél og geymsla fylgir. Langtímaleiga 105.000 m/hita og húsgj. og einn mán. fyrirfram. Laus 1. des. 897 1675 og 896 7026.

Rúmgóð 4 herb. íbúð á völlunum í Hfj. til leigu með öllum tækjum, gardínum og ljósum. Leiga 149.600 á mán. Laus 1. des. n.k. Langtímaleiga. Uppl. í s. 895 1696.

LÆKKUÐ LEIGA!
Björt og falleg 2-3 herb. 75 fm íbúð til leigu á Neshaga 107 Rvk. Leiga 100 þ.+h/r. Laus 1. des. Uppl. í síma 824 7105.

Íbúð til leigu
Til leigu 2ja herbergja, 60 fm íbúð á jarðhæð í Fossvoginum. Laus og tilbúin til afhendingar strax fyrir góðan leigjanda. kr 110þ. Uppl. í s. 898 1276.

101 Vesturbær. Björt & rúmgóð 3 herb. íb. til leigu. 115þ. á mán. m/ hita & rafm. Laus 1 des. Uppl. í s. 893 5898.

Til leigu 6 herbergja parhús í Lindahverfi í Kópavogi. Stutt í alla þjónustu. Uppl. í síma 897 2811.

4 herb. íbúð í Hfj., 140 þús. á mán. Hluti af innbúi gæti fylgt. Upplýsingar í síma 861 6759 Iris.

Frá 1.des 3 herb. íbúð í jöldugróf,108 Netfang colisjrch@hotmail.com S. 562 0357.

3. herb. íbúð til leigu í svæði 108. Uppl. í s. 868 4161.

83fm 3 herb. kjallaraíbúð til leigu í seljahverfi. Laus strax. Uppl. í síma 891 7665 og 895 7320. Leiga 95 þús. 2mán. í tryggingu.

Til leigu falleg 2ja herb íbúð í R-109. Verð 87.000 kr. Uppl á snemma@visir.is

Falleg 83 fm 4ra herb. íbúð við Holtsgötu. 120þ. p/mán. Uppl. Óli 822 2307.

Herbergi til leigu/room for rent. Stórt og bjart herbergi til leigu á sv. 105. Uppl. í s. 695 1918.

Fallegt herb. í 101 Rvk til leigu, innif. hiti,rafmagn,internet,þrif og ísskápur í herb.Sameiginl eldhús, baðherb +þvottav/þurrkari.Verð 50 þús. Uppl. í síma 698 9608.

Til leigu stúdíóíb. og 3-4 herb. íbúðir á sv. 101 með sérinng. S. 867 9403.

Herbergi til leigu með aðg. að eldh. og baðherb. Uppl. í s. 867 9403.

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 81 þ. Eldri en 25 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16

Glæný 2ja herb. íbúð á jarðhæð í Kóp pnr. 201. leigist á 95þ. frá 1des. Innif. hiti og rafm. Uppl. í s. 864 1585.

28 ára kona leitar að meðleigjanda. Íbúðin er á svæði 108, hún er 75 fm, hún hefur allt sem þarf, herbergið er stórt og hefur fataskáp. upplýsingar eru í síma 663-3503

40-50 fermetra íbúðir til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 568 1848 milli kl. 12 og 16 í dag og á morgun.

Rúmgóð herbergi til leigu í 104 Rvk. Innif. hiti, rafm., intern., þvottavél. Leiga 45-65 þ. Uppl. í s. 697 8720.

Herbergi til leigu með sameiginlegu eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 770 6090.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á góðu verði. Uppl. í s. 770 5524.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð á svæði 101, 104, 105, 107 eða 108. Verður að vera laus frá 1. des. S. 846 7692 Kestutis.

Húsnæði til sölu

4herb. íbúð í eyrarholti til sölu á 2milj. afslæti fæst á yfirtöku 4.15 % láni, jafnvel skipti á bíll ! Uppl. í s. 824 7563 Jóhann.

Sumarbústaðir

Stórglæsilegt sumarhús til leigu. Allar upplýsingar á www.brekkuskogur.com

Atvinnuhúsnæði

2 herb.íb. á Bergþ.g. til leigu. Með/án húsg. Þvottav. og þurrkari. 100.000 fyrirfram, + rafm. og hiti. Laus 1.des. S.770 1112

Skrifstofurými og lagerrými fyrir bretti og búslóðir til leigu í 101 Reykjavík. Uppl. í síma 544 2055.

Til leigu 120 fm iðnaðarhúsn. við Dalshraun í Hfj. Uppl. í s. 822 0060.

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S. 660 1060.

Geymsluhúsnæði



www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Gisting

Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

ATVINNA

Atvinna í boði

Keiluhöllin Öskjuhlíð
óskar eftir vélamönnum á kvöld og helgarvaktir.
Upplýsingar í síma 864 6112 eða á keiluhollin.is.

Netviðskiptaskóli Íslands
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag.Lærðu nýja tekjuleið í dag! Farðu á www.netvidskipti.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf
Lækjarbrekka
Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.
Upplýsinga veitir Sigríður, 691 2435 milli 10-12 og 14-17 eða sigridur@laekjarbrekka.is

Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.
Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.
Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.

Atvinna óskast

Vanur gröfumaður á traktorsgröfu, óskar eftir vinnu sem fyrst. S. 893 6541.

Two carpender with big experiance are looking for job. Big and little jobs. Good price. S. 892 6958.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Fundir

Verum samtaka og byggjum upp opið og þverpólitískt kosningabandalag. Byltum íslenskum stjórnmálum með einstaklingsframboðum og beinu lýðræði. Komdu á næsta fund. Fimmtudag kl. 20:00 í Vogasel 1, 109 Rvk. Laugardag Kl. 16 Mótmælendakaffi í Hressó Austurstræti. Mánudag kl. 16 Fullveldiskaffi í Hressó Austurstræti. Við erum opin, óháð og frjáls samtök. Allir hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar á www.lydveldi.is

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

;ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Tilboð

Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

Fasteignir

Lundarbrekka 4.
Kópavogi

Um er að ræða vel skipulagða 3ja herbergja 86,5 fm íbúð á 1.hæð við Lundarbrekku í Kópavogi. Að auki fylgir 10,4 fm geymsla á jarðhæð. Samtals 96,9 fm. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og geymslu. Einnig er á hæð sameiginlegt þvottahús. Stutt í leik og grunnskóla sem og útivistarsvæði í Fossvogsdalnum.

Opið hús miðvikudaginn 26. nóvember 2008 frá kl 17:00 til 17:30.

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Atvinna

Brim hf óskar eftir vélstjóra

BRIM hf.

Brim hf. óskar eftir yfirvélstjóra á ísfisktogarann Árbak RE 205 sem gerður verður út á ufsa og karfaveiðar. Lágmarksréttindi eru VS-1. Tekið er við umsóknum í síma **580 4221** eða í tölvupósti **go@brimhf.is**

Tilkynning

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hverfisgata 103

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna Hverfisgötu 103. Breytingin nær eingöngu til eigna að Hverfisgötu 103. Gert er ráð fyrir að rífa núverandi byggingar og reisa blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis til samræmis við landnotkun gildandi aðalskipulags. Gert er ráð fyrir að reisa fjögurra hæða byggingu að Hverfisgötu með verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð öðru atvinnuhúsnæði á annarri og þriðju hæð og íbúðir í inndreginni fjórðu hæð. Byggingar liggi umhverfis inngarð og að norðurjaðri lóðar rísi þriggja hæða íbúðabygging með þriðju hæðinni inndreginni og austan verði fjögurra hæða íbúðarbygging einnig með inndreginni fjórðu hæð.
Nýbyggingar verði reistar á bílakjallara neðan götuhæðar að Hverfisgötu með aðkomu frá Skúlagötu og í honum verði einnig komið fyrir geymslum og tæknirýmum. Aðkoma að verslunum og öðru atvinnuhúsnæði verði frá Hverfisgötu. Gert er ráð fyrir að í húsinu verði allt að 23 íbúðir en alls verði bygging 3050 m^2 á 2.900 m^2 kjallara eða alls 5.950 m^2.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 26. nóvember 2008 til og með 12. janúar 2009**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 12. janúar 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 26. nóvember 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 10-12 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090



VÍSIR.IS
LANGVIRKASTI FRÉTTAMIÐILL LANDSINS

Vísir er langvirkasti vef-fréttamiðill landsins og flytur landsmönnum 35% fleiri fréttir en mbl.is

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina fyrir þig. Hraði fréttа og upplýsinga skiptir höfuðmáli í nútíma samfélagi !

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

*Skv. vefmælingu Creditinfo Ísland 16-30.september 2008

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

SPORT
besta sætið
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
HVERJIR KOMAST ÁFRAM?
Fallandi gengi íslensku krónunnar hefur hækkað áskriftarverð á erlendum íþróttastöðvum um allt að helming.
Það hefur aldrei verið hagstæðara að velja íslenskar íþróttarásir.
SPORT
besta sætið
Í KVÖLD KL. 19:30
LIVERPOOL – MARSEILLE
Í KVÖLD
KL. 19:00 Upphitun
KL. 19:35 Bordeaux – Chelsea
KL. 19:35 Inter – Panathinaikos
KL. 21:40 Meistaramörk
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

anna numið 275 milljörðum króna um mitt árið. Á sama tíma þykir víst að þar sé eingöngu um að ræða þau félög eða kennitölur sem skráð voru á hluthafalista bankanna eða lán til dótturfélaga þeirra. Eigendur bankanna voru mjög umsvifamiklir í ýmiss konar rekstri og áttu ýmis eignarhaldsfélög. Það virðist eiga jafnt við um helstu eigendur Glitnis, Landsbankans og Kaupþings.

BRÉFBERAR

Fréttablaðið hafði eftir heimildarmanni sínum í gær að bankarnir hefðu enn fremur reynt að halda uppi gengi hlutabréfa í sjálfum sér, með svonefndum loftbóluféлögum. Það er að þeir lánuðu eignarhaldsfélögum til að kaupa hlutabréf með veði í engu nema sjálfum hlutabréfunum. Eigendur eignarhaldsfélaganna hafi í raun ekkert lagt fram annað en nafn sitt. Slíkir leppar væru kallaðir „bréfberar“. Almenningur sem hafi treyst því að verðmyndun í Kauphöll væri eðlileg, hefði verið hafður að fífli.

ÞÚSUNDIR MILLJARÐA

Útlán Glitnis, Kaupþings og Landsbankans jukust um þrjú þúsund og sex hundruð milljarða króna, milli annars fjórðungs í fyrra og sama tíma í ár. Eitthvað af þessu tengist veikingu krónunnar.

Í heildina námu eignir bankanna, einkum útlán, tæplega 9.300 milljörðum króna samkvæmt hálfsársuppgjöri.

Nýjar tölur Seðlabankans sýna að lán bankanna hér innanlands námu tæplega 4.800 milljörðum króna.

Nefna má að samanlagðar skuldir íslenskra heimila við bankakerfið nema ríflega þúsund milljörðum, samkvæmt sömu tölum. Eignarhaldsfélög skulda öllu meira en heimilin, 1.600 milljarða.

LOK LOK OG LÆS

Markaðurinn hefur óskað eftir upplýsingum frá bönkunum, eins og fyrr var skrifað.

Allir vísa, í mismörgum orðum, til bankaleyndar. Í svari Glitnis segir raunar að „að óbreyttum lögum“ sé starfsmönnum óheimilt að verða við beiðni um upplýsingar.

„Nema til komi bein lagaleg tilmæli frá löggjafarvaldi Íslands um annað, mun Landsbankinn fylgja þeim lagaramma sem Alþingi hefur sett um bankaleynd. Ummæli formanns bankastjórnar Seðlabanka og dómsmálaráðherra eru og verða ummæli en ekki þingfest lög landsins þar til Alþingi hefur skipað svo.“ Svo segir í svari Landsbanka.

Kaupþingsfólk tekur sterkar til orða:

„Ef svo ólíklega vill til að leynd um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga verða afnumin sem bersýnilega er andstæð ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og væntanlega einnig brot á tilskipun Evrópusambandsins um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja mun bankinn synja um afhendingu gagna nema samkvæmt dómi Hæstaréttar og eftir atvikum niðurstöðu Evrópudómstólsins. Auk þess er rétt að benda á að hæpið er að slík lagasetning geti með afturvirkum hætti tekið til lánveitinga sem áttu sér stað fyrir gildistöku slíkra laga.“ Enn fremur er vísað til þess að starfsmenn bankans gætu lent á bak við lás og slá, verði brotið gegn bankaleyndinni.

ÞÁTTUR DÓMSTÓLA OG LÖGGJAFA

Dæmi eru um að bankaleynd hafi verið aflétt. Til að mynda voru bankarnir þrír allir dæmdir í Hæstarétti í fyrra til að láta af hendi gögn til skattyfirvalda, þrátt fyrir bankaleynd. Fyrir því voru meðal annars nefnd þau rök að starfsmenn skattsins væru líka þagnarskyldir um störf sín.

En dæmin um afnám þagnarskyldu með dómi eru fleiri og þau tilvik sem hér eru rakin eru því ekki tæmandi listi.

Blaðamaður Morgunblaðsins birti gögn sem vörðuðu bankaleynd í umfjöllun um SÍS, fyrir um áratug. Blaðamaður gat með dómi Hæstréttar verndað heimildarmann sinn og var ekki dæmdur sjálfur, enda þótt lög um bankaleynd hefðu verið brotin.

Í ársbyrjun 2006 var bankaleynd af reikningum lögmannsstofu aflétt að kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Hæstiréttur hefur einnig nýlega dæmt að bankaleynd skuli víkja fyrir þeim hagsmunum hins opinbera að ganga úr skugga um að skattskil séu rétt, í tilviki greiðslukortafyrirtækja. Ríkisskattstjóri taldi í því máli að almennur trúnaður við viðskiptamenn í formi bankaleyndar hefði ekki þann tilgang að vernda mögulega brotastarfsemi.

Í væntanlegri rannsókn á vegum Alþingis á aðdraganda bankahrunsins eiga rannsakendur að fá víðtækar heimildir og mun vera stefnt að því að víkja bankaleynd til hliðar.

Réttarríkið í hættu?

Aðgerðir stjórnvalda, eins og til að mynda að aflétta bankaleynd, gætu orkað tvímælis og spurningar vakna um grundvallarmál.

Eftir að bankarnir hrundu hafa þegar vaknað ýmsar spurningar. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík, benti á nokkur álitaefni í viðbrögðum stjórnvalda í fyrirlestri á dögunum. Hún nefndi meðal annars friðhelgi eignarréttar, jafnræðisreglu, lögmætisreglu og meðalhófsreglu.

Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor við sama skóla, benti á að með neyðarlögunum svonefndu væri köflum í stjórnsýslulögum vikið til hliðar þar sem Fjármálaeftirlitið á í hlut. Hún nefnir meðal annars andmælarétt, rökstuðning og stjórnsýslukæru.

Minnihluti viðskiptanefndar sagði í áliti sínu um neyðarlögin að framsal valds til fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins, ásamt öðru þar, „kunni að ganga fram á ystu brún gagnvart ýmsum stjórnarskrárvörðum réttindum“.

Minnihlutinn sagði einnig að margt benti einnig til þess að þessi leið væri „illskásti neyðarkosturinn í stöðunni og til þess fallinn að leita leiða til að lágmarka skaðann“.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hvenær gilda reglur réttarríkisins og hvenær ekki?

Af bankaleynd

Björn Ingi Hrafnsson

Athyglisverðum hugmyndum um grundvallarbreytingar á reglum réttarríkisins hefur verið hreyft síðustu daga hér á landi og jafnvel úr ólíklegustu áttum. Svo virðist sem sú staða sé komin upp, að ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt eigi ekki lengur við, ekki heldur lög um bankaleynd og meðferð persónuupplýsinga. Sumpart virðist stemningin sú að skjóta fyrst og spyrja svo, svo vitnað sé til orða menntamálaráðherra á borgarafundi í Háskólabíói fyrr í vikunni.

Segja má að formaður bankastjórnar Seðlabankans hafi með óvæntum hætti hreyft fyrst við málinu í ræðu sinni á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs í fyrri viku, þegar hann tiltók ýmis atriði sem hann taldi tengjast hruni bankanna og kvaðst þeirrar skoðunar að bankaleynd ætti „ekki lengur við hvað þessi atriði varðar“. Undir þetta hefur sjálfur dómsmálaráðherrann tekið og vísað til mikilvægi þess að allt komi nú upp á borðið, sem í sjálfu sér er auðvitað sjálfsögð og eðlileg krafa við þessar aðstæður. Hún getur þó varla falist í því að lög og reglur verði afnumdar eða að tilteknir einstaklingar eða fyrirtæki megi búast við því að lesa trúnaðarupplýsingar um fjármál sín í fjölmiðlum. Hér hljóta einhverjar almennar og gegnsæjar reglur að þurfa að gilda. Að sjálfsögðu eiga þar til bærir eftirlitsaðilar, eins og sérstakur saksóknari í efnahagsbrotum eða Fjármálaeftirlitið, að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þeir þurfa í sínum störfum. Það er enginn að tala um að ákvæði bankaleyndar eigi við þar, enda vinna slíkir aðilar í samræmi við lög og reglur, þurfa heimildir til rannsókna og leitar og fella ekki dóma, fyrr en sekt hefur raunverulega verið sönnuð.

Að sjálfsögðu eiga þar til bærir eftirlitsaðilar eins og sérstakur saksóknari í efnahagsbrotum eða Fjármálaeftirlitið, að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þeir þurfa í sínum störfum.

Í ítarlegri fréttaskýringu í Markaðnum í dag fjallar Ingimar Karl Helgason blaðamaður um bankaleynd og fer yfir margvíslegar fyrirspurnir sem blaðið hefur sent til bankanna, bæði þeirra gömlu og nýju, skilanefnda, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans og stjórnvalda í tilefni af hruni íslenska fjármálakerfisins. Niðurstaða blaðsins er í stuttu máli sú að víðast hvar er komið að lokuðum dyrum þegar óskað er eftir upplýsingum; stundum er hreinlega ekki haft fyrir því að svara fyrirspurnum en annars er borið við bankaleynd eða að um viðkvæmar trúnaðarupplýsingar sé að ræða.

Þetta á ekki síst við um Seðlabankann, sem svarar nær aldrei fyrirspurnum. Þess vegna kom mjög á óvart að formaður bankastjórnar Seðlabankans skyldi furða sig á því að almenningur fengi engar gagnlegar upplýsingar. Af hverju byrjar hann ekki sjálfur á því að liðsinna fjölmiðlum við að rækja eftirlitshlutverk sitt?

Fjölmiðlar leitast vitaskuld við að upplýsa um allar hliðar mála. Þeir óska skýringa, spyrja spurninga og fá ótal ábendingar til sín um mál í hverri einustu viku. Margar þeirra eru nafnlausar, sumar hverjar algjörlega úr lausu lofti gripnar. En það er frumskylda að kanna sannleiksgildi þeirra, svo almenningur fái sem gleggsta mynd af stöðu mála og geti sjálfur dregið sínar eigin ályktanir.

Fyrir alla aðila er hins vegar óþolandi að óvissa ríki um þær reglur og þau lög sem um þessi mál gilda. Ætlar dómsmálaráðherra að beita sér fyrir afnámi bankaleyndar með því að flytja um það lagafrumvarp? Hvað mun það þýða fyrir viðskiptabankana? Mun fólk vilja hafa þar sín viðskipti áfram? Verða til bankar hér á landi, þar sem er bankaleynd og svo aðrir í ríkiseigu, þar sem allt lekur út?

Þetta eru spurningar, sem jafnframt væri æskilegt að fá sem fyrst svör við, nú þegar ákveðið hefur verið að allt verði uppi á borðum.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Með hnullung í skónum

ORÐ Í BELG

Jafet S. Ólafsson
framkvæmdastjóri Veigs ehf.

Fyrir þremur mánuðum ritaði ég grein í Markaðinn, sem bar yfirskriftina „Með stein í skónum“ en það er titillinn á smásagnasafni sem Ari Kr. Sæmundsen stórkaupmaður sendi frá sér í sumar, skemmtilegar sögur. Allir hafa einhvern tímann fengið stein í skóinn, annaðhvort hagrætt honum á milli tána, farið úr skónum og hent steininum, eða látið óþægindin ekki trufla sig umtalsvert. Ég líkti þessu við svokölluð jöklabréf sem valda óþægindum í íslensku efnahagslífi og munu sennilega að stórum hluta koma inn á íslenskan gjaldeyrismarkað á næstu mánuðum og verða til þess að íslenska krónan taki töluverða dýfu, en muni þar á eftir styrkjast nokkuð.

Þetta var nokkuð hógvær samlíking og ekki óraði mig fyrir því að íslenskt fjármálalíf myndi nánast falla til grunna og íslenska krónan taka enn frekari dýfu.

Það er engu líkara en steinvalan sé orðin að hnullungi og með það komast menn ekki hratt yfir. Það er jafnvel komið að því að við verðum að fara úr skónum og labba berfætt yfir hraunið. En íslenska þjóðin hefur gert það áður að ganga yfir úfið hraun á lélegum skóm og mun örugglega takast það líka núna, spurning hvað það tekur langan tíma að komast yfir verstu torfærurnar.

HVAR LIGGJA MISTÖKIN?

Fólk vill fá að vita hvar mistökin liggja; hjá bönkunum, Seðlabankanum, ríkisstjórninni, Fjármálaeftirlitinu, útrásarvíkingunum. Það er ekki enn komið á daginn en ljóst er að við duttum í nánast alla drullupollana sem voru á leið okkar og skaðinn er gríðarlegur.

En við eigum enn okkar náttúruauðlindir; orkuna, sjávarafla, iðnaðinn, landbúnaðinn og síðast en ekki síst kraftmikið fólk. Það er skiljanlegt að fólk sé reitt og það verður að upplýsa almenning betur en gert hefur verið. Fólk veit að verði því á stórfelld skyssa, getur beðið þess brottvísun úr starfi, en ekki virðist gegna sama máli hjá þeim sem bera ábyrgð á íslenskum fjármálaheimi, nú vill enginn bera ábyrgðina. Málið þarf að rannsaka sem fyrst, þannig að allir fái sem gleggstar upplýsingar.

ORÐSTÍRINN LASKAÐUR

Hinn góði orðstír sem Ísland og Íslendingar hafa skapað sér erlendis hefur beðið stórfellda hnekki, allt of langan tíma tók að fá lausn á Icesave-deilunni og allt í einu bjóðast Þjóðverjar til að lána Íslendingum fé til að leggja inn í tryggingarsjóð innstæðueigenda til að greiða út reikninga sem Kaupþing hafði stofnað í Þýskalandi. Þetta virtist koma ráðamönnum á óvart, hvar voru tengslin? Skilanefndin segir nógar eignir í bankanum. Af hverju koma ekki svona upplýsingar fyrr? Fjölmiðlar magna fréttirnar upp, þegar illa upplýstir fréttamenn telja allar innstæður Kaupþings og Landsbankans erlendis tapaðar og við þurfum helst að greiða þær allar! Vonandi duga eignir bankanna til að hægt sé að greiða erlendum innstæðueigendum það sem þeir höfðu lagt inn í bankana. Við þetta mundi ímynd okkar stórlega batna. Við verðum að gera út okkar hæfasta fólk til að styrkja ímyndina á nýjan leik og nota til þess alla sem hægt er, hina pólitísku fulltrúa þar sem það á við en ekki síður okkar góða íþróttafólk, listamenn og erlenda velunnara þessarar þjóðar – sem eru ófáir.

SKORTUR Á FRAMKVÆMDAFÉ

Á næstu mánuðum þýðir lítið fyrir íslensk fyrirtæki, fjármálastofnanir og jafnvel orkufyrirtækin að leita eftir erlendri fjármögnun. Það getur því orðið erfitt um framkvæmdafé á næstu mánuðum. Íslenska ríkið (Seðlabankinn) verður að nýta alla lánamöguleika sem gefast til þess að endurlána til bankanna og annarra aðila þannig að hér verði hægt að halda uppi hæfilegum framkvæmdum. Hinir nýju bankar hafa verið seinir í gang og auðheyrt að það er mikið af vandamálum innan þeirra veggja, en fyrirtæki geta ekki endalaust beðið eftir því að bankarnir komist í gang.

Það verður nokkuð djúp dýfa sem við tökum hér á næstu mánuðum en við höfum alla burði til að rífa okkur upp á nýjan leik, jafnvel með hnullunginn í skónum.

VIÐ TJÖRNINA Að líkindum hefur þessi ekki tyllt sér á bekk við Tjörnina í Reykjavík til að losa stein úr skónum, heldur til að lesa í félagsskap gæsanna. Greinarhöfundur líkti jöklabréfum fyrir nokkru í Markaðnum við stein í skó, en segir nú engu líkara en efnahagslífið sé nú með hnullung í skónum. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

HÝSING
OG REKSTUR
TÖLVUKERFA

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000
Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

ORÐSKÝRINGIN



Skilanefnd

Við slit hlutafélags eða einkahlutafélags, sem verða af öðrum ástæðum en við gjaldþrot, til dæmis ef hluthafar ákveða að leysa félagið upp, er skipuð skilanefnd. Hlutverk hennar er að koma eignum félagsins í verð, heimta inn útistandandi kröfur og greiða skuldir.

Skilanefnd þarf að fá löggildingu hlutafélagaskrár og tekur við öllum réttindum og skyldum stjórnar félagsins. Nefndin lýsir eftir kröfum í félagið, og að loknu kröfulýsingarferlinu fundar hún með eigendum félagsins og lánardrottnunum um greiðslu skulda. Þegar skilanefndin hefur lokið störfum er fyrirtækið leyst upp. Telji skilanefnd hins vegar að eignir félagsins dugi ekki fyrir kröfum skal bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta.

Við gjaldþrotaskipti skipar héraðsdómur skiptastjóra, og í stórum gjaldþrotum er skipuð skiptastjóranefnd, sem stundum eru kallaðar „skilanefndir“ þótt það sé ónákvæmni.

Skilanefnd gerir í raun hið sama og skiptastjóri sem stýrir gjaldþrotaskiptum, en vinnur í umboði félagsins en ekki yfirvaldsins. Einn mikilvægasti munurinn á gjaldþrotaskiptum og starfi skilanefnda er að gjaldþrotaskiptum er ætlað að taka mjög skamman tíma, og almennir kröfuhafar fá oft lítið upp í sínar kröfur.

Starf skilanefnda getur þó tekið mjög langan tíma, til dæmis eru skilanefndir sem settar voru á fót í sænska og norska bankahruninu enn starfandi með hinum erlendu kröfueigendum, þar sem ekki er búið að koma öllum eignum gömlu bankanna í verð. Þannig er tryggt að almennir kröfuhafar fái sem mest upp í kröfur sínar.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

you can Canon

We Speak Image

Hafðu stjórn á prentuninni

Jafnvel þótt að skjal geti verið um 30% áhrifaríkara sé það litprentað er ekki alltaf nauðsynlegt að prenta í lit. Við getum komið þér til aðstoðar og dregið úr kostnaði við prentun. Canon prentarar skila frábærum gæðum og rekstrarkostnaðurinn er mun lægri en þig grunar. **Gerðu verðsamanburð.**

LBP 3370 - Hagkvæmur laserprentari
- 26 síður á mínútu í svörtu
- Fyrsta eintak á aðeins 6.5 sekúndum
- Sjálfvirk tvíhliða prentun (duplex)
- Toner ending 7000 bls.
- Netkort

Tilboðsverð: 69.900,- *

LBP 5050N - Lita laserprentari
- 8 bls. á mínútu í lit, 12 bls. í svörtu
- Fyrsta eintak á 22 sekúndum
- Toner og tromla í einu hylki
- Sjálfvirk bakritun (duplex)
- Netkort

Tilboðsverð: 49.900,- *

MF 8450 - Fjölnota lita laserprentari
- 17 bls. á mín í lit og svörtu, prentun og ljósritun
- Fyrsta eintak á 16 sekúndum
- Skönnun í tölvupóst, miðlæg drif eða beint á USB minnislykil
- Netkort

Tilboðsverð: 179.900,- *

* Verð eru birt með fyrirvara um gengisbreytingar. Öll verð innihalda vsk.

NÝHERJI hf. • **prentlausnir@nyherji.is** • **sími 569 7700** • **www.nyherji.is**

NÝHERJI

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

Hörð gagnrýni úr ráðuneyti

Verðtryggingin er eilíft þrætuepli hér á landi, ekki síst með stighækkandi verðbólgu og tilheyrandi kjaraskerðingu. Einn þeirra sem gagnrýnir verðtrygginguna er Guðmundur Hörður Guðmundsson, upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytisins. Hann segir í nýlegri grein hér í blaðinu, að verðtryggingin sé „óréttlát“, „andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar“ og svipti fólk eign sinni. Hún sé „skattur sem lagður er á almenning hér á landi til að viðhalda dvergvöxnum gjaldmiðli og til að bæta upp fyrir mistæka peningastjórn“. Það var og. Ekki á hverjum degi sem menn í yfirstjórn ráðuneyta tjá sig með slíkum hætti.

Skuldir og skil

Guðmundur Magnússon hagfræðiprófessor ritar athyglisverðan pistil um kollsteypu íslensku bankanna í nýjasta hefti Vísbendingar. Þar fjallar hann meðal annars um það hvernig ábyrgð á hruninu er nú velt milli aðila og segir: „Skuldi einstaklingur eða fyrirtæki 100 milljónir í banka er það hans eigið vandamál að standa í skilum. Sé skuldin 10 milljarðar króna er það vandamál bankans. Nemi hún 100 milljörðum króna er það vandamál Seðlabankans. Séu skuldirnar 1000 milljarðar króna er það vandamál allrar þjóðarinnar.“

Styrmir skrifar bók

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, sést nú reglulega „á sveimi í kringum Davíð í Seðlabankanum“ að sögn DV í gær. Segir blaðið Styrmi nú vera aðalspunameistara bankastjórans. Markaðurinn hefur haft spurnir af því að ritstjórinn fyrrverandi sé aftur sestur við skriftir og ætli sér að fjalla um íslensku útrásina og ástæður bankahrunsins margfræga. Spurning er hvort hann hafi greiðari aðgang að ýmsum merkum upplýsingum en aðrir, sem rýna nú í þessi mál og velta fyrir sér orsök og afleiðingu.

3.000 milljarðar króna, eða 22 milljarðar dollara er sú upphæð sem rússneski seðlabankinn notaði til að verja gengi rúblunnar í eina viku.

138 mánuðir, eða ellefu og hálft ár höfðu þurrkast út úr kauphöllinni í New York eftir lækkanir síðustu viku.

310 milljónir punda voru í útlánum frá Kaupthing Singer & Friedlander bankanaum til kaupa á snekkjum og einkaþotum. Bankinn sérhæfði sig í slíkum lánum.

FATTOC

CAREERS IN TECHNOLOGY & FINANCE

FATTOC LLC is one of the leading electronic trading firms in the world. We are a small company of highly talented, cooperative engineers, scientists, and traders. We trade in major markets including foreign exchange, metals, equities, and fixed income.

We plan to open a software development subsidiary or satellite company in Iceland. Personnel will be expected to, on some occasions, travel to the corporate headquarters in Beverly Hills, California, USA.

We are seeking individuals with backgrounds in the following:

Languages	Python, Java, C/C++, Perl
Databases	SQL, MySQL, Postgres
GUI	QT, HTML, Javascript
Statistics	Factor Analysis, Regression Analysis, Time Series Analysis
Network	Juniper, Cisco, Foundry Equipment, Dynamic Routing Protocols, Low Latency Routing & Switching, Network Monitoring tools, including Open NMS, Intermapper, etc.

DECEMBER 2, 2008

An invitation-only private seminar will be held in Reykjavik on **Tuesday, December 2, 2008**. Please submit your resume for consideration. Invitations will be emailed to qualified candidates.

We invite interested candidates to view our website at www.fattoc.com and email their resume to jobs@fattoc.com attention of John Benediktsson.

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA
sími 511 4466

Ómótstæðilegar sælkeravörur við öll tækifæri...

Cumberlandsósa - Piparrótarsósa - Hindberja vinaigrette - Fíkjuhunang - Mangó - og eplachutney - Graflaxssósa - Valhnetuhunang

Fæst í Osta-og sælkeraborðinu í Hagkaupum í Kringlunni

Jólagjöf Byrs 2008

Fjárhagsleg heilsa

Við bjóðum öllum börnum fæddum árið 2008 að þiggja **5.000 króna Framtíðarsjóð** í jólagjöf frá Byr. Með þessu viljum við taka þátt í fjárhagslegri heilsu barna til framtíðar.
Taktu fyrsta skrefið í næsta útibúi Byrs eða á byr.is.

Með von um bjarta framtíð,
starfsfólk Byrs.

Sparibangsinn Bjössi fylgir Framtíðarsjóðnum.

5.000 krónur í jólagjöf

Gjöfin leggst inn á **Framtíðarsjóð Byrs** sem er verðtryggður sparnaðarreikningur og er hann bundinn til **18 ára aldurs**. Þetta er sjóðurinn sem **vex með barninu þínu,** eftir því sem það dafnar og þroskast. Við minnum á að innstæður í Framtíðarsjóði eru **tryggðar að fullu** hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda.

Byr vonar að sem flestir sjái sér hag í að þiggja jólagjöfina í ár fyrir hönd barna sinna, en hana má nálgast fram til 28. febrúar 2009.

Dæmi um ávinning til framtíðar

Byr gefur barninu 5.000 kr. í jólagjöf í Framtíðarsjóð.
Foreldri leggur inn 1.000 kr. á mánuði.
Við 18 ára aldur er inneign barnsins orðin 805.349 kr.
*Þú hefur þá lagt inn 216.000 kr. en ávöxtunin yfir tímabilið er 589.349 kr.**

** Athugaðu að um áætlun er að ræða, nafnávöxtun getur verið mismunandi milli ára. Í útreikningum er miðað við 12,66% sem var nafnávöxtun Framtíðarsjóðs fyrir árið 2007.*

BYR
SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

ENSKA LJÓÐSKÁLDIÐ WILLIAM COWPER FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1731.

„Heimskingi hlýtur fyrir hreina tilviljun að hafa rétt fyrir sér við og við.“

William Cowper var eitt vinsælasta ljóðskáld Breta á sinni tíð.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. NÓVEMBER 1902

Gífurlegt tjón í bruna á Húsavík

Mikill bruni varð á Húsavík aðfaranótt þessa dags árið 1902. Þar brunnu öll hús verslunar Örums & Wulffs, átta að tölu, en íbúðarhúsi verslunarstjórans tókst þó að bjarga.

Miklar verslunarbirgðir urðu þarna eldinum að bráð, þótt vasklega væri gengið fram við björgunarstörf. Alls var 560 tunnum af ýmiss konar matvöru var bjargað en næstum annað eins brann. Tjón verslunarinnar og ýmissa annarra var áætlað 90 til 120 þúsund krónur.

Örum & Wulff var danskt verslunarfyrirtæki sem hóf verslun á Íslandi árið 1798 í Útkaupstað á Eskifirði. Örum & Wulff var víða með verslanir á landinu, til dæmis á Bakkafirði, Seyðisfirði og Flatey á Skjálfanda.

Fréttaritari Suðra á Akureyri blöskraði að ekki skyldi hægt að bjarga húsunum í brunanum. Hann kenndi því um að húsin hefðu staðið allt of þétt saman „að eigi er líft í sundunum milli þeirra“, sérstaklega með tilliti til þess að tækjaskortur til slökkvistarfs væri svo lélegur. „Áhöld eru engin nema vatnsfötur og önnur smáhylki“, segir enn fremur í Suðra.

MERKISATBURÐIR

1594 Graduale eða Grallarinn sem Guðbrandur Þorlákssson biskup gaf út skal notaður sem messusöngbók í báðum biskupsdæmum samkvæmt tilskipun.

1716 Fyrsta ljónið sýnt í Ameríku. Sýningin fer fram í Boston.

1789 Þakkargjörðarhátíðin er í fyrsta skipti haldin á landsvísu í Bandaríkjunum.

1942 Stórmyndin Casablanca er frumsýnd í New York.

1981 DV kemur út í fyrsta skipti eftir sameiningu Dagblaðsins og Vísis.

1981 Skemmtistaðurinn Broadway opnar.

Grýla í hjálparstarf

Grýla og Skyrgámur afhentu Hjálparstarfi kirkjunnar rúmlega 720.000 krónur, tuttugu prósent af veltu Jólasveinaþjónustu Skyrgáms, við athöfn á skrifstofu Hjálparstarfsins á mánudag. Framlagið mun renna til aðstoðar innanlands og vatnsverkefna í Afríku.

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms hefur starfað í ellefu ár og vill með framlagi sínu leggja sitt af mörkum í kreppunni.

Á blaðamannafundi eftir athöfnina veitti Grýla góð ráð sem hún taldi að jafnvel ráðamenn þjóðarinnar gætu nýtt sér.

Grýla smellti rembingskossi á Jónas Þórisson, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KYNNIR Á AFMÆLISHÁTÍÐINNI Í DAG Stefnir Helgason, varaformaður Félags eldri borgara í Kópavogi, lofar góðri skemmtun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FÉLAG ELDRI BORGARA Í KÓPAVOGI: HELDUR TUTTUGU ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ Í SALNUM

Hresst og lífsglatt heldra fólk

„Við ætluðum að halda afmælisveislu með mat og fíneríi og taka íþróttahús undir hana en hurfum frá því þegar fjármálakrísan kom og skiptum yfir í menningarstund í Salnum. Þar verður frjáls og frír aðgangur meðan húsrúm leyfir,“ segir Stefnir Helgason. Hann er varaformaður Félags eldri borgara í Kópavogi sem er tuttugu ára um þessar mundir og heldur upp á það í dag.

Stefnir er með útprentaða afmælisdagskrá í höndunum og þar gefur á að líta: Húsið verður opnað klukkan 13 í dag og Reynir Jónasson harmónikuleikari tekur á móti gestum með léttri tónlist. Svo taka við ávörp og skemmtiatriði í ljóðum, tali og tónum og þekkt nöfn eins og Jónas Ingimundarson, Sólrún Bragadóttir, Björn Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir eru á blaði. „Við höfum fengið til liðs við okkur frábært listafólk,“ segir Stefnir ánægjulegur. „Jónas spilar frítt og útvegar suma þessara snillinga. Gunnar Guttormsson minnist Þorsteins Valdimarssonar skálds og Söngvinir, kór eldri borgara í Kópavogi, syngur undir stjórn Kjartans Sigurjónssonar.“

Stefnir hefur búið á Hlíðarveginum í Kópavogi í yfir 50 ár og hefur fylgst með þróun bæjarins. „Þetta var barnabær þegar ég settist hér að, þá voru börn út um allt. Í kringum 1980 voru eldri borgarar bara um fimm prósent íbúanna, nú eru þeir komnir upp í ellefu prósent.“

Félag eldri borgara í Kópavogi er með öfluga starfsemi að sögn Stefnis. „Það er ótrúlega hresst og lífsglatt fólk í félaginu og við höfum verið í afskaplega góðu samstarfi við bæjaryfirvöld,“ segir hann. „Félagsmiðstöðvarnar eru tvær, í Gjábakka og í Gullsmára og svo er verið að byggja þá þriðju uppi við Elliðavatn því þetta er að verða 30 þúsund manna bæjarfélag. Starf félagsins beinist fyrst og fremst að tómstundunum og þar er allt mögulegt í boði, hvort sem þú vilt mála, syngja, dansa, teikna, spila, leika boccia eða fara í gönguferðir,“ telur Stefnir upp. „Svo förum við einar fjórtán ferðir á sumri. Flestar eru dagsferðir en líka tveggja og þriggja daga ferðir því það er farið austur, vestur og norður. Þar fáum við leiðsögumenn sem eru kunnugir á svæðunum þegar komið er á staðinn.“

Almennt segir Stefnir Kópavogskonur sækja meira í félagsskapinn en karlar. „Maður sér það í ferðunum og hvarvetna í félagsstarfinu að konurnar eru um 80 prósent þeirra sem mæta. Þær eru bara miklu duglegri en við,“ segir hann og kemur með eina gamansögu í lokin.

„Mágkona mín býr í Kanada og ég var að senda henni einhver gögn. Þá fór heildardagskrá félagsins með í ógáti og þegar hún fékk bréfið hringdi hún í hvelli og sagði: Ja, það er aldeilis gaman að vera eldri borgari í Kópavogi. Það er bara full vinna.“

gun@frettabladid.is

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,

Theodóra Þórðardóttir

Kirkjusandi 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

Þorleifur Kristinn Valdimarsson
Þórður Þorgeirsson — **Helga Dís Hálfdánardóttir**
Daníel Ben Þorgeirsson
Agnes Linda Þorgeirsdóttir — **Matthías Karl Þórisson**
María Kristín Þorleifsdóttir — **Sigurður Jóhann Finnsson**
Hafdís Þorleifsdóttir — **Haukur Ingi Jónsson**
Esther Ósk Estherardóttir — **Guðjón Ingi Hafliðason**
og barnabörn.

†

Elsku litla yndið okkar,

Sverrir Rafn Eyjólfsson

Hlíðarhjalla 60, Kópavogi,

lést 17. nóvember á Gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 28. nóvember kl. 13.

Eyjólfur Gjafar Sverrisson — **Anna Pála Gísladóttir**
Hólmar Örn Eyjólfsson — **Trausti Már Eyjólfsson.**

†

Sigríður Sigfúsdóttir Kjaran

lést á líknardeild Krabbameinsfélagsins í Kópavogi laugardaginn 22. nóvember. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á líknardeildina í Kópavogi.
Fyrir hönd aðstandenda,

Ingvar Kjaran
Sigfús Kjaran
Sigríður Elín Kjaran
Rannveig Kjaran — **Guðjón Þór Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Erlendur Steingrímsson

Prestbakka 9, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 18. nóvember, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

Guðný Björg Guðmundsdóttir
Steingrímur Erlendsson
Ingibjörg Erlendsdóttir — **Ómar Ingi Gylfason**
Henrik Erlendsson
Ásgeir Erlendsson
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Lísbet Sigurðardóttir

frá Vermundarstöðum í Ólafsfirði, Tunguheiði 14, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, föstudaginn 21. nóvember sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 28. nóvember nk. kl. 15.00. Fyrir hönd aðstandenda,

Þórunn Hulda Davíðsdóttir — **Ómar Wieth**
Ólöf Sigríður Davíðsdóttir — **Erlingur Ólafsson**
Svana Lísa Davíðsdóttir — **Andrés Fr. Gíslason**
Þórður Davíð Davíðsson — **Ragnheiður I. Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

NAFNIÐ MITT: DÝRFINNA TORFADÓTTIR

Sérstök nöfn í ættinni

„Ég er skírð eftir langömmu minni sem var ættuð úr Dölunum og hún var sú fyrsta til að bera nafnið í ættinni," segir Dýrfinna Torfadóttir skartgripahönnuður. Hún segist nú ekki alveg klár á hvað nafnið þýðir en einhvern tíma fékk hún þó fremur sérstaka skýringu á því frá vænum presti. „Hann sagði við mig að nafnið þýddi ágæt finnsk hefðarfrú en ég hef nú ekki heyrt það annars staðar en mér fannst þetta nú ekki passa við mig sem kem vestan af fjörðum. Hins vegar sagði móðir mín mér að nafnið þýddi dýrmæt og ágæt, það besta sem til væri," segir Dýrfinna brosandi og bætir við að flestir haldi að hún sé skírð eftir Dýrafirðinum. „Ég er fædd og uppalin á Ísafirði og því halda margir að ég sé skírð eftir Dýrafirðinum, en svo er ekki."

Þegar Dýrfinna var yngri þótti henni nafnið þó til vandræða. „Kennarar voru alltaf að kalla mig Dýrunni, Dýrleif og Tinnu og þá fór allur bekkurinn að hlæja. Mér þótti þetta voðalega erfitt en eftir því sem ég fór að eldast varð ég bara stolt af þessu nafni," segir Dýrfinna sem lærði þannig að meta nafnið með tímanum. „Við erum nú bara tvær í fjölskyldunni sem berum nafnið núna. Það er ég og síðan bróðurdóttir mín. Langamma mín var hins vegar merkileg kona á fleiri en einn hátt. Auk þess að bera þetta sérstaka nafn fæddi hún tvenna tvíbura," segir Dýrfinna sposk en langamma hennar var mjög frjósöm og eignaðist fleiri börn auk tvíburanna. Faðir Dýrfinnu heitir Torfi Tímóteus og verður það að teljast frekar sérstakt nafn líka. „Bróðir minn á ellefu ára son sem

FÆDDI TVENNA TVÍBURA Dýrfinna er skírð í höfuðið á langömmu sinni sem auk þess að bera sérstakt nafn fæddi tvenna tvíbura.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

femínista á Íslandi og fyrir að ganga á undan og teygja mörk hins leyfilega í baráttunni fyrir réttlátara þjóðfélagi.

Baráttukonur verðlaunaðar

„Við viljum lyfta þessum konum upp í sólina og gera sýnileg störf þeirra sem hafa gjarnan verið unnin í þögn og ósýnileika," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, sem veittu nýverið fimm konum jafnréttisviðurkenningu við hátíðlega athöfn.

Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræði, fékk viðurkenninguna fyrir einstaka þekkingu og færni í að beita kynjafræði í baráttu fyrir réttlátu samfélagi. Matthildur Helga Jónudóttir framkvæmdastjóri fyrir að eiga hugmyndina að verkefninu Óbeisluð fegurð. Með því hafi hún nýtt fyndni og frumlega hugsun sem eru beitt verkfæri í baráttunni fyrir réttlátara samfélagi. Kolbrún Halldórsdóttir þingkona fyrir að hafa flutt mörg mikilvæg þingmál gegn kynbundnu ofbeldi og vera óþreytandi í að flytja boðskap Stígamóta inn í þingsal. Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur fyrir langt og óeigingjarnt starf í þágu Stígamóta, meðal annars með lögfræðilegri ráðgjöf, fræðslu og peningagæslu. Katrín Anna Guðmundsdóttir femínisti fyrir að vera óþreytandi talskona

Þorgerður Einarsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Matthildur Helga Jónudóttir og Katrín Anna Guðmundsdóttir hlutu viðurkenningu Stígamóta.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa,

Gunnars Einarssonar
frá Núpi, Berufjarðarströnd.

Aðstandendur.

†

Elskulegur faðir okkar, bróðir og afi,

Lárus Ingi Kristjánsson
Bleikargróf 13, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 22. nóvember. Útför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 1. desember kl. 15.00.

Eyjólfur Bragi Lárusson
Kristjana Rós Lárusdóttir
Hrefna Ösp Lárusdóttir
Ottó Ingi Lárusson
Magnús Haukur Kristjánsson
Hilmar Kristjánsson
Helga Ragnhildur Kristjánsdóttir
Inga Lára Kristjánsdóttir
og barnabörn.

†

Ástkæri bróðir okkar og frændi,

Georg Sævar Valgarðsson
Þórðarsveig 3, 113 Reykjavík,

lést miðvikudaginn 19. nóvember á hjartardeild Landspítalans. Útför fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 15.00.

Guðrún Valgarðsdóttir
Guðmundur Svavar Valgarðsson
Hafsteinn Valgarðsson
Ester Svanhvít Valgarðsdóttir
börn þeirra og barnabörn.

†

Bjarni Kristinn Andrésson
frá Hamri, til heimilis að
Nýbýlavegi 76 í Kópavogi,

andaðist á hjartadeild Landspítalans laugardaginn 22. nóvember síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 5. desember kl. 13.

Systkini hins látna.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ingvi Birkir Jónsson
matreiðslumaður
Hnotubergi 23, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 20. nóvember, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Bergmál líknar- og vinafélag.

Melkorka Sveinbjörnsdóttir
Sigríður Ingvadóttir — **Oddur Sigfússon**
María Emilía Ingvadóttir — **Kristján Pétur Sigmundsson**
Kjartan Orri Ingvason — **Gunndís Ýr Finnbogadóttir**
Elva Hrund Ingvadóttir
og barnabörn.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir og afi,

Vigfús Þorsteinsson
Patreksfirði,

lést 22. nóvember á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði. Jarðsungið verður frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 29. nóvember kl.14.00.

Páley Jóhanna Kristjánsdóttir
Kristján P. Vigfússon
Sigríður Margrét Vigfúsdóttir — **Friðþjófur Sævarsson**
Jóhannes Ægir Baldursson — **Ingibjörg Erna Arnardóttir**
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín L. Hjaltested Hall
ljósmóðir,
áður Lindargötu 57, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 22. nóv. sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 1. des. nk. kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna eða aðrar líknarstofnanir.

Frank Pétur Hall — **Guðlaug Magnúsdóttir**
Sigurður Lárus Hall — **Svala Ólafsdóttir**
Ragnheiður Kristín Hall — **Sigurður Rúnar Ragnarsson**
Sigurveig Salvör Hall — **Gunnar Þorsteinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

Oddný Jónsdóttir
frá Lunansholti,

lést föstudaginn 21. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. nóvember kl. 11.00. Jarðsett verður í Skarðskirkjugarði, Landsveit, sama dag kl. 15.30.

Guðrún Jónsdóttir
Þuríður Jónsdóttir — **Björgvin Kjartansson**
og frændfólk.

†

Okkar ástkæri,

Valdimar Jörgensson
Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. nóvember kl 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein.

Arndís Jónsdóttir
Jörgen H. Valdimarsson — **Björg Valsdóttir**
Jórunn Valdimarsdóttir — **Sigurður Freysson**
Gunnar Valdimarsson — **Lára Á. Kristjánsdóttir**
og barnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Bjarney M. Arinbjarnardóttir
Melasíðu 2a, áður til heimilis í Fjólugötu 8, Akureyri,

lést 23. nóvember. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 2. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess.

Arna Brynja Ragnarsdóttir
Anna Kristín Ragnarsdóttir — **Guðmundur Sigurðsson**
Bjartmar Örnuson
Sigurður Kristinn Guðmundsson
Bjarni Fannar Guðmundsson
Arinbjörn Ingi Guðmundsson
Hera Margrét Guðmundsdóttir



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,

Ingimundur Guðmundsson
bifreiðastjóri, Fannborg 7,
áður Kársnesbraut 72, Kópavogi,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 19. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna s. 588 7555 eða Hjúkrunarheimilið Sóltún s. 590 6000.

Kristrún Daníelsdóttir
Ragnheiður Ingimundardóttir — **Sigurður Gunnar Sveinsson**
Guðmunda Ingimundardóttir — **Þórarinn Björn Guðmundsson**
Daníel Gunnar Ingimundarson — **María Antonía Jónasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn
Elsa Drageide — **Halldór Örn Svansson**

Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS
HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

Málstofa

Baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101,
miðvikudaginn 26. nóvember 2008
kl. 12.30-14.00

Dagskrá:

12.30 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

12.45 Framsöguerindi: Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda hf.

13.05 Framsöguerindi: Dr. Rosemary Rayfuse, prófessor í þjóðarétti við Háskólann í New South Wales, Sydney, Ástralíu.

13.35 Fyrirspurnir og umræður.

14.00 Slit.

ALLIR VELKOMNIR

TILBOÐ ALLA DAGA

Freschetta XL pizza og 2 x 33cl Pepsi dósir

499

NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

„Svona er ástandið bara“

Um daginn hitti ég kunningjakonu úti í búð og við fórum að spjalla. Eftir að veðrinu hafði verið úthúðað barst talið að kreppunni og hún tjáði mér að henni hefði verið sagt upp um síðustu mánaðamót. Ég vottaði henni samúð mína um leið og hún sagði fyrrverandi vinnuveitendum sínum til varnar „að svona væri ástandið bara núna“. Ég fann samt að henni leið illa og þrátt fyrir að hún reyndi að bera sig vel var eins og hún hefði misst einhvern nákominn. Starfið sem hún hafði sinnt um árabil var farið og það hafði augljóslega brotið sjálfstraust hennar. Allt í einu fannst henni hún vera „óskilgreind“ og sagði fjölskylduna vera að íhuga flutninga til Noregs þar sem eiginmaðurinn fengi líklegast góða vinnu.

Eftir á að hyggja finnst mér óhuggulegt að hugsa til þess að við afgreiddum atvinnumissinn í samtali okkar, sem þúsundir Íslendinga verða nú fyrir, eins og hann væri bara eðlilegasti hlutur „í ljósi aðstæðna“. Eflaust hefði hún aldrei misst vinnuna hefði bankakreppan ekki skollið á, en þarna fann ég hvað maður var orðinn samdauna ástandinu og hálfpartinn farinn að afsaka það.

Það gladdi mig því óendanlega að horfa á þéttsetinn borgarafund í Háskólabíói á mánudagskvöldið þar sem fólk mótmælti ástandinu. Eftir að hafa búið í Frakklandi um skeið og horft upp á fjölda verkfalla og mótmæla, hélt ég að við Íslendingar værum ekki færir um að sýna slíka samstöðu, en ég er svo glöð yfir að mér skjátlaðist. Að þessu sinni ætlum við ekki að sofna á verðinum heldur standa saman, krefjast svara og ekki láta undan fyrr en breyting verður á.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Páll heiðraður

Í kvöld verða tónleikar í Seltjarnarneskirkju þar sem hálft hundrað blásara Lúðrasveitar Reykjavíkur hyllir Pál Pampichler Pálsson í tilefni af áttræðisafmæli hans. Páll er það tónskáld sem mest hefur samið og útsett fyrir íslenskar blásarasveitir. Á þessum tónleikum verða leiknar nokkrar útsetningar Páls á þekktum íslenskum lögum, einnig verða leikin helstu tónverk hans sem hann samdi fyrir blásarasveitir. Flestar þessar útsetningar og tónverk gerði hann fyrir Lúðrasveit Reykjavíkur, sem hann stjórnaði í aldarfjórðung. Í tilefni af afmæli Páls hefur Samband íslenskra lúðrasveita og Íslensk tónverkamiðstöð farið í það þarfa verkefni að tölvusetja megnið af hans blásarasveitatónlist svo hún verði aðgengileg blásarasveitum um allt land.

Á nesinu verða á efnisskrá lög á borð við Búðarvísu, Litla kvæðið um litlu hjónin og Suðurnesjamenn í útsetningum hans, en einnig verk eftir Pál svo sem Konzert polka, Þytur, Lögreglustjóramars hans og Tjarnarmarsinn, Suite Arktica II og Consert. Einleikarar eru Kristján Rúnarsson og Jóhann Teitur Ingólfsson, en Lárus Halldór Grímsson stjórnar hljómsveitinni.

Árið 1945 var Páll Pampichler Pálsson, þá 17 ára gamall, ráðinn uppfærslumaður í trompetdeild óperuhljómsveitarinnar í Graz í Austurríki. Þar starfaði hann til ársins 1949. Það sama ár tók hann til starfa sem stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur og trompetleikari í Útvarpshljómsveitinni sem var fyrirrennari Sinfóníunnar. Við stofnun hennar 1950 var Páll ráðinn sem fyrsti trompetleikari. Hann starfaði þar til ársins 1960, stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur var hann til ársins 1973, eða samfleytt í 24 ár.

Árið 1956 stjórnaði Páll Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn opinberlega í Reykjavík. Upp frá því stjórnaði hann hljómsveitinni reglulega í 35 ár. Árið 1971 var hann ráðinn fastur stjórnandi hljómsveitarinnar. Hann hefur kappkostað að hafa íslensk verk á efnisskrám tónleika sinna og frumflutt á erlendri grundu verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Nordal, Jón Leifs og Þorkel Sigurbjörnsson. Frá 1964 til 1990 var Páll stjórnandi Karlakórs Reykjavíkur.

Eftir tónskáldið Pál P. Pálsson liggja fjölmargar tónsmíðar, skráð verk hjá Íslenskri tónverkamiðstöð eru rúmlega 100 talsins. Má þar nefna verk fyrir einleikshljóðfæri, kammermúsik, sönglög, hljómsveitarverk, einleikskonserta, kórverk auk fjölda verka fyrir lúðrasveit. Páll er einnig landsþekktur fyrir útsetningar sínar á íslenskri tónlist. Árið 1993 var Páll tilnefndur til tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir verk sitt „Ljáðu mér vængi“ fyrir einsöngsrödd og hljómsveit. Hann hefur verið sæmdur fjölda viðurkenninga fyrir lífsstarf sitt, bæði á Íslandi og í Austurríki. - pbb

TÓNLIST Páll Pampichler Pálsson verður heiðraður í kvöld af Lúðrasveit Reykjavíkur á tónleikum. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

> KENNIR BÖRNUNUM AÐ BLÓTA

Britney Spears er ósátt við að fyrrverandi eiginmaður hennar, **Kevin Federline**, sé farinn að kenna sonum þeirra að blóta. „Þeir eru farnir að nota orðið „stupid" og Preston hefur sagt F-orðið. Það er ekki frá mér komið, það hlýtur að vera frá pabba hans komið."

fólk

folk@frettabla

Þrefalt dýrara á Hróarskeldu

„Ég veit ekki hvernig þetta verður. Ég á ekki von á því að það verði jafnmikil þátttaka og síðustu ár," segir Tómas Young, íslenskur tengiliður Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku.

Miðaverð á hátíðina, sem er haldin á hverju sumri, hefur hækkað upp úr öllu valdi eftir fall íslensku krónunnar. Miðasalan fyrir næstu hátíð hefst 1. desember og kostar miðinn heilar 42.900 krónur, sem er 13 til 16 þúsund króna hækkun á milli hátíða. Fyrir hátíðina í sumar var miðinn seldur á bilinu 24 til 30 þúsund krónur og fór verðið eftir gengi krónunnar í hvert skipti.

„Þetta er ekkert Hróarskeldutengt. Þetta er bara efnahagsástandið og ég held að allir séu að draga saman seglin. Kannski verða það þeir allra hörðustu sem halda áfram og láta sig hafa það sama hvað það kostar," segir Tómas, spurður um þetta háa miðaverð.

ÍSLENDINGAR Á HRÓARSKELDU Búast má við töluvert færri Íslendingum á Hróarskeldu næsta sumar en undanfarin ár.

Til frekari samanburðar þá kostaði miðinn á hátíðina í fyrra aðeins 16 til 17 þúsund krónur sem er næstum þrisvar sinnum lægra en nú og því hafa sviptingarnar verið gríðarlegar í miðasölunni á örskömmum tíma.

Fjöldi Íslendinga á Hróarskeldu sem keypti miða hérlendis tvöfaldaðist á árunum 2004 til 2007 og fór úr rúmum 760 manns í rúm 1.600. Á þessu ári kvað aftur á móti við nýjan tón því þá hrapaði fjöldinn niður í 860 manns.

„Ég held að þetta sé of dýrt fyrir alla Íslendinga. Danska krónan er 25 kall. Ódýrasta flugið til Hróarskeldu er 41 þúsund, þannig að þetta er 84 þúsund kall í minnsta lagi. Það er of mikið. Þó að þetta sé góð hátíð og sú besta í heimi gæti þetta verið of stór biti," segir Tómas og líst ekki á blikuna. **- fb**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 26. nóvember

Tónleikar

20.00 Tónskáldið **Just Julian** verður með tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík þar flutt verður flautusónata, kórverk, kammerverk fyrir píanó o.m.fl.

20.00 Trúnó Hljómsveit Tómasar R. ásamt **Ragnheiði Gröndal** og **Mugison** munu flytja tónlist af nýútkomnum disk Tómasar í Iðnó við Vonarstræti.

20.30 Lúðrasveit Reykjavíkur verður með hausttónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut.

21.00 Tangóhljómsveitin Astor verður með tónleika á **Domo bar,** Þingholtsstræti 5. Eftir hlé gefst fólki tækifæri á að stiga dans.

21.00 Valur Gunnarsson spilar á Rósenberg. Halli hitar upp.

22.00 Hljómsveitirnar Slugs, Agent Fresco og **Dr. Spock** spila á Dillon, Laugavegi 30. Enginn aðgangseyrir.

Fyrirlestrar

12.30 Listamaðurinn og rithöfundurinn **Jyrki Siukonen** verður með fyrirlestur í myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, stofu 024.

Sýningar

Stafræn skissubók Sissú sýnir verk í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Opið virka daga frá kl. 12-19 og um helgar frá 13-17.

Myndlist

Helga Aminoff sýnir verk á Thorvaldsen Bar, Austurstræti 8. Sýningin er opin mán.-fim. kl. 11-1, föst. kl. 11-4, lau. kl. 11-5 og sun. kl. 11-1.

Rautt Opnuð hefur verið samsýning 13 listamanna í Gallery Syrpu við Strandgötu 39 í Hafnarfirði. Opið þri.-föst. kl. 12-17 og lau. kl. 10-14.

Myndlistarmaðurinn Teddi hefur opnað sýningu á átta lágmyndum á Sjávarbarnum við Grandagarð. Opið mán.-föst. kl. 10-21, lau. 11-22 og sun. 16-22.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

SPILA SIG FRÁ KREPPUNNI Valur Þór Gunnarsson og Sigurður Eggert Gunnarsson standa á bak við Kreppuspilið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vakti í viku og gerði kreppuspil

Valur Þór Gunnarsson missti vinnuna um síðustu mánaðamót. Í stað þess að leggjast í þunglyndi ákvað hann að finna sér eitthvað að gera. Niðurstaðan varð Kreppuspilið sem kemur út fyrir jólin.

„Spilafróðir menn segja mér að spilið sé eins konar blanda af gamla Matadorinu og Hættuspili," segir Valur Þór Gunnarsson, höfundur Kreppuspilsins. Það kemur í búðir í desember.

„Ég vann í upplýsingatæknifyrirtæki en var sagt upp um síðustu mánaðamót eins og fólk er að lenda í úti um allar trissur," segir Valur. „Í staðinn fyrir að leggjast í þunglyndi með tærnar upp í loft í sófanum, eins og allt stefndi í, lagði ég hausinn í bleyti. Þegar ég hafði ekki sofið í viku, eða því sem næst, kom þessi hugmynd. Ég talaði við kunningja mína og allar vélar voru settar í gang."

Kreppuspilið er borðspil sem gengur út á að draga spjöld og hlýða þeim leiðbeiningum sem þar birtast. Þrjár tegundir spjalda eru í spilinu, „góðæri", „kreppa" og „óvissa". „Við bjóðum fólki að taka þátt í gerð spilsins með því að senda inn texta sem fer á spjöldin í gegnum vefsíðu (kreppuspilid.is). Þannig langar okkur að grípa og endurspegla þjóðarsálina svolítið – hvernig húmorinn og hin íslenska kaldhæðni kemur fram í þessum nýja raunveruleika," segir Sigurður Eggert Gunnarsson hjá Gogogic, sem framleiðir spilið.

Valur Þór segir að allt verði sem kreppulegast við Kreppuspilið. „Við höldum verðinu eins lágu og við getum. Við framleiðum þetta innanlands enda væri annað rugl nú þegar krónan er í klósettinu. Það sem er minnst kreppulegt við spilið er að það verður alveg fanta skemmtilegt." drgunni@frettabladid.is

Spilar með pabba

Beatrice, fimm ára dóttir Sir Pauls McCartney, kemur fram í laginu Two Magpies á nýjustu plötu hans, Electric Arguments, sem hann gefur út undir nafninu The Fireman.

„Beatrice var í hljóðverinu og á meðan á upptökum á Two Magpies stóð greip hún heyrnartól og sagði: „Mig langar að spila á píanóið" og það var síðan tekið upp," sagði heimildarmaður. „Þegar Paul heyrði upptökuna fannst honum hún hljóma vel og ákvað að láta fylgja með í lokaútgáfunni."

Svo virðist sem tónlistarferill Beatrice sé smám saman að hefjast því McCartney greindi frá því fyrir skömmu að hún yrði hugsanlega í bakröddum í nýju lagi sem hann semur fyrir næstu Shrek-mynd. „Paul er virkilega ánægður með að taka þátt í næstu Shrek-mynd vegna þess að Shrek er í uppáhaldi hjá Beatrice. Hann vill stíga skrefi lengra og sjá til þess að hún verði hluti af myndinni."

SIR PAUL MCCARTNEY Beatrice, dóttir McCartneys og Heather Mills, virðist ætla að feta í fótspor föður síns.

Verðhrun Verðhrun
Útsölumarkaður Verðlistans

Jakkar	kr. 2.500
Pils og buxur	kr. 1.500
Kápur	kr. 5.000
Úlpur	kr. 3.000

allt á borði kr. 1.000
Allra síðasta vika

verðlistinn
Opið mánud. til föstud. frá kl. 12.00 - 18.00 Ármúla 38

Orð í tíma töluð

„Merkileg tilviljun að bókin *Orðspor* skuli koma út einmitt á sama tíma og vart er meira talað um annað en orðspor Íslendinga úti í heimi. Flest af því sem Gunnar Hersveinn hefur að segja er líka orð í tíma töluð."
JÓN ÓLAFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Á heillandi hátt nálgast Gunnar Hersveinn í bókinni *Orðspor* það vandasama verk að svara spurningunni: Hvernig ber að umgangast landið og lífið í kringum mann, veröldina á hennar eigin forsendum?"
GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON

„Orðspor þjóðar er vafalaust verðmætasta eign hennar."
HALLA TÓMASDÓTTIR / AUÐUR CAPITAL

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

ABBA á Singstar

Æðið heldur áfram!

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.

SENDU SMS EST STA Á NÚMERIÐ 1900

9. HVER VINNUR!

AÐALVINNINGUR ER ABBA SINGSTAR ÁSAMT HLJÓÐNEMUM, MAMMA MIA MYNDINA Á DVD OG TÓNLISTINA ÚR MYNDINNI!

AUKAVINNINGAR: ABBA SINGSTAR · MAMMA MIA! Á DVD · TÓNLISTIN ÚR MYNDINNI MAMMA MIA! PEPSI MAX · FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG TÖLVULEIKJUM.

ELKO

Fínt gráðhestarokk

Á stuttum líftíma sínum hefur stelpusveitin (plús einn trommandi strákur) Vicky getið sér gott orð fyrir öfluga og skemmtilega frammistöðu á tónleikum þar sem lenskan er að keyra allt í botn og rokka eins og dagurinn í dag sé upphaf og endir alls sem er, var og verður. Þegar best lætur tekst *Pull Hard*, fyrstu breiðskífu sveitarinnar, að koma einkenniskrafti Vicky á sviði hnökralaust og glæsilega til skila. Í sumum lögum hefði mátt eiga við útsetningarnar, flækja örlítið eða tempra, því formúlan sem flest lögin fylgja (gítarriff sem rutt er úr vegi með miklum gítardrunum og látum) verður yfirgnæfandi eftir því sem á líður. Slíkt svínvirkar á tónleikum, en er til örlítils vansa í þessu tilfelli. *Pull Hard* skortir sem sagt ekkert upp á kraftinn en mætti að ósekju vera blæbrigðaríkari.

Lagasmíðum Vicky er hægt að lýsa sem hreinræktuðum orkuskotum. Langflestu og flest bestu lögin eru stutt, hnitmiðuð og blátt áfram. Sömu sögu er að segja af textunum sem, þrátt fyrir vafasama ensku á stöku stað, eru hressilega hreinskilnir og lausir við allt prjál.

Eygló er fyrirtaks rokksöngkona og hispurslaus hljóðfæraleikurinn hentar verkefninu vel. Í bestu lögunum á *Pull Hard*, eins og *Don't Go Giving Me Evils*, *Blizzard*, *Alien* og *My Black Lesbian Lover*, fer ekki á milli mála að Vicky er efnileg gráðhestagrúppa. Næsta plata verður eflaust enn betri.

Kjartan Guðmundsson

TÓNLIST

Pull Hard

Vicky

★★★

Kröftug frumraun frá hinni efnilegu Vicky þótt kappið beri fegurðina ofurliði á stöku stað.

Páll í hart við G. Pétur

G. Pétur Matthíasson, fyrrum fréttamaður á RÚV, birti í vikunni á bloggsíðu sinni upptöku frá í janúar árið 2007 sem sýnir harkaleg samskipti hans og forsætisráðherra. Páll Magnússon útvarpsstjóri telur þetta ólíðanlegt með öllu.

„Seint í rassinn gripið? Jú, kannski. En ég er að biðja hann að skila þýfinu. Formsatriði skipta hér máli," segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Hann hefur sent G. Pétri Matthíassyni, fyrrverandi fréttamanni, harðort bréf þar sem hann fer fram á að G. Pétur skili upptökum sem hann birti á bloggsíðu sinni – upptökum sem sýna harkaleg samskipti fréttamannsins og forsætisráðherra. Páll segir þetta ótækt með öllu, þarna hafi Pétur tekið ófrjálsri hendi efni sem RÚV á og misnotað. „Sem er ekki aðalatriði málsins heldur braut hann gegn þeim heiðarlegu og hreinskiptu samskiptum sem Ríkisútvarpið þarf að eiga við viðmælendur sína sem eiga þá kröfu að RÚV sé ekki með undirmál í gangi. Viðtal sem er tekið fyrir RÚV sé birt þar en ekki í einhverju allt öðru samhengi á bloggsíðum fyrrverandi starfsmanna í allt öðru samhengi." Í bréfi sínu krefst Páll þess að G. Pétur skili upptökunum og biðjist jafnframt opinberlega afsökunar. Að öðrum kosti fái lögmaður málið til afgreiðslu. Spurður segir Páll þetta ekkert hafa með Geir að gera, frumkvæmið komi frá RÚV, ekki hafi borist kvörtun frá stjórnvöldum.

G. Pétur neitar því að eiga mikið spólusafn heima og hefur brugðist við með því að senda upptökurnar í ábyrgðarpósti til Páls og með fylgir bréf. „Þar er afsökunarbeiðni. Ég bið þjóðina afsökunar að hafa ekki birt þetta á sínum tíma. Hafi Ríkisútvarpið, minn gamli vinnustaður sem er mér kær, beðið einhvern álitshnekki, biðst ég afsökunar á því opinberlega. Með þessu tel ég mig hafa orðið að kröfum útvarpsstjóra," segir G. Pétur. En í bréfinu er ýmislegt fleira sagt sem lesa má á síðu Péturs. Þar leggur hann til að spólan verði notuð sem kennslugagn.

„Jú, ég viðurkenni að þetta er á gráu svæði. Í þessu eru ýmis álitamál sem ekki hefur reynt á hér. Til hins er að líta að ef horft er í kringum sig eru ýmis grá svæði, ýmislegt er að gerast í íslensku þjóðlífi sem á sér engin fordæmi, aðstæður eru gerbreyttar. Hugsanlegt að gráu svæðin flytjist til. Fyrir nú utan tjáningarfrelsið – skylda til að upplýsa er aldrei á gráu svæði."

jakob@frettabladid.is

TAUGATREKKJANDI

Lögreglan í Ystad finnur afhöggvið mannshöfuð og samanfléttaðar hendur í skóglendinu utan við bæinn. Ýmis undarleg atvik vekja ugg um að vænta megi mannvíga í stórum stíl.

„Wallander er ein áhrifamesta og trúverðugasta persónan í glæpasögum samtímans."
THE TIMES



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FLOTT TILBOÐ

HAGSTÆÐUSTU SJÓNVARPSKAUPIN

Panasonic TX26LE7F
26" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

Panasonic TX32LM70F
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnatólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

JVC LT32G80BU
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix Plus, HD Ready, 1.200:1 skerpu, Black Level Correction og Digital Comb Filter, fullkomnum litstýringum, 20w RMS MaxxBass hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi,

VERÐ 119.990
FRÁBÆRT VERÐ

Philips 32PFL5403D
32" LCD BREIÐTJALD, 1366x768 punkta uppl., Perfect Pixel Plus HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 30.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, innb., digital DVB-T móttakara, 30w Nicam Stereó, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnart., Coax út og USB, textav. ofl.

TILBOÐ 159.990
FULLT VERÐ kr. 179.990

JVC LT37DA8
37" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 6ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 12w RMS MaxxBass, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt.,VGA tengi, textav. ofl.

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 189.990

Full HD 1080p

Panasonic TX37LZD70F
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Comp., SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textav. ofl.

TILBOÐ 219.990
FULLT VERÐ kr. 249.990

Philips 32PFL7613D
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 30.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, innb., digital DVB-T móttakara, Ambilight 2 bakljósi, 30w Nicam Stereó, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnart., Coax út og USB, textav. ofl.

TILBOÐ 219.990
FULLT VERÐ kr. 229.990

Philips 42PFL7613D
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 30.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, innb., digital DVB-T móttakara, Ambilight 2 bakljósi, 2 x 15w Nicam Stereó með wOOx hátölurum, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnart., Coax út og USB, textav. ofl.

TILBOÐ 299.990
FULLT VERÐ kr. 329.990

SUPER SLIM
OFURÞUNNT

JVC LT42DS9
42" DynaPix Full HD LCD BREIÐTJALD Super-Slim (þykkt: 7,4 sm) með 1920x1080 punkta upplausn, HD Ready, 7.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T mótt., 20w RMS MaxxBass Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt., textav. ofl.

TILBOÐ 299.990
FULLT VERÐ kr. 329.990

PHILIPS JVC Panasonic

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

> Haukar mæta Nordhorn

Íslandsmeistarar Hauka mæta þýska liðinu Nordhorn í 16-liða úrslitum Evrópukeppni bikarhafa. Haukarnir sluppu því við langt og dýrt ferðalag að þessu sinni en fengu í staðinn afar erfiðan mótherja. Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, sagði að vel kæmi til greina að selja heimaleikinn hefði Nordhorn áhuga á að kaupa. Fjárhagsstaða liðsins leyfði einfaldlega ekki annað en að sá möguleiki væri skoðaður vel ef upp kæmi. Fram gerði einmitt slíkt hið sama er það mætti Gummersbach í tveimur leikjum um síðustu helgi.

sport

sport@frettabladid.is

SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON: FÓR Í MISHEPPNAÐA AÐGERÐ OG ÞARF AÐ LEGGJAST AFTUR UNDIR HNÍFINN

Þetta er auðvitað hrikalega svekkjandi

Það á ekki af landsliðsmanninum Snorra Steini Guðjónssyni að ganga. Hann fór í aðgerð á hné eftir Ólympíuleikana í sumar, hefur síðan verið í endurhæfingu og er nýbyrjaður að spila. Þegar út á völlinn var komið uppgötvaðist fljótlega að ekki var allt með felldu enda Snorri afar þjáður og gat lítið beitt sér.

Hann kom síðan til Íslands og fór í skoðun hjá lækni landsliðsins, Brynjólfi Jónssyni, og þar kom í ljós að staðan á honum er nákvæmlega sú sama, og hann verður því að fara aftur undir hnífinn.

„Þetta er auðvitað hrikalega svekkjandi. Það átti að fjarlægja flís úr hnénu en þegar hnéð var myndað upp á nýtt er myndin nánast eins og hún var fyrir og því erfitt að sjá að eitthvað hafi verið gert. Ég fór samt í aðgerð, var svæfður og er með skurð. Hvað gerðist á meðan ég svaf veit ég ekki," sagði Snorri Steinn en hann var augljóslega afar svekktur þó svo að hann hafi reynt að slá á létta strengi.

„Mig var farið að kitla í puttana að byrja á nýjan leik og það er því áfall að vita að maður stendur á sama stað og fyrir aðgerðina. Ég er eðlilega ekki sáttur með það hvernig þessi aðgerð fór og forráðamenn GOG fá að vita það. Ég vil eðlilega ekki fara aftur í aðgerð hjá þeim og ætla að krefjast þess að koma heim og láta Brynjólf skera mig upp," sagði Snorri Steinn ákveðinn en hann er ekki fyrsti landsliðsmaðurinn sem vill að Brynjólfur sjái um aðgerð á sér.

Snorri kemst því ekki aftur á ferðina fyrr en einhvern tímann á næsta ári og hann vonast til þess að geta leikið með GOG í milliriðli Meistaradeildarinnar. Það var einmitt dregið í riðla þar í gær og GOG lenti þar í sannkölluðum dauðariðli með þremur bestu félagsliðum heims – Kiel, Ciudad Real og Barcelona.

„Þetta er rosalegur riðill og við erum eðlilega fyrirfram ekki líklegir til þess að komast áfram. Það verður engu að síður gaman að etja kappi við þessi lið og sjá hvar við stöndum gegn þeim," sagði Snorri en GOG lagði Barcelona á heimavelli síðasta vetur. GOG mætti Ciudad í riðlakeppninni á dögunum og átti ekki möguleika í leikjum liðanna.

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu

E-riðill:

AaB-Celtic	2-1
0-1 Barry Robson (53.), 1-1 Caca (73.), 2-1 Gary Caldwell, sjálfsmark (87.).	
Villarreal-Man. Utd	0-0

F-riðill:

Bayern München-Steaua	3-0
1-0 Miroslav Klose (57.), 2-0 Luca Toni (61.), 3-0 Miroslav Klose (71.)	
Fiorentina-Lyon	1-2
0-1 Jean Makoun (15.), 0-2 Karim Benzema (27.), 1-2 Alberto Gilardino (45.).	

G-riðill:

Arsenal-Dynamo Kiev	1-0
1-0 Nicklas Bendner (87.)	
Fenerbahçe-Porto	1-2
0-1 Lisandro (19.), 0-2 Lisandro (28.), 1-2 Kazim Kazim (63.)	

H-riðill:

Zenit-Juventus	0-0
Bate Borisov-Real Madrid	0-1
0-1 Raúl (7.)	

Coca Cola Championship

Cardiff-Reading	2-2
Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading en Brynjar Björn Gunnarsson sat á bekknum. Hann kom síðan inn af bekknum á 34. mínútu er Noel Hunt meiddist og skoraði jöfnunarmark Reading á 50. mínútu.	
Coventry-Swansea	1-1
Aron Einar Gunnarsson sat á varamannabekk Coventry í leiknum.	
QPR-Charlton	2-1
Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópi QPR gegn liðinu sem hann var næstum farinn til.	

Bendtner bjargaði Arsenal

Danski framherjinn tryggði Arsenal sigur á Dynami Kiev í gær og Arsenal um leið farseðilinn í 16-liða úrslit keppninnar. Það varð ljóst í öllum fjórum riðlunum sem keppt var í hvaða tvö lið komast áfram í næstu umferð.

FÓTBOLTI Það verður engin spenna í lokaumferð riðla E, F, G og H í Meistaradeildinni enda liggur ljóst fyrir eftir leiki gærkvöldsins hvaða lið úr þessum riðlum komast áfram í næstu umferð.

Daninn Nicklas Bendtner kom Arsenal til bjargar gegn Dynamo Kiev með marki á lokamínútunum í gær. William Gallas sneri aftur í lið Arsenal en Cesc Fabregas var með fyrirliðabandið og verður með það áfram. Porto fylgir Arsenal upp úr G-riðlinum en Porto skellti Fenerbahce á útivelli og gerði um leið út um vonir tyrkneska liðsins.

Það bjuggust margir við jafntefli hjá Villarreal og Man. Utd á Spáni enda dugði jafntefli báðum lið til þess að komast áfram. Sú varð raunin og það markalaust jafntefli. Leikurinn var þó ekki eins leiðinlegur og margir kynnu að halda. United talsvert sterkara liðið og var nærri því að taka öll stigin en heimamenn sem sóttu á fáum mönnum, fóru sér hægt og virtust vera sáttir við eitt stig og farseðil í næstu umferð. Álaborg sigraði á Celtic í sama riðli og eyðirmerkurgöngu Celtic á útivelli í Meistaradeildinni heldur því áfram.

Bayern München tók sinn tíma í að Steaua Búkarest niður en þegar fyrsta markið kom fylgdu tvö í kjölfarið sem og farseðill í næstu umferð. Lyon vann góðan útisigur á Fiorentina og ítalska liðið því ekki lengur í möguleika að komast áfram.

HETJAN FAGNAR Nicklas Bendtner fagnar hér sigurmarkinu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Juventus náði jafntefli gegn Zenit frá Pétursborg í kuldanum í Rússlandi en leikurinn þótti tilþrifalítill. Stigið dugði Juve til að komast áfram en Zenit á ekki lengur möguleika á öðru sætinu en frammistaða liðsins í keppninni hefur valdið miklum vonbrigðum.

Real Madrid átti hættulegan leik gegn BATE Borisov á útivelli en gamla brýnið Raúl sá til þess að Real fengi öll stigin með marki snemma í leiknum. Stigin þrjú sem Real fékk þar og jafntefli Zenit gerði það að verkum að Real er komið áfram í 16-liða úrslit keppninnar. **henry@frettabladid.is**

Kvennalandsliðið í handbolta:

Á að vera létt gegn Lettum

HANDBOLTI Kvennalandsliðið leikur sinn fyrsta leik í undanriðli HM í handbolta í Póllandi í dag þegar liðið mætir Lettum.

Lettar eru ekki hátt skrifaðir í kvennahandboltanum og töpuðu meðal annars öllum fjórum leikjum sínum með 19 mörkum að meðaltali í undanriðlinum fyrir ári. **- óój**

Margrét Lára til Linköping:

Hættu að eltast við Mörtu

FÓTBOLTI Sænska liðið Linköping dró sig út úr eltingarleiknum við bestu knattspyrnukonu heims, Mörtu frá Brasilíu, þegar ljóst var að Margrét Lára Viðarsdóttir myndi skrifa undir hjá liðinu.

Marta hefur verið valin besta knattspyrnukona heims síðustu tvö ár. Hún hefur skorað 111 mörk í 103 leikjum með Umeå sem hefur orðið sænskur meistari síðustu fjögur ár og reynir allt til þess að halda í þessa snjöllu knattspyrnukonu. Bandaríska liðið Los Angeles Sol og sænska liðið LdB Malmö eru bæði að reyna fá hana til sín. **- óój**

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Næstsíðustu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld:

Spennan farin að magnast

FÓTBOLTI Barcelona og Sporting eru þegar búin að tryggja sig áfram upp úr C-riðli en spennan er farin að magnast í hinum riðlunum. Ensku félögin Chelsea og Liverpool eru í bílstjórasætum riðla sinna í Meistaradeildinni og komast áfram í 16-liða úrslit keppninnar með sigri í leikjum sínum í kvöld.

Chelsea situr á toppi A-riðils þrátt fyrir háðulega útreið í síðustu umferð gegn Roma en öll félög riðilsins eiga enn tölfræðilegan möguleika á að komast áfram í 16-liða úrslitin.

Chelsea heimsækir Bordeaux í kvöld en Lundúnafélagið vann fyrri leik félaganna með miklum yfirburðum á Brúnni. Rómverjar eiga harma að hefna gegn CFR Cluj í kvöld en Rúmenarnir komu flestum í opna skjöldu með því að sigra á Ólympíuleikvanginum í Róm í fyrri leik félaganna.

B-riðill er einnig spennandi en þar eru José Mourinho og lærisveinar hans í Inter í góðum málum ásamt spútnikliði keppninnar hingað til, Anorthosis Famagusta frá Kýpur.

Inter kemst áfram í 16-liða úrslitin með sigri gegn Panathinaikos á San Siro í kvöld en Anorthosis, undir stjórn Temuri Ketsbaia, fyrrum leikmanns Newcastle, gæti þá fylgt ítalska félaginu með sigri á heimavelli gegn Werder Bremen.

„Ég get ekki lýst því hvað ég er stoltur yfir því sem við höfum nú þegar afrekað. Ég hrósa leikmönnum mínum fyrir að gefa ekki bara Anorthosis, heldur Kýpur þetta einstaka tækifæri," sagði Ketsbaia á blaðamannafundi fyrir leikinn gegn Bremen.

Þegar er ljóst að Barcelona og Sporting komast áfram upp úr C-riðli en félögin berjast um toppsætið þegar þau mætast í Portúgal í kvöld. Eiður Smári Guðjohnsen er í leikmannahópi Börsunga fyrir leikinn.

Kristinn Jakobsson dæmir hinn leik riðilsins á milli Shakhtar Donetsk og Basel.

Liverpool og Atletico Madrid sitja hlið við hlið á toppi D-riðils og gæti nægt jafntefli til þess að tryggja sig áfram í 16-liða úrslitin. En þar sem báðum innbyrðisleikjum félaganna lyktaði með 1-1 jafntefli gæti markatala ráðið úrslitum um hvort félagið hreppir toppsætið fari svo að félögin verði áfram jöfn að stigum þegar riðlakeppninni lýkur.

LEIKIR KVÖLDSINS

A-riðill:	
Bordeaux-Chelsea	Stöð 2 Sport 3
CFR Cluj-Roma	
B-riðill:	
Inter-Panathinaikos	Stöð 2 Sport 4
Anorthosis-Werder Bremen	
C-riðill:	
Shakhtar Donetsk-Basel	
Sporting-Barcelona	
D-riðill:	
Atletico Madrid-PSV	
Liverpool-Marseille	Stöð 2 Sport

Atletico heimsækir PSV í kvöld en Liverpool tekur á móti Marseille á Anfield í 66. Evrópuleik sínum undir stjórn knattspyrnustjórans Rafa Benítez. Spánverjinn bætir þar með met goðsagnarinnar Bills Shankly sem stýrði Liverpool í 65 Evrópuleikjum á sínum tíma. **- óþ**

DRAUMURINN LIFIR Temuri Ketsbaia hefur gert ótrúlega hluti með Famagusta sem á möguleika að komast áfram. NORDIC PHOTOS/GETTY

BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍSLENSKT OG GOTT!

EINIBERJAKRYDDAÐ LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI

1.455 kr./kg.

MERKT VERÐ 2.425 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ÁLEGG Í BRÉFUM
FRÁ KJARNAFÆÐI

		Merkt verð kr./kg.
HANGIÁLEGG	**2.799**	3.999
SKINKA 1. FL.	**1.776**	2.537
ROAST BEEF	**3.378**	4.825
SPÆGIPYLSA	**2.038**	2.912
LAMBARÚLLUPYLSA	**1.523**	2.176
LÚXUS BEIKON	**1.908**	2.725
LÉTTR. BRAUÐSKINKA	**1.211**	1.730
PEPPERONI	**2.169**	3.098
STERKT PEPPERONI	**2.169**	3.098
HAMBORGARHRYGGUR	**2.313**	3.304
KJÚKLINGAÁLEGG	**1.815**	2.593
LÉTTR. KJÚKL.ÁLEGG	**1.959**	2.798

30% AFSLÁTTUR

SALTAÐ FOLALDAKJÖT M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI

398 kr./kg.

MERKT VERÐ 664 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI

398 kr./kg.

MERKT VERÐ 664 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ÁVAXTAFYLLT GRÍSASTEIK
FRÁ KJARNAFÆÐI

1.249 kr./kg.

MERKT VERÐ 1.785 KR./PK.

30% AFSLÁTTUR

BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI

1.079 kr./kg.

MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

SÆNSK JÓLAPYLSA
FRÁ KJARNAFÆÐI

674 kr./kg.

MERKT VERÐ 899 KR./KG.

25% AFSLÁTTUR

BRAUÐSKINKA, PAKKAR
FRÁ KJARNAFÆÐI

1.019 kr./kg.

MERKT VERÐ 1.699 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

dagskrá

> Christina Applegate

„Ég þurfti að fullorðnast hratt og fékk því ekki að vera barn lengi. Aftur á móti fannst mér heimur hinna fullorðnu mjög spennandi og ég hef ekki fundið fyrir neinni eftirsjá.“ Appelgate leikur í þættinum Hvaða Samantha? sem sýndur er í Sjónvarpinu í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á BORGARAFUND Í RÍKISSJÓNVARPINU

Kreppan krufin í beinni útsendingu

Það var sterkur leikur hjá Ríkissjónvarpinu að sýna borgarafundinn í Háskólabíói í beinni útsendingu því áhorfið hefur vafalítið verið mikið.

Flestir ef ekki allir Íslendingar á fullorðinsaldri láta sig kreppuna varða og þarna gátu áhorfendur fengið að sjá samlanda sína sauma duglega að stjórnvöldum, enda ærin ástæða til.

Gunnar Sigurðsson leikstjóri hélt um stjórnartaumana eins og á undanförnum borgarafundum og gerði það af miklum myndarskap. Framkoma hans var létt og laus við öll formlegheit á sama tíma og hann hikaði ekki við að láta skömmustulega stjórnmálamennina fá það óþvegið, sæi hann ástæðu til. Þannig stóð hann fyllilega fyrir sínu sem fulltrúi þess fjölda Íslendinga sem krefst þess að ríkisstjórnin standi betur í stykkinu.

Ræðumennirnir sem stigu í pontu stóðu sig allir vel þrátt fyrir að sumir hafi reyndar talað óþarflega lengi. Upp úr stóð þó hagfræðingurinn Þorvaldur Gylfason sem fór hreinlega á kostum í ræðustólnum. Þrumuræða hans var uppfull af gullkornum um spillt stjórnmálalíf undanfarinna ára og heimskulegar ákvarðanir stjórnvalda og eftir hana fékk maður sterklega á tilfinninguna að Ísland sé í raun og veru þetta bananalýðveldi sem sumir hafa talað um í gegnum tíðina við heldur dræmar undirtektir.

Eftir að fundinum lauk gerðu bæði forsætis- og utanríkisráðherra heldur lítið úr honum í tíufréttunum og efuðust í nauðvörn sinni um að skoðanir fólksins í salnum endurspegluðu skoðanir þjóðarinnar. Þetta kallast að stinga höfðinu í sandinn því ef þau geta ekki tekið mark á mótmælum undanfarinna vikna eru þau svo mjög úr tengslum við raunveruleikann að setja verður stórt spurningarmerki við áframhaldandi setu þeirra í ráðherrastól.

EKKI MISSA AF

19.30 Liverpool - Marseille, BEINT, STÖÐ 2 SPORT

20.05 Bráðavaktin (ER) SJÓNVARPIÐ

20.10 What I Like About You SKJÁREINN

20.20 Project Runway STÖÐ 2

20.30 Smallville STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (39:52)
17.55 Gurra grís (64:104)
18.00 Disneystundin Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.
18.54 Víkingalottó (100:105)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Bráðavaktin (ER) (4:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk: Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes.
20.50 Hvaða Samantha? (Samantha Who?) (14:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er. Aðalhlutverk: Christina Applegate, Jean Smart og Jennifer Esposito.
21.15 Heimkoman (October Road II) (18:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn. Aðalhlutverk: Brad William Henke, Bryan Greenberg, Evan Jones og Laura Prepon.
22.00 Tíufréttir
22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
23.05 Fögur form (Bella Figura)
00.05 Kastljós (e)
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Nanny McPhee
10.00 New Suit
12.00 Sueno
14.00 My Super Ex-Girlfriends
16.00 Nanny McPhee
18.00 New Suit
20.00 Sueno Rómantísk og hugljúf mynd um hæfileikaríkan tónlistarmann sem flytur til Los Angeles frá Mexíkó til að láta draum sinn sem söngvari rætast.
22.00 Syriana
00.05 Be Cool
02.00 The General's Daughter
04.00 Syriana
06.05 Paparazzi

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Smá skrítnir foreldrar, Fífí, Louie, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (200:300)
10.35 America's Got Talent (10:15)
12.00 Grey's Anatomy (18:25)
12.45 Neighbours
13.10 Sisters (16:28)
13.55 E.R. (12:25)
14.40 Two and a Half Men (23:24)
15.10 Friends (22:24)
15.35 Friends
16.00 Skrímslaspilið
16.23 BeyBlade
16.48 Ofurhundurinn Krypto
17.13 Ruff's Patch
17.23 Gulla og grænjaxlarnir
17.33 Bold and the Beautiful
17.58 Neighbours
18.23 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.15 Víkingalottó
19.20 Veður
19.30 The Simpsons (6:25)
19.55 Friends Bestu vinir allra landsmanna eru mættir aftur. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler.
20.20 Project Runway (13:15) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.
21.05 Grey's Anatomy (6:24) Þættir sem gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
21.50 Ghost Whisperer (53:62)
22.35 Oprah
23.20 Dagvaktin (10:12)
23.50 E.R. (12:25)
00.35 A Glimpse of Hell
02.00 Tracker
03.30 Ghost Whisperer (53:62)
04.15 Grey's Anatomy (6:24)
05.00 The Simpsons (6:25)
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
07.40 Meistaradeild Evrópu
08.20 Meistaradeild Evrópu
09.00 Meistaradeild Evrópu
16.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu sem fram fór fyrr í vikunni.
17.50 Meistaradeild Evrópu
18.30 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
19.00 Meistaradeild Evrópu Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.
19.30 Meistaradeild Evrópu Bein útsending frá leik Liverpool og Marseille í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Bordeaux - Chelsea Sport 4. Inter - Panathinaikos
21.40 Meistaradeild Evrópu
22.20 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Bordeaux og Chelsea en leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.35.
00.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Inter og Panathinaikos en leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl 19.35.
02.00 Meistaradeild Evrópu

SPORT 2 *enski boltinn*

16.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Portsmouth og Hull.
18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
19.00 Coca Cola-mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
19.30 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
20.25 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
21.35 Leikur vikunnar
23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Newcastle.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
18.30 Are You Smarter Than a 5th Grader? (14:27) (e)
19.20 Innlit / Útlit (10:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. (e)
20.10 What I Like About You (19:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Henry aðstoðar Holly þegar hún sækir um lærlingsstöðu í París og hún fer að efast um að það hafi verið rétt ákvörðun að hætta með honum.
20.35 Frasier (19:24) Síðasta þáttaröðin af einum vinsælustu gamanþáttum allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.
21.00 America's Next Top Model (9:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Núna þurfa stelpurnar að leika í sjónvarpsauglýsingu og það gengur misvel. Það kemur einnig upp ósætti í húsinu.
21.50 CSI:Miami (9:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Raðmorðingi gengur laus og gerir tilraun til að myrða Calleigh en málið snýst í höndunum á henni og stofnar framtíð hennar í rannsóknardeildinni í hættu.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Law & Order (9:24) (e)
00.20 Vörutorg
01.20 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 21.05

Grey's Anatomy

Í kvöld sýnir Stöð 2 sjötta þáttinn í fimmtu þáttaröð Grey´s Anatomy. Bailey fetar framabrautina og fær enn meira krefjandi verkefni og enn meiri ábyrgð. Hún stendur frammi fyrir gríðarlega erfiðu verkefni þegar hún á að hafa yfirumsjón með aðgerð á lítilli stúlku. Nýi læknirinn ögrar aðferðafræði og hæfileikum nýju læknanna.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Fögur form (Bella Figura)

Sjónvarpið kl. 23.05

Í mars 2004 rifti Konunglega óperuhúsið í Covent Garden í London samningi við söngkonuna Deboru Voigt. Ástæðan var sögð sú að dívan þætti of feit en þetta olli miklu hneyksli í óperuheiminum. Í þessari þýsku heimildarmynd viðra söngvarar, leikstjórar og fleiri sem að óperuuppsetningum koma, skoðanir sínar á því hvaða kröfur er réttlátt að gera til óperusöngvara.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Brot af eilífðinni
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Heimur óperunnar
15.03 Útvarpssagan: Bulgari sambandið
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Auðlindin
18.23 Fréttayfirlit og veður
18.26 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stefnumót
21.10 Út um græna grundu
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Bókaþing
23.10 Krossgötur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (67:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (68:260)
17.00 Seinfeld (13:24)
17.30 Smallville (13:20)
18.15 Justice (9:13)
19.00 Hollyoaks (67:260)
19.30 Hollyoaks (68:260)
20.00 Seinfeld (13:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
▶ **20.30 Smallville** (13:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
21.15 Justice (9:13) Spennandi lögfræðiþættir framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.
22.00 Chuck (13:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
22.45 Rescue Me (1:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York. Síðast var skilið við Tommy þar sem hann lenti í skelfilegum eldsvoða og liggur hann sjálfur undir grun þar sem upptök eldvoðans eru enn óljós.
23.30 My Bare Lady (3:4)
00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

iNN

20.00 Lífsblómið Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.
21.00 Kolfinna Umræðuþáttur um stjórnmál og efnahag í umsjón Kolfinnu Baldvindóttur.
21.30 Borgarmál Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum

DR 1

12.00 Aftenshowet med Vejret **12.30** Hammerslag **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Hannah Montana **15.55** Svampebob Firkant **16.20** F for Får **16.30** Skæg med tal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.30** Onsdags Lotto **22.35** OBS **22.40** Plan dk **23.10** Gambler

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** ¸Allo, ¸Allo! **14.00** NRK nyheter **14.01** MGPjr 2008 - dansk finale **15.00** NRK nyheter **15.10** MGPjr 2008 - dansk finale **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Vår aktive hjerne **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Rupert Bjørn **17.10** Lillefot og vennene hans **17.35** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Tingenes tilstand **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** The Wire **23.45** Spekter

SVT 1

11.55 Storstadshamn **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Mega **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Mitt språk **16.20** Alfons Åberg **16.30** Den ituságade kaninen **16.40** Hemska Henry **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Plus **20.30** Carin 21:30 **21.00** The Tudors **21.55** Livet i Fagervik **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Svensson, Svensson **23.25** Robins **23.55** Sändningar från SVT24

Ráð við kvefi

Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...
• Sjúga Strepsils-hálstöflur
• Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
• Forðast tóbaksreyk

Stíflaðar nasir má lina með því að...
• Nota nefúða - til dæmis Otrivin
• Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...
• Drekka mikið af vökva
• Þvo hendurnar oft
• Forðast líkamlega áreynslu
• Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
• Nota snýtupappír og henda eftir notkun

Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!
• Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
• Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

Strepsils, við særindum í hálsi!
Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:
• Ávaxtabragði
• Sítrónu- og hunangsbragði
• Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
• Mentólbragði

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

STREPSILS töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

KREPPA

„Mér finnst að stjórnmálamenn á Íslandi ættu að vinna kauplaust í eitt ár eins og forstjórar bílaframleiðenda gera í Bandaríkjunum. Svona fyrst þeir vilja endilega vera í þessu djobbi. Þetta lið á hvort sem er nógan pening eins og allir sem hafa keyrt allt í kaf hérna.“

Geir Harðarson tónlistarmaður.

Ólafía Hrönn og Jónína Ben á tískusýningu

„Við erum bara að leika okkur og búa til stuð,“ segir Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona sem stendur fyrir tískusýningu á bolum sem hún hannaði í tengslum við sýninguna Utan gátta. „Við Elín Þórhallsdóttir, vinkona mín, höfum verið að hanna undir merkinu Lollell og ætlum að halda tískusýningu í Kassanum á fimmtudagskvöldið. Þetta byrjar með fordrykk og tónlistaruppákomum, svo byrjar tískusýningin um níuleytið. Bolirnir verða svo til sölu eftir sýninguna og hluti ágóðans rennur til mæðrastyrksnefndar,“ útskýrir Ólafía sem hefur fengið mörg þekkt andlit til liðs við sig.

UTAN GÁTTA Ólafía Hrönn hefur verið að hanna boli með Elínu Þórhallsdóttur, vinkonu sinni, og bjóða þær öllum sem vilja á tískusýningu í Kassanum á fimmtudagskvöldið.

„Þeir sem sýna eru meðal annars Brynhildur Guðjóns, Elma Lísa, Birna Hafsteinsdóttir, Jónína Ben og Tinna Gunnlaugs þjóðleikhússtjóri. Hver bolur er módelsmíði, engir tveir eru eins, svo þetta er mjög persónulegt. Allir bolirnir eru skreyttir með höndunum á okkur Lollu og Ellu, en við sitjum stundum heilu kvöldin og bróderum. Það er ekki hátt tímakaup, en það er algjört aukaatriði,“ segir Ólafía sem mun einnig troða upp með Heimilistónum. „Það kostar ekkert inn svo allir eru velkomnir sem vilja. Fólk getur lagt fram frjáls framlög ef það kaupir ekki bol, sem rennur þá til mæðrastyrksnefndar. Það er þannig stemning í dag að fólk vill styrkja eitthvað og koma saman og ef við getum létt jólin hjá einhverjum á þessum erfiðu tímum er það virkilega þess virði,“ segir Ólafía að lokum. **- ag**

SÝNIR BOLI Jónína Ben er á meðal þeirra sem munu sýna Utan gátta-boli Ólafíu og Elínar á tískusýningunni, en hver bolur er módelsmíði.



LÁRÉTT
2. steypuefni, **6.** kusk, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** leita að, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** ennþá, **18.** fát, **20.** tveir eins, **21.** auma.

LÓÐRÉTT
1. munnvatn, **3.** óhreinindi, **4.** gróðrahyggja, **5.** slagbrandur, **7.** ljótur, **10.** framkoma, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** þjálfa, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gifs, **6.** lò, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.
LÓÐRÉTT: 1. slef, **3.** im, **4.** fégirnd, **5.** slá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æfa, **19.** mm.

ANDRI FREYR: HÓ, HÓ, HÓ … SVO SEGJA MENN BÓ BOÐA JÓLIN

Fær að fjúka fjórðu jólin í röð

„Hó, hó, hó. Svo eru menn að segja Bó einhvern jólaboða. En þegar ég er rekinn – þá fara allir í einhvern voða jólafíling,“ segir Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður.

Þáttur Andra og Þórðar Helga Þórðarsonar, eða Dodda litla, Litla hafmeyjan, sem hefur verið á dagskrá Rásar 2 á föstudagskvöldum síðan í vor, hefur verið skorinn niður í aðgerðum sem nú standa fyrir dyrum hjá Ríkisútvarpinu. Að sögn Páls Magnússonar útvarpsstjóra mun endurskoðun á rekstraráætlun liggja fyrir í lok vikunnar. Þær munu miðast við verra rekstrarumhverfi en engar tölur eru komnar á hreint.

Þetta er síður en svo nýtt fyrir Andra að standa í þessum sporum í desembermánuði. Eru þetta fjórðu áramótin sem hann fær uppsagnarbréf í vasann. „Já, þetta er nefnilega árlegt. Alltaf þegar líður að jólum og áramótum er ég að missa vinnu. Nýtt ár ber alltaf eitthvað nýtt í skauti sér fyrir mig. Í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Andri Freyr sem fyrir ári fékk að fjúka af útvarpsstöðinni Reykjavík FM. Þar áður fékk hann sömu jólagjöfina, þá á X-FM, og þar áður á X 97,7.

„Þetta er kannski ekki alveg búið. Fröken Sigrún [Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 2] segir að með betri tíð verði kannski hringt í Meyjuna. Maður vonar bara að þessir andskotar þarna á þingi fari að redda málunum svo maður komist aftur í útvarpið. Hún sagði mér að þetta væri einn af sínum uppáhaldsþáttum. Og ég hef enn nóg að segja þjóðinni, svo fólk viti það.“

Síðasti þáttur sem bókaður er verður annan í jólum og þeir félagar ætla að halda góðum dampi þar til. „Næsti gestur er sjálfur Steinn Ármann. Sá sem leikur íslensk illmenni og skíthæla betur en nokkur annar. Og Kela kött. Það er ekkert þar á milli. Kisinn Keli og svo illmenni.“

AF HVERJU ÉG? Þótt ótrúlegt megi heita eru þetta fjórðu jólin sem útvarpsþáttur Andra Freys er lagður niður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Andri Freyr er búsettur úti í Danmörku og talar þaðan í radíóið. „Ég er að vinna hérna. Níu til fimm. Hjá fyrirtækinu Brother, brother and Son. Við erum að setja saman ljós fyrir leikhús, tónleika og svoleiðis vitleysu. Ég var hérna einn til að byrja með en nú eru þeir orðnir sjö Íslendingarnir hérna í kringum mig. Eins gott ég fái fálkaorðu fyrir að redda landanum vinnu og peningum í útlandinu. Verst að þetta eru svo miklir vesalingar … sko, maður hefur verið að tala svo fallega um íslenskt vinnuafl og svo mætir þetta bara þegar því sýnist í vinnu, sofandi yfir sig heilu vikurnar.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lára Ómarsdóttir, fyrrverandi fréttakona á Stöð 2, upplýsingafulltrúi Iceland Express, blaðamaður á 24 stundum og Morgunblaðinu og talsmaður Bubba-tónleikanna, deyr svo sannarlega ekki ráðalaus. Á DV-vefnum er greint frá því að Lára sé á leiðinni í upplestrarferðalag um Ísland þar sem hún ætlar að kenna Íslendingum að lifa af við þröngan kost án þess að tapa gleðinni. Reyndar vekur athygli að fyrstu viðkomustaðirnir á ferðalagi Láru eru úti á landsbyggðinni sem margir hverjir hafa haldið því fram að margumrætt góðæri hafi siglt framhjá. Láru væri því kannski nær að halda fyrirlestra fyrir kreppuþjáða íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Manúela Ósk Harðardóttir og **Grétar Rafn Steinsson** eru augljósleg vinsæl meðal íbúa Bolton. Eins og Fréttablaðið greindi frá fékk Starbucks-kaffihúsakeðjan þau til liðs við sig í baráttunni fyrir auknu læsi meðal grunnskólabarna. Fyrir tæpri viku voru fótboltamaðurinn og fegurðardrottningin fyrrverandi síðan aftur á ferðinni þegar þau dæmdu árlega jólagöngu við Vue Cinema og kveiktu auk þess á jólaskreytingunum að viðstöddu margmenni. **- fgg**

James Taylor uppáhald Stefáns

„Ég kvitta fúslega undir það. Þetta er ein fyrirmynda umslagsins,“ segir Stefán Hilmarsson söngvari. Stefán hefur loksins sent frá sér jólaplötu. Það hafði aldrei hvarflað að honum fyrr en nú sem má heita merkilegt því söngur hans ómar í einu mest spilaða jólalagi hér allra tíma: Jólahjól. Einhverjir hafa orðið til að benda á sláandi líkindi með umslagi plötu Stefáns og plötu sem James Taylor sendi frá sér árið 2006 sem heitir einfaldlega James Taylor at Christmas.

Páll Ólafsson er hönnuður plötuumslagsins, þrautreyndur í bransanum, hefur hannað hátt í fjögur hundruð plötuumslög á tólf ára ferli. Hann kannast vel við að ekki hafi verið leitað langt yfir skammt. „Þetta er hannað samkvæmt forskrift Stefáns Hilmarssonar sjálfs. Allt með ráðum gert. Útpælt. Enda er James Taylor, eins og alþjóð veit, uppáhaldstónlistarmaður Stefáns,“ segir Páll. Ljósmyndarinn Gassi tók myndina og Páll segir þetta svipað – bara Stefán sé flottari enda íslensk framleiðsla.

Sjálfur dregur Stefán ekki dul á að hann haldi mikið upp á Taylor og umslagið sé samkvæmt forskrift. „Ég á reyndar nokkrar jólaplötur sem hafa svipað umslag þannig að James er heldur ekki að finna upp hjólið. Ekkert er nýtt undir sólinni. En það eru lögin sem eru aðalmálið, ekki albúmið. Öðruvísi en í Eurovision, þar sem manni virðist kjóllinn skipta orðið meira máli en lagið,“ segir Stefán. Fréttablaðið birtir á næstunni spjall við Stefán um þetta merkilega fyrirbæri sem jólalög mega teljast og nýju plötuna. **- jbg**

EIN HANDA ÞÉR Merkilegt má heita að söngvari „Jólahjóls“ skuli fyrst nú senda frá sér jólaplötu.

JAMES TAYLOR AT CHRISTMAS Sláandi lík plötu Stefáns og það er engin tilviljun enda um fyrirmyndina að ræða.

Fjármálatryllir beint úr íslenskum samtíma

- „Fantagóður krimmi.“
  ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV
- „Það er næstum ómögulegt að leggja hana frá sér.“
  GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN
- „Harðsoðinn og hressilegur fjármálaþriller, líklega fyrsta íslenska sagan af því tagi.“
  INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / WWW.BOKMENNTIR.IS
- „Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra ætti að kíkja á þessa bók.“
  GERÐUR KRISTNÝ OG KATRÍN JAKOBSDÓTTIR / MANNAMÁL, STÖÐ 2

MERGJUÐ SPENNA

Saga um hefnd, græðgi og firringu

- „Virkilega góð sakamálaflétta.“
  KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON
- „Árni bregður upp mergjuðum mannlífslýsingum í nýrri morðsögu sem gerist fyrir vestan.“
  KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
- „Leikandi og hröð … snörp hugvekja um mannleg samskipti og samfélagið í heild.“
  GEIR SVANSSON / MORGUNBLAÐIÐ
- „Þriggja morða bók … tekst ágætlega að koma manni á óvart.“
  KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV

BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin
Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

BAKÞANKAR
Páls Baldvins Baldvinssonar

Pant vera Geir

Rosalega er ég eitthvað úrræðalaus í dag. Svona hlýtur manni að líða sem er í einhverju ábyrgðarstarfinu. Mér líður eins og Geir. Þetta sést kannski eins mikið á mér og honum. Ég er að vísu ekki með aðstoðarmann eins og hann, fjallmyndarlega ljósku sem getur tekið af mér verstu símtölin. Sérfræðingar gefast mér fáir.

ÉG geri samt sem áður mitt besta til að halda í horfinu: lít steinhissa á hvern mann sem til mín leitar og svara þurrlega: „Það er ekki tímabært“, jafnvel þótt það sé út í hött, og ef viðkomandi lætur sér það ekki duga, lyfti ég bara brúnum, horfi fjarrænum augum út um næsta glugga og segi með daufu brosi: „Það er einhver misskilningur. Næsta spurning, takk fyrir.“

PANT vera Geir: Þessu fylgir nokkur doði, einkum þegar fjölgar í mótmælahópnum. Maður verður að magna upp í sér afskiptaleysið, þylja möntruna: þetta kemur ekki við mig, kemur mér ekki við, látlaust undir þungum augnlokum, þar til óróinn líður hjá og þögnin leggst aftur yfir vettvanginn. Þá er hægt að halla sér aftur í stólnum og bíða slakur eftir næstu truflun. Verst hvað það er stutt á milli þeirra þessa dagana. Bara ekki láta það ná nokkrum tökum á sér. Vill til að maður er góður í krísustjórnun. Alltaf að muna númer eitt: þær líða hjá krísurnar. Þessi gerir það líka.

VONANDI dugar þetta smáræði með eftirlaunin til að stilla eitthvað liðið. Þessi dúsa ætti að þagga niður í … skrílnum. Ég nota þetta orð bara prívat orðið. Fólk er orðið svo hörundsárt í seinni tíð. Aldeilis gott að atkvæðin mín eru á sama máli. Svona hagar fólk sér ekki. Ekki mín atkvæði. Úps. Er þá ekki bankað. Lífvörðurinn minn segist vera til. Hvert þarf ég að fara núna? Annar fundur, símtal frá útlöndum. Oh, aldrei er friður.

ÉG ER að koma. Vill til að þessir lífverðir sem Halli útvegaði okkur eru ekki mikið upp á spjallið. Eins gott að hafa þessa skratta á bærilegum launum svo þeir fari ekki að bögga mann. Þá mætti líka svara: „það er ekki tímabært, það er einhver misskilningur …“

EVRUR TIL BAKA!

NÚ FÆRÐU ALLT AÐ 500 EVRUR TIL BAKA VIÐ KAUP Á PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARPI

www.cash-back.nu

SVONA VIRKAR PHILIPS AMBILIGHT TILBOÐIÐ
Þú kaupir PHILIPS sjónvarp með Ambilight baklýsingu hjá Heimilistækjum eða söluaðilum um land allt og passar upp á kvittunina. Ferð inn á www.cash-back.nu og prentar út beiðnina. Fyllir út beiðnina og sendir til PHILIPS ásamt kvittun og raðnúmeri, sem mun svo láta millifæra peninginn á þinn reikning.

32" PHILIPS	100 evrur
37" PHILIPS	100 evrur
42" PHILIPS	200 evrur
47" PHILIPS	300 evrur
52" PHILIPS	400 evrur
PHILIPS Aurea	500 evrur

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 6. DESEMBER
HJÁ HEIMILISTÆKJUM OG SÖLUAÐILUM UM LAND ALLT

PHILIPS
sense and simplicity

REYKJAVÍK – SUÐURLANDSBRAUT 26 – SÍMI 569 1500
AKUREYRI – GLERÁRGÖTU 36 – 460 3380
HÚSAVÍK – GARÐARSBRAUT 18A – 464 1600
SELFOSS – EYRARVEGI 21 – 480 3700

Heimilistæki ht.is

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 26. nóvember, 331. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.32	13.15	15.57
Akureyri	10.33	12.40	15.21

Heimild: Almanak Háskólans